37.	— 240 lambskinn (vorlamba), einlit hvert á	»	15	36	»	30
<i>G. Ýmislegt.</i>						
38.	1 œ 6 pd. af æðardún, vel hreinsuðum, pundið á	15	25	91	50	76
39.	— 40 — — — óhreinsuðum — á	»	»	»	»	»
40.	— 120 — — fuglaftöri 10 pund —	6	14	73	68	61
41.	— 40 — — fjallagrösum — — —	»	»	»	»	»
42.	5 álnir 1 dagsverk um heyannir	2	12	50	88	42
43.	5 — 1 lambsfóður	2	82	67	68	56

Meðalverð á hverju hundraði og hverri alin í fyrtöldum landaurum verður:

<i>Eptir A. eða í friðu</i>	65	47	55
— B. — <i>i ullu, smjöri og tólg</i>	61	20	51
— C. — <i>i ullar tóvöru</i>	64	17	53
— D. — <i>í fiski</i>	67	22	56
— E. — <i>í lýsi</i>	47	25	39
— F. — <i>í skinna-vöru</i>	43	73	36
En meðalverð allra landaura samantalið	349*	4	290

og skipt með 6, sýnir:

meðalverð allra meðalverða 58 17 48

Reykjavík, 18. dag marzmán. 1878.

Bergur Thorberg. P. Pjetursson.

29
18. febr.

Stofnunarskrá

fyrir

alþýðuskóla í Flensburg.

1. grein.

Í Flensburg við Hafnarfjörð er stofnaður alþýðuskóli, af gjöf þeirri, er Þórarinn prófastur Böðvarsson í Görðum á Álptanesi og kona hans, frú Þórunn Jónsdóttir, hafa gefið til slíkrar stofnunar með brjefi, dags. 11. ágúst 1877. — Gjöf þessi er:

- a. Heimajörðin Hvaleyri í Álptaneshreppi, 18,3 hndr. að dýrleika, með öllum húsum, sem á jörðinni eru, og öllum jarðarnytjum.
- b. Skólahús í Flensburg með ofnum, borðum og bekkjum, og öllu naglföstu; útihús úr timbri og tún umgirt.

Eigur þessar eru virtar á 7500 kr., og er þar í gjöf frá kaupmanni D. A. Johnsen í Kaupmannahöfn, 400 kr., og ekkju Þórunni Sigurðardóttur, 200 kr.

29
18. febr.

Auk þessa á skólinn það, sem óinnkomið er af söluverði fyrir «Lestrabók handa alþýðu 1874», eptir skýrslu, sem útgefandinn gefur þar um stiptsyfirvöldunum.

Um skóla þennan eru samkvæmt gjafabryjefinu settar þær undirstöðuákvæðanir, sem segir í eptirfylgjandi greinum.

2. grein.

Skóli þessi á fyrst og fremst að vera barnaskóli fyrir Garðaprestakall á Álptanesi, og þar næst, eptir því sem efni og kringumstæður leyfa, almennur menntunarskóli, er gefi mönnum kost á að afla sjer þeirrar þekkingar, sem álitast má nauðsynleg hverjum alþýðumanni, er á að geta kallast vel að sjer.

3. grein.

Arðinum af eignum skólans og öðrum tekjum, er til skólans kunna að renna, skal fyrst og fremst verja til að viðhalda skólahúsinu og endurbæta það, og svo til að kaupa nauðsynleg áhöld, til að ljetta kennslukostnað, og í aðrar þarfir skólans. Jafnan skal nokkurt fje vera í sjóði. Fje skólans skal ávaxta eptir sömu reglum og ómyndugra fje.

4. grein.

Skólinn, eigur hans og tekjur skulu vera undir stjórn þriggja manna nefndar, sem stiptsyfirvöldin skipa. Nefndarmenn skipta sjálfir störfum með sjer; en að öðru leyti er engin ráðstöfun eða borgun af fje skólans gild, nema meiri hluti nefndarinnar hafi samþykkt hana.

Við lok hvers skólaárs skal skólanefndin senda stiptsyfirvöldunum skýrslu um skólan og um fjárhag hans.

5. grein.

Stiptsyfirvöld Íslands hafa yfirumsjón yfir skólanum, og setja eptir tillögum skólanefndarinnar reglugjörð fyrir skólann um allt fyrirkomulag hans og stjórn; þau gæta þess, að efnun hans sje rjettilega varið, og samkvæmt tilgangi gjafar þeirrar, sem stofnun hans er byggð á.

Stiptsyfirvöldin yfir Íslandi, Reykjavík, 18. febrúar 1878.

Bergur Thorberg P. Pjetursson.

— *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu um galla á stranduppboði.* — Eptir að jeg með þóknalegu brjefi herra amtmannsins 12. f. m. hefi meðtekið skýrslu þá, er heimtuð var af sýslumanninum í Skaptafellssýslu um uppboð það á hinu strandaða frakkneska fiskiskipi Ernest & Maria, er hann hjelt 6. apríl f. á., læt jeg þess fyrst getið, að jeg geymi að skera úr, hvort sýslumaðurinn eigi að bera ábyrgð fyrir tollinum af áfengum drykkjum þeim, er seldir voru á tjeðu uppboðsþingi, þangað til lagður verður úrskurður á tollreikning hans um árið 1877, og tjái því næst herra amtmanninum þjónustusamlega það, sem nú skal greina, til þóknlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir Árna sýslumanni Gíslasyni.

Jeg get eigi látið mjer líka það, að sýslumaðurinn hefir vanrækt að gjöra alvarlega tilraun til að búa svo um, að landssjóðurinn fengi aðflutningsgjald það, er honum bar af áfengum drykkjum, er bjargað var við áminnt strand, þar sem hann bauð þá eigi fyrst til sölu með þeim skildaga, að kaupandi skyldi skyldur að greiða hinn

30
6. marz

30 lögboðna toll; hefði þá sú orðið raunin á, að enginn vildi kaupa vörur þessar með á-
 6. marz. minnztum skildaga, hefði verið tilefni fyrir sýslumanninn til að selja þær annaðhvort
 toll-laugar, eða gegn því, að galdið væri nokkuð af tollinum, eða þá að gjöra ráðstöfun
 til að vörurnar yrðu fluttar þangað, sem óhætt væri um, að kaupendurnir gætu náð
 þeim, og þar sem því hefði mátt búast við, að þær seldust fyrir það verð, er nokkurn
 veginn samsvarandi virði þeirra. — Þá get jeg og eigi látið mjer líka, að sýslumaðurinn
 hefir sett í uppboðsskilmálana, að eigi yrði þegið minna yfirboð en 1 kr.; því að bæði
 er það, að í 18. gr. laganna um skipströnd 14. jan. 1876 er lögreglustjóra boðið að
 hafa uppboðsskilmálana svo, að þeir fæli engan frá kaupi, og í annan stað er það skylda
 hans, að gjöra allt, sem í hans valdi stendur, til þess, að stranduppboðið eigi að eins
 sýnist vera reglulegt uppboð, heldur verði það í raun og veru, eða að það verði regluleg
 sala, til þess eða þeirra, er mest vilja bjóða í vörur þær, er boðnar eru upp. En uppboðs-
 bókin ber með sjer, að af 152 uppboðsnúmerum hafa 134 númer af björguðum munum
 verið seld fyrir 1 kr. hvert og að eptir því hefir ekkert yfirboð verið gjört í þau, að 12
 númer hafa verið seld fyrir 2 kr. hvert, og að ein 6 númer hafa komizt yfir 2 kr.; enn
 fremur sjest það á uppboðsgjörðinni, að að frásildum 3 númerum, á 1 kr. hvert, hafa
 öll uppboðsnúmerin verið keypt af 2 mönnum, — og virðist auðsætt á því, að kaup-
 endurnir hafa haft samtök um, að koma eigi með yfirboð, án þess að sjed verði, að
 sýslumaðurinn, sem segist sjálfur í skýrslu sinni frá 12. nóvbr. f. á. hafa fengið ávæning
 um það, hafi reynt neitt til að leiða þeim, sem á uppboðinu voru, fyrir sjónir, að slíkt
 kæmi í bága við tilgang uppboðsins, og stefndi auk þess að því að hafa af þeim, sem
 hlut áttu í strandmununum (útgjörðarmönnum, ábyrgðarmönnum), en það er einkanlega
 skylda sýslumannsins að sjá um þeirra gagn, þegar þeir eru eigi sjálfir viðstaddir og
 enginn fyrir þeirra hönd. — Það verður og eigi kölluð góð *conduite* hjá sýslumannin-
 um, þegar hann, sem segir í skýrslu hans, heyrði við uppboðið, að presturinn á Kálfa-
 fellu hefði talið hlutaðeigendum trú um, að hann gæti tekið hina seldu muni, yrðu þeir
 eigi hirtir af fjörunni innan sólarhrings frá uppboðinu, og hótad að gjöra það, að hann
 skyldi þá eigi grennslast eptir, hvort svo hafi verið, og þá leiða prestinum fyrir sjónir, að
 slíkt háttalag væri ólöglegt og ósæmilegt, eða að hann skyldi þó eigi að minnsta kosti
 láta þennan kvitt verða sjer að tilefni til þess, að fræða alla, sem við uppboðið voru, um
 rjett þeirra á að hirða munina, sem þeir keyptu, af fjörunni.

31 — *Brjef landshöfðingjans til bæjarstjórnarinnar í Reykjavík um bæjarsjóðs-*
 6. marz. *reikninga.* — Eptir að jeg hefi yfirfarið reikning þann um tekjur og gjöld bæjar-
 sjóðs Reykjavíkur árið 1876 með endurskoðunarathugasemdum og úrskurðum á þeim, er
 mjer var sendur frá bæjarfógetanum 4. þ. m., endursendist tjeður reikningur hjer með
 ásamt 581 fylgiskjali til geymslu í skjalasafni bæjarstjórnarinnar.

Með því að reikningurinn ber það með sjer, að það 2000 kr. lán, er jeg í brjefi
 20. okt. 1875 samkvæmt 19. gr. í tilskipun 20. apríl 1872 lagði samþykki á, að bæjar-
 stjórnin mætti taka til þess að kaupa fyrir það gatnaljósker, hefir verið tekið á reikn-
 ingsárinu, en að áminnztum 2000 kr. hefir samt eigi verið varið til þess að útvega
 gatnaljósker, heldur að minnsta kosti að nokkru leyti hafðar til að standa straum af öðr-
 um kostnaði í bæjarþarfir, vil jeg leiða athygli hinnar heiðruðu bæjarstjórnar að því, að
 eins og eptir 19. grein tilvitnaðrar tilskipunar þarf samþykkis landshöfðingja til þess að
 taka lán þau, er þar ræðir um, eins mun einnig þurfa samþykkis hans til þess, að verja
 láninu til annars en þess, er samþykkið hefir verið veitt til.

Út af endurskoðunarathugasemdunum nr. 11 og 12 og úrskurðunum á þeim athugasemdum vil jeg leiða athygli bæjarstjórnarinnar að því, að óskilegt væri, að áætlunin væri þannig samín, að eigi verði nauðsynlegt að fara fram úr henni nema fyrir einhver sjerstakleg atvik, en naumast verður sagt, að því sje að skipta að því er snertir þennan reikning, þar sem, eptir því sem segir í athugasemdunum, hefir verið farið fram úr áætlun í 14 útgjaldaliðum, alls um 3689 kr. 69 a., eða um meir en 17 af hundraði af öllum útgjöldunum í áætluninni samantöldum, sem voru 21124 kr. 14 a. Raunar hefir bæjarstjórnin úrskurðað þessar fjárreiður fram yfir áætlunina samkvæmt 29. grein tilskipunarinnar, og eru þær þannig heimilaðar að því er snertir þennan reikning; en að því er snertir sumt af því, sem endurskoðunarmennirnir hafa bent á, að goltið hafi verið út umfram áætlun, og sem ekki við kemur eingöngu «kalkulatoriskum» kostnaði, þá mundi eptir minni skoðun hafa verið samkvæmara orðum og anda bæjarstjórnarlaganna, að útvega samþykki bæjarstjórnarinnar til þessara útgjalda fram yfir áætlunina, á þann hátt, sem fyrir er mælt í 18. grein tilskipunarinnar, áður en fjed var greitt úr bæjarsjóði, heldur en að fresta því þangað til reikningurinn samkvæmt 29. gr. var lagður fyrir bæjarstjórnina til úrskurðar, sem sumir bæjarfulltrúar hafa eigi mátt taka þátt í sakir þess, að þeir hafa verið svo viðriðnir útgjöld þau, er um var að tefla.

31

— *Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um styrk handa barnaskólum.* — Eptir að jeg með þóknanlegu brjefi frá 9. þ. m. hefi meðtekið álit stiptsyfirvaldanna um bónarbrjef þau frá stjórnendum barnaskólanna á Eyrarbakka og á Vatsleysuströnd, er hingað höfðu borizt, um styrk af fje því, er veitt er í 13. gr. C. 6. í fjárlögum 19. oktbr. f. á., og um eptirlit það frá hálfu valdstjórnarinnar, er hafa ber með slíkum skólum, þegar þeim er veittur styrkur úr landssjóði, læt jeg stiptsyfirvöldunum hjer með þjónustusamlega tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeigendum, að jeg hef veitt barnaskólum þessum sinn 200 króna styrkinn hvorum um árið 1878, og eru stiptsyfirvöldin beðin að afhenda hlutaðeigendum hjálagðar ávísanir fyrir fje þessu.

32
12. marz.

Auk þess er hjer með sett það skilyrði fyrir því, að barnaskólum þeim, er getur um í 13. gr. C. 6 í fjárlögnum, verði veittur styrkur af áminnztu fje eptirleiðis, að stjórnendur skólans sendi stiptsyfirvöldunum eptirrit af reglugjörð hans, og í lok hvers skólaárs skýrslu um hagi skólans hið umliðna ár, um það, hvernig kennslunni hefir verið hagað, hvað mörg börn hafi gengið í skólann, um próf þau, er haldin hafa verið í skólanum og tilhöggun á þeim, og enn fremur um efnahag skólans, tekjur hans og gjöld; og eiga skýrslur þessar að vera svo greinilegar, að sjeð verði, að hve miklu leyti skólinn þarf styrks úr landssjóði og verðskuldar hann.

— *Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um kirkju-vísitaziulaun prófaste.* — Stiptsyfirvöldin hafa með heiðruðu brjefi dags. 9. þ. m. lagt undir minn úrskurð fyrirspurn frá prófastinum í Snæfellsnessýslu um það, hvort honum beri eigi 20 álnir í vísitaziulaun í hvert skipti af Ingjaldshólskirkju, sem er eign landssjóðsins, hvort sem kirkja þessi hefir 12 rd. (24 kr.) eða meira umfram nauðsynlegan tilkostnað á ári, og læt jeg stiptsyfirvöldunum hjer með tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeiganda, að reglan um vísitaziulaun prófaste í 5. gr. tilskipunar 27. jan. 1847 um tekjur presta og kirkna tekur yfir allar kirkjur landsins, hvort sem þær eru eign landssjóðsins eða eigi.

33
15. marz.

34 — *Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um eptirlaun prestsekkju.* —
 15. marz. Stiptsyfirvöldin hafa með heiðruðu brjefi 9. þ. m. sent mjer bónarbrjef frá ekkju sira Jóns Norðmanns á Barði í Skagafjarðarsýslu, um að fá tiltölulegan hluta, t. d. þriðjung, af varphólma, er prestsetri þessu fylgir (Barðshólma), til afnota æfilangt, af því að maður hennar sálugi hafi með miklum tilkostnaði aukið svo æðarvarp í hólma þessum, að nú fái af honum 12—16 pd af hreinsuðum æðardún, í staðinn fyrir 2 pd, er hann kom að brauðinu 1849, — og læt jeg stiptsyfirvöldunum hjer með tjáð það er nú skal greina, til þókn-anlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir beiðanda.

Með því að ekkju-pensión sú, er beiðanda ber af brauðinu, er ákveðin samkvæmt tilskipun 15. desbr. 1865, 5. grein, og eigi verður lagt á brauðið eða prestinn, sem nú er skipaður í það, neitt gjald í þessu skyni um fram hið lögákveðna, verður bæn þessi eigi veitt. Eigi sje jeg mjer heldur fært að aðhyllast tillögur stiptsyfirvaldanna og veita beiðanda endurgjald af fje því, er í 15. gr. fjárlaganna er ætlað til eflingar verklegra fyrirtækja, með því að fje þetta er eigi veitt í því skyni, að það skuli haft í verðlaun eða endurgjald fyrir búnaðarframkvæmdir, er gjörðar hafa verið á löngu tímabili, og þannig, að tilkostnaðurinn hefir annars vegar eigi verið of vaxinn mætti hlutaðeiganda, og hefir á hinn bóginn fengizt endurgoldinn að öllu eða miklu leyti með auknum arði meðan á verkinu stóð eða undir eins og því var lokið, svo sem ætla má að átt hafi sjer stað um verk það, er hjer ræðir um, eptir því sem stiptsyfirvöldin láta í ljósi, — heldur í því skyni, að því sje varið til að styrkja menn svo, að þeim verði fært að koma fram kostnaðarsömum fyrirtækjum, sem að öðrum kosti mundi eigi framgengt verða, eða eigi er að búast við að borgi sig fyr en eptir langan tíma; og til þess að hvetja menn til slíkra fyrirtækja.

35 — *Brjef ráðgjafans yfir Íslandi til landshöfðingja um greiðslu á prests*
 9. jan. skyldu. — Með þóknanlegu brjefi 16. nóvbr. f. á. hafið þjer, herra landshöfðingi, sent hingað bónarbrjef frá sóknarpresti Reynistaðarklausturs, síra M. Thorlacius, um, að prestskylda sú, er honum ber af klaustrinu, og hingað til hefir verið borguð honum að helmingi í smjöri og hinn helmingurinn í eingirnissokkum, verði eptirleiðis goldin honum í peningum eptir meðalalin verðlagsskrár, og getið þess, að biskupinn hafi mælt með beiðni þessari, skírskotað til þess, að áþekkt leyfi hafi verið veitt, að því er snertir nokkur klaustrabrauð önnur, og lagt það til, að bænin verði veitt, þannig, að áminnt breyting á greiðslu umgetinnar prestskyldu öðlist gildi í næstu fardögum.

Út af þessu skal yður þjónustusamlega tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar, meðal annars fyrir hlutaðeigandi endurskoðanda, að tillögur yðar eru hjer með samþykktar.

EMBÆTTASKIPAN M. FL.

Hinn 5. f. m. setti landshöfðingi praktiserandi lækni A. Tegner til þess að gegna hjerads-lækniss törfum í 5. læknishjeraði (Barðastrandarsýslu, að frá skilinni Flateyjarsókn, Reykhólasveit og Garpsdalssókn) frá 1. þ. m. fyrst um sinn þangað til fengist álit sýslunefndarinnar þar að lútandi.

ÓVEITT EMBÆTTI

Sandfell í Örfæm í Austur-Skaptafellsprófastsdæmi, met. 223 krónur 85 aura; auglýst 30. jan. þ. á. Veitist brauð þetta fyrir 31. ágúst þ. á., og verði presturinn farinn að þjóna því samsumars, fær hann 400 kr. uppþót á ári úr landssjóði.

HEIÐURSMERKI OG NAFNBÓT.

Hinn 23. f. m. hefir hans hátign konunginum allramildilegast þóknazt að söma Ásgeir alþingismann Einarsson á Þingeyrum í Húnavatnssýslu heiðursmerki damnebrogsmanna, og s. d. að gjöra proprietair Ara Arason á Flugumýri í Skagafjarðarsýslu að kanseliráði með lögtign í 7. flokki nr. 1.

— *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um kirkju í Stykkishólmi.* — Samkvæmt allraþegnlegustum tillögum ráðgjafans, frambornum að fengnu þóknanlegu brjefi yðar herra landshöfðingi, dagsettu 20. október f. á., hefir hans hátign konunginum allramildilegast þóknast að fallast á, að reist sje kirkja í Stykkishólmi, að undir eins og hin nýja kirkja í Stykkishólmi er komin upp, sje Helgafellssókn í Snæfellsnessýslu í vesturumdæmi Íslands skipt í tvær kirkjusóknir, þannig, að til kirkjunnar í Stykkishólmi leggist allur verzlunarstaðurinn Stykkishólmur ásamt Grunnasundsnesi, Ási, Viðvík, Búðarnesi og Hjallatanga, Ögri, Skoreyjum, Bíldsey, Fagurey, Elliðaey, Sellóni, Saurlátri, Þormóðsey og Höskuldsey, og enn fremur þessar eyjar, sem nú eru óbyggðar: Kíðey, Melrakkaey og Vaðstakksey, og að venjuleg kirkjugjöld frá þessum býlum falli til kirkjunnar í Stykkishólmi, en hinn hluti Helgafellssóknar, sem nú er, skuli eptirleidis eiga kirkjusókn að Helgafelli og vera sókn út af fyrir sig, og að sóknarpresti Helgafells- og Bjarnarhafnarsafnaða sje gjört að skyldu að embætta þriðja hvern helgan dag í Stykkishólmi.

Þetta er eigi látið undan falla að tjá yður þjónustusamlega, herra landshöfðingi, til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar.

— *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um lán handa prestakalli.* — Út af bónarbrjefi frá sóknarprestinum að Prestsbakka í Strandasýslu, sira Brandi Tómassyni, um, að brauðinu yrði veitt 1200 króna lán úr viðlagasjóði til ýmsra jarðabóta á prestssetrinu, er búið sje að byrja á, og einkum til að auka þar æðarvarp, með þeim kjörum, að greiddir sjeu 4 af hundraði í vöxtu á ári, og lánið borgað þannig, að $\frac{1}{20}$ þess eða 60 kr. lúkist á ári, hafið þjer, herra landshöfðingi, í þóknanlegu brjefi 20. nóvbr. f. á. lagt það til, að bæn þessi verði veitt, þannig, að yður verði fengið umboð til að veita Prestsbakkabrauði allt að 1200 kr. láni úr viðlagasjóði, þegar búið sje að halda skoðunargjörð á jarðabótum þeim, sem búið er að vinna, og fengin áætlun um það, sem eptir er óunnið, með þeim kjörum, að greiddir sje 4 af hundraði í vöxtu og lánið borgað aptur með $\frac{1}{12}$ eða 100 kr. á ári.

Út af þessu skal hjer með þjónustusamlega tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar, að beiðni þessi veitist eptir atvikum, með þeim kjörum, er þjer hafið tiltekið, herra landshöfðingi, og er vonast eptir þóknanlegri skýrslu frá yður á sínum tíma um, hvað mikið lánið verður.

— *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um að hin sjerstaklega lögreglustjórn í fjárkláðamálinu skuli lögð niður.* — Með því að það sjest á skýrslu yðar, herra landshöfðingi, í þóknanlegu brjefi 4. desbr. f. á., að heilbrigðisástand sauðfjenaðarins í suðuramtinu hefir þá verið svo gott, að þjer hafið eigi hikað við, að veita Jóni ritara Jónssyni orlof til að vera erlendis í vetur, og að fela hlutaðeigandi sýslumönnum á hendur, að hafa nauðsynlegt eptirlit með fjenu, verður ráðgjafinn að álíta rjettast, hafi engin veruleg breyting á orðið í vetur, að láta nú hið sjerstaklega eptirlit, er samkvæmt erindisbrjefi frá konungi, dags. 26. septbr. 1876, hefir verið falið nefndum Jóni ritara Jónssyni, hætta algjörlega, þannig, að hlutað-

Hinn 27. marz 1878.

38 eigandi sýslumenn takist aptur á hendur hið lögakveðna eptirlit með heilbrigðisástandi fjárins, og biður ráðgjafinn yður því þjónustusamlega, herra landshöfðingi, að gjöra þær ráðstafanir í því efni, sem á þarf að halda, sje eigi þegar búið að því samkvæmt heimild þeirri, er yður var veitt með brjefi ráðgjafans 2. nóvbr. f. á., og að annast jafnframt um, að framangreint erindisbrjef verði sent ráðgjafanum til ónýtingar.

39

Verðlagsskrá
sem gildir fyrir

Mýra, Snæfellsnes- og Hnappadals og Dalasýslur
frá miðju maímánaðar 1878 til sama tíma 1879.

		Krónumynt		Hundrað		Alin.
		Kr.	Aur.	Kr.	Aur.	Aur.
<i>A. Fridur peningur :</i>						
1.	1 œ 1 kýr, 3 til 8 vetra, sem beri frá miðjum október til nóvembermánaðaðarloka, í fardögum á	94	63	94	63	79
2.	— 6 ær, 2 til 6 vetra, loðnar og lembdar í fardögum hver á	13	2	78	12	65
3.	— 6 sauðir, 3 til 5 vetra, á hausti	18	12	108	72	91
4.	— 8 sauðir, tvævetrir	14	71	117	68	98
5.	— 12 — veturgamlir	10	43	125	16	104
6.	— 8 ær geldar	12	95	103	60	86
7.	— 10 — mylkar	8	90	89	"	74
8.	— 1 áburðarhestur, taminn, 5 til 12 vetra, í fardögum á	68	77	68	77	57
9.	— 1 $\frac{1}{3}$ hryssa, á sama aldri hver á	56	85	75	80	63
<i>B. Ull, smjör og tólg:</i>						
10.	1 œ 120 pd. af hvíttri ullu, vel þveginni 1 pund á	"	80	96	"	80
11.	— 120 — af mislitri — — — — —	"	59	70	80	59
12.	— 120 — af smjöri, vel verkuðu — — —	"	65	78	"	65
13.	— 120 — af tólg, vel bræddri	"	37	44	40	37
<i>C. Tóvara af ullu:</i>						
14.	1 œ 30 pd. hespugarns, 3 til 6 hespur í pundi, haldi hver hespa 11 skreppur, en hver skreppa 44 þræði 1 pund á	"	"	"	"	"
15.	— 60 pör eingirnissokka 1 par á	"	60	36	"	30
16.	— 30 — tvíbands-gjaldsokka	1	19	35	70	30
17.	— 180 — sjóvetlinga	"	19	34	20	29
18.	— 20 eingirnispesur hver á	3	31	66	20	55
19.	— 15 tvíbands-gjaldpesur	5	52	82	80	69
20.	— 120 álnir gjaldvoðarvaðmáls álnarbreiðs 1 alin á	1	48	177	60	148
21.	— 120 — einskeptu, 1 al. til 5 kv. breiðrar — — —	1	12	134	40	112
<i>D. Fiskur:</i>						
22.	1 œ 6 vættir af saltfiski, vel verkuðum 1 vætt á	14	23	85	38	71
23.	— 6 — — harðfiski — — — — —	14	43	86	58	72
24.	— 6 — — þyrsklingi.	12	17	73	2	61
25.	— 6 — — ýsu, hertri	11	40	68	40	57
26.	— 6 — — hákarli hertum	11	2	66	12	55

					Krónumynt.		Hundrað		Alin.
					Kr.	Aur.	Kr.	Aur.	Aur.
<i>E. Lýsi:</i>									
27.	1	1	tunna (120 pt.)	hvalslýsis	8	pottar á			
28.	—	1	—	hákarlslýsis	—	—	3	18	47 70 40
29.	—	1	—	selslýsis	—	—	3	28	49 20 41
30.	—	1	—	þorskalýsis	—	—	2	69	40 35 34
<i>F. Skinnavara:</i>									
31.	1	4	fjórðungar	nautskinn	10	pund á	16	26	65 4 54
32.	—	6	—	kýrskinn	—	—	13	58	81 48 68
33.	—	6	—	hross-skinns	—	—	11	21	67 26 56
34.	—	8	—	sauðskinn, af tvævetrum og eldri	—	—	8	52	68 16 57
35.	—	12	—	sauðskinn, af veturgömlum ám	—	—	5	70	68 40 57
36.	—	6	—	selskinns	—	—	11	97	71 82 60
37.	—	240	—	lambskinn (vorlamba) einlit	—	—	»	21	50 40 42
<i>G. Ýmislegt:</i>									
38.	1	6	pd. af	œðardúni, vel hreinsuðum, pundid á	14	95	89	70	75
39.	—	40	—	— óhreinsuðum	—	—	3	38	135 20 113
40.	—	120	—	fuglafíðri	10	pund á	7	84	94 8 78
41.	—	40	—	fjallagrösom	—	—	1	92	7 68 6
42.	5	álnir,	1	dagsverk um heyannir	2	60	62	40	52
43.	—	—	1	lambsfóður	4	53	108	72	91
							438	17	364
Meðalverð á hverju hundraði og hverri alin í nefndum landaurum verður:									
<i>Eptir A. eða í fríðu</i>							95	72	80
<i>— B. — í ullu, smjöri og tólg</i>							72	30	60
<i>— C. — í ullartóvöru</i>							80	99	67
<i>— D. — í fiski</i>							75	90	63
<i>— E. — í lýsi</i>							45	75	38
<i>— F. — í skinnavöru</i>							67	51	56
En meðalverð allra landaura samantalið							438	17	364
og skipt með 6, sýnir:							73	3	61
meðalverð allra meðalverða . .									

Reykjavík, 23. dag marzmán. 1878.

Bergur Thorberg. P. Pjetursson.

Verðlagsskrá
sem gildir fyrir
Barðastrandar- og Strandassýslur
frá miðju maímánaðar 1878 til sama tíma 1879.

		í peningum.		Hundrað á		Alin.
		Kr.	Aur.	Kr.	Aur.	Aur.
<i>A. Friður peningur:</i>						
1.	1 c 1 kýr, 3 til 8 vetra, sem beri frá miðjum október til nóvembermánaðarloka, í fardögum á	100	47	100	47	84
2.	— 6 ær, 2 til 6 vetra, loðnar og lembdar, í fardögum hver á	14	18	85	8	71
3.	— 6 sauðir, 3 til 5 vetra, á hausti	18	31	109	86	92
4.	— 8 — tvævetrir	14	22	113	76	95
5.	— 12 — veturgamlir	10	61	127	32	106
6.	— 8 ær geldar	14	7	112	56	94
7.	— 10 — mylkar	9	65	96	50	80
8.	— 1 áburðarhestur, taminn, 5 til 12 vetra, í fardögum á	73	30	73	30	61
9.	— 1 $\frac{1}{3}$ hryssu, á sama aldri hver á	57	82	77	9	64
<i>B. Ull, smjör og tólg.</i>						
10.	1 c 120 pd. af hvítri ulla, vel þveginni, pundið á	»	79	94	80	79
11.	— 120 — af mislitri ulla, vel þveginni — -	»	54	64	80	54
12.	— 120 — af smjöri, vel verkuðu	»	68	81	60	68
13.	— 120 — af tólg, vel bræddri	»	47	56	40	47
<i>C. Tóvara af ulla.</i>						
14.	1 c 30 pd. hespugarns, 3 til 6 hespur í pundi, haldi hver hespa 11 skreppur, en hver skreppa 44 þræði pundið á	»	»	»	»	»
15.	— 60 þör eingirnissokka parið á	»	51	30	60	26
16.	— 30 — tvíbands-gjaldsokka — -	»	86	25	80	22
17.	— 180 — sjövetlinga — -	»	22	39	60	33
18.	— 20 eingirnispesur hver á	3	1	60	20	50
19.	— 15 tvíbands-gjaldpesur — -	4	90	73	50	61
20.	— 120 álnir gjaldvoðarvaðmáls, álnar breiðs, 1 alin -	1	46	175	20	146
21.	— 120 — einskeptu, 1 al. til 5 kv. breiðrar - - -	1	11	133	20	111
<i>D. Fiskur.</i>						
22.	1 c 6 vættir af saltfiski, vel verkuðum, vættin á	14	79	88	74	74
23.	— 6 — af harðfiski, — — —	12	70	76	20	64
24.	— 6 — - þyrsklingi, — — —	10	95	65	70	55
25.	— 6 — - ýsu, hertri — -	10	32	61	92	52
26.	— 6 — - hákarli, hertum — -	9	18	55	8	46
<i>E. Lýsi.</i>						
27.	1 c 1 tunna (120 pt.) hvalslýsis 8 pottará	»	»	»	»	»
28.	— 1 — — - hákarlslýsis — -	3	4	45	60	38
29.	— 1 — — - selslýsis — -	2	86	42	90	36
30.	— 1 — — - þorskalýsis — -	2	51	37	65	31

					í peningum.		Hundrað á		Alin.
					Kr.	Aur.	Kr.	Aur.	Aur.
F. Skinnavara.									
31.	1	4	fjórðungar	nautsinn	13	71	54	84	46
32.	—	6	—	kýrskinn	11	49	68	94	57
33.	—	6	—	hrossskinn	10	15	60	90	51
34.	—	8	—	sauðskinn, af tvævetrum og eldri	7	90	63	20	53
35.	—	12	—	sauðskinn, af veturgömlum og ám	6	15	73	80	62
36.	—	6	—	selskinn	10	48	62	88	52
37.	—	240	—	lambskinn (vorlamba), einlit	"	22	52	80	44
G. Ýmislegt.									
38.	1	6	pd.	af æðardún, vel hreinsuðum, pundið á	14	34	86	4	72
39.	—	40	—	— óhreinsuðum á	5	"	200	"	167
40.	—	120	—	— fuglafiðri 10 pund -	6	51	78	12	65
41.	—	40	—	— fjallagrös - - -	1	99	7	96	7
42.	5	á	—	áltnir 1 dagsverk um heyannir	2	17	52	8	43
43.	5	—	—	— lambsfóður	4	89	117	36	98

Meðalverð á hverju hundraði og hverri alin í fyrtöldum landaurum verður:

<i>Eptir</i> A. eða í fríðu	99	55	83
— B. — í ullu, smjöri og tólg	74	40	62
— C. — í ullartóvöru	76	87	64
— D. — í fiski	69	53	58
— E. — í lýsi	42	5	35
— F. — í skinna-vöru	62	48	52

En meðalverð allra landaura samantalið

424 88 354

og skipt með 6, sýnir:

meðalverð allra meðalverða . 70 81 59

Reykjavík, 22. dag marzmán. 1878.

Bergur Thorberg. P. Pjetursson.

Verðlagsskrá

sem gildir fyrir

Ísafjardarsýsla og Ísafjardarkaupstað

frá miðju maímánaðar 1878 til sama tíma 1879.

					í peningum.		Hundrað á		Alin.
					Kr.	Aur.	Kr.	Aur.	Aur.
A. Fríður peningur:									
1.	1	1	kýr,	3 til 8 vetra, sem beri frá miðjum oktober til nóvembermánaðarloka, í fardögum, á	112	57	112	57	94
2.	—	6	ær,	2 til 6 vetra, loðnar og lembdar, í fardögum hver á	15	89	95	34	79
3.	—	6	sauðir,	3 til 5 vetra, á hausti	19	23	115	38	96
4.	—	8	—	tvævetrir	15	84	126	72	106
5.	—	12	—	veturgamlir	11	44	137	28	114

41

		í peningum.		Hundrað á		Alin.
		Kr.	Aur.	Kr.	Aur.	Aur.
6.	1 c 8 ær geldar á hausti hver á	15	63	125	4	104
7.	— 10 — mylkar — — — — —	9	40	94	»	78
8.	— 1 áburðarhestur, taminn, 5 til 12 vetra, í fardögum á	75	12	75	12	63
9.	— $1\frac{1}{3}$ hryssu, á sama aldri hver á	62	15	82	87	69
<i>B. Ull, smjör og tólg:</i>						
10.	1 c 120 pd. af hvíttri ullu, vel þveginni, pundið á	»	74	88	80	74
11.	— 120 — - mislitri — — — — —	»	54	64	80	54
12.	— 120 — - smjöri, vel verkuðn . . — — —	»	80	96	»	80
13.	— 120 — - tólg, vel bræddri . . . — — —	»	55	66	»	55
<i>C. Tóvara af ullu:</i>						
14.	1 c 30 pund hespugarns, 3 til 6 hespur í pundi, haldi hver hespa 11 skreppur, en hver skreppa 44 þræði pundið á	»	60	18	»	15
15.	— 60 þör eingirnissokka parið á	»	54	32	40	27
16.	— 30 — tvíbands-gjaldsokka . . — — —	1	9	32	70	27
17.	— 180 — sjövetlinga — — — —	»	26	46	80	39
18.	— 20 eingirnispéisur hver á	4	86	97	20	81
19.	— 15 tvíbands-gjaldpeisur — — —	8	27	124	5	103
20.	— 120 álnir gjaldvoðar-vaðmáls álnarbreiðs 1 alin á	1	44	172	80	144
21.	— 120 — einskeptu, 1 al. til 5 kv. breiðrar — — —	1	10	132	»	110
<i>D. Fiskur:</i>						
22.	1 c 6 vættir af saltfiski, vel verkuðum, vættin á	15	42	92	52	77
23.	— 6 — - harðfiski — — — — —	13	99	83	94	70
24.	— 6 — - þyrsklingi, — — — — —	11	21	67	26	56
25.	— 6 — - ýsu, hertri — — — —	10	29	61	74	51
26.	— 6 — - hákarli hertum — — — —	11	79	70	74	59
<i>E. Ljói:</i>						
27.	1 c 1 tunna (120 pt.) hvalslýsis . . 8 pottar á	2	42	36	30	30
28.	— 1 — — — hákarlslýsis . . 8 — — —	2	99	44	85	37
29.	— 1 — — — selslýsis . . 8 — — —	2	71	40	65	34
30.	— 1 — — — þorskalýsis . . 8 — — —	2	55	38	25	32
<i>F. Skinnavara:</i>						
31.	1 c 4 fjórðungar nautskinn . . . 10 pund á	13	75	55	»	46
32.	— 6 — — — kýrskinn . . . — — — —	12	65	75	90	63
33.	— 6 — — — hrossskinn . . . — — — —	11	32	67	92	57
34.	— 8 — — — sauðskinn, af tvævetrum og eldri — — — —	10	81	86	48	72
35.	— 12 — — — sauðskinn, af veturgömlum og ám — — — —	9	47	113	64	95
36.	— 6 — — — selskinn . . . — — — —	11	67	70	2	58
37.	— 240 lambskinn (vorlamba), einlit hvert á	»	16	38	40	32

		í peningum		Hundrað		Alin.		
		Kr.	Aur.	Kr.	Aur.	Aur.		
<i>G. Ýmislegt:</i>								
38.	1 σ	6 pd.	af æðardúni, vel hreinsuðum, pundið á	16	9	96	54	80
39.	—	40	— — — — — óhreinsuðum — —	2	24	89	60	75
40.	—	120	— — fuglafíðri 10 pund á	7	68	92	16	77
41.	—	40	— — fjallagrösum — — —	1	95	7	80	7
42.	5	álnir,	1 dagsverk um heyannir	2	92	70	8	58
43.	5	—	1 lambsfóður	4	58	109	92	92

Meðalverð á hverju hundraði og hverri alin í fyrtöldum landaurum verður:

<i>Eptir A. eða í fríðu</i>	107	15	89
— <i>B. — í ullu, smjöri og tólg</i>	78	90	66
— <i>C. — í ullartóvöru</i>	81	99	68
— <i>D. — í fiski</i>	75	24	63
— <i>E. — í lýsi</i>	40	1	33
— <i>F. — í skinnavöru</i>	72	48	60
En meðalverð allra landaura samantalið	455	77	379
og skipt með 6 sýnir:			
meðalverð allra meðalverða . . .	75	96	63

Reykjavík, 23. dag marzmán. 1878.

Bergur Thorberg. P. Pjetursson.

— *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um* 42
22. marz.
læknissetur. — Eptir að sýslunefnd Húnavatnssýslu hefir lagt á það samþykki sitt, er fyrirmælunum í landshöfðingjabrjefi 16. oktbr. f. á. um aðsetur hjeraðslæknisins í 8. læknishjeradi hjer með breytt á þá leið, að hjeraðslækninum, sem nú er, P. J. Halldórssyni, er leyft að sitja sína embættistíð á jörðunni Klömbur í Vesturhópi.

Þetta er hjer með tjáð yður, herra amtmaður, til þóknarlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar fyrir hlutaðeigendum.

— *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um* 43
23. marz.
skilning á verzlunar- og siglingalögum. — Í brjefi 24. nóvbr. f. á. hefir sýslumaðurinn í Norður-Múlasýslu skýrt frá, að í hans embættistíð hafi 4 ensk gufuskíp komið svo til Seyðisfjarðar, að sökja sláturfje, að þau hafi eigi farið inn á Eskifjörð áður, og að hann hafi afgreitt þau án þess að skipa þeim að fara fyrst inn á Eskifjörð, með því að hann hafi haldið, að fyrirmæli 3. greinar í lögum um verzlun og siglingar á Íslandi 15. apríl 1854 væri óbeinlínis af numin með nýrri lagafyrirmælum, einkum tilsk. 12. febr. 1872 og lögum 17. desbr. 1875, er leyfi öllum útlendum fiskiskipum að koma á hvaða höfn sem þau vilja til þess að kaupa nauðsynjar sínar, án þess að sigla áður upp einhverja þeirra 6 hafna, er til eru teknar í lögum 15. apríl 1854, 2. gr., jafnvel þótt lög þessi ættu og við um fiskiskip, eptir því sem segir í dómsmálastjórnarbrjefi 14. júlí 1859, — og lagt undir minn úrskurð, hvort þessi skilningur hans á verzlunarlögum sje rjettur.

43
23. marz. Út af þessu vil jeg hjer með þjónustusamlega biðja yður, herra amtmaður, að tilkynna sýslumanninum það, er nú skal greina.

Það leiðir af eðli hlutarins og almennum reglum um gildi laga, að það eitt er eigi einhlítt til að fella úr gildi önnur eins lagafyrirmæli og þau í 3. gr. laganna 15. apríl 1854, að yngri lög minnka ríki þeirra, eða undanskilja eitthvað, sem áður hefir heyrt undir þau; eða, með öðrum orðum, að slík lagafyrirmæli verða eigi álitin svo sem þegjandi eða óbeinlínis numin úr gildi, nema því að eins, að hin yngri lög nemi burt öll þau skilyrði, er eldri lögin hafa verið byggð á. En því fer svo fjarri um tilskipun 12. febr. 1872 og lög 17. desbr. 1875 í sambandi þeirra við áminnzta 3. gr. í lögum 15. apríl 1854, að þau leyfa engan veginn öllum útlendum fiskiskipum að sigla upp allar aðrar hafnir hjer á landi, án þess að koma áður við á einhverri af þeim 6 höfnum, sem nefndar eru í 2. gr. í lögum 15. apríl 1854, heldur leyfa að eins útlendum fiskimönnum er stunda fiskiveiðar við strendur landsins, að leita hjer hafnar í neyð sinni. En hve nær sem öðruvísi stendur á, verður að beita reglunni í lögum 15. apríl 1854, og það þótt útlend fiskiskip eigi í hlut, og eins um þau skip, er koma hingað beina leið frá útlöndum annaðhvort til að sækja aflann frá fiskiskipunum sjálfum, eða til að færa þeim eða sjávarútvegsmönnum vörur, sem heyra til útvegsins. Þegar svo ber undir, að kaupskip eða eitthvert fiskiskip, sem getur um í tilsk. 12. febr. 1872 og lögum 17. desbr. 1875, gjörst brotlegt gegn fyrirmælum 3. greinar í lögum 15. apríl 1854, og engin neyð er á ferðum, sem þar ræðir um, er sjálfsagt, að það á að láta hlutaðeiganda sæta ábyrgð fyrir það samkvæmt 9. grein þeirra laga.

44
29. jan. — *Brief ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um lán til að byggja upp kirkju.* — Út af því, að sóknarpresturinn að Saurbø á Hvalfjarðarströnd, sira Þorvaldur Böðvarsson, hefir sótt um, að sjer yrði veitt 1000 króna lán til að byggja timburkirkju í tjeðu prestakalli, svo sem stiptsyfirvöldin höfðu veitt honum ádrátt um 6. janúar 1873, hafið þjer, herra landshöfðingi, í þóknanlegu brjefi 13. nóvbr. f. á. lagt það til, að veitt sje Saurbøjarprestakalli í þessu skyni 1000 króna lán úr viðlagasjóði, með þeim kjörum, að greiddar sjeu 80 krónur á ári í vöxtu og upp í höfuðstólinn, og verður þá lánið að fullu lokið á 18 árum.

Út af þessu skal hjer með þjónustusamlega tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar, birtingar og frekari ráðstöfunar, að tillögur yðar eru hjer með samþykktar.

ÓVEITT EMBÆTTI.

Brauðid Vellir í Svarfaðardal í Eyjafjarðarprófastsdoemi, met. kr. 992,14; augl. 23. þ. m.
Brauðid Ás í Fellum í Norður-Múlaþrófastsdoemi, met. kr. 742,35; augl. s. d.

Stjórnartíðindin, báðar deildir, A og B, má panta á skrifstofu landshöfðingja og öllum póststöðvum á landinu. Borgunin fyrir þau öll er 1 kr. 66 a. um árið, og verður að greiða hana fyrir fram, um leið og tíðindin eru pöntuð. Um undanfarin ár, 1874—1877, eru Stjórnartíðindin eigi til öðru vísi en hept, og kosta þá 1 kr. 90 a. árgangurinn, nema sá um árið 1874; hann kostar ekki nema 95 aura.

— *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um fyrirhuguð störf Sveins búfræðings Sveinssonar sumaríð 1878.* **45**
20. marz.

— Samkvæmt tillögum herra amtmannsins í þóknanlegu brjefi 12. jan. þ. á. hefi jeg veitt það, að þjer, herra amtmaður, og amtsráðið í norður- og austurumdæminu, ráðið störfum Sveins Sveinssonar búfræðings þetta ár, og er sjer í lagi svo tilætlazt, að hann standi fyrir uppþurrkun á Staðarbyggðarmýrum, og að hann auk þess ferðist um í umdæminu til þess að láta mönnum í tje leiðbeiningu og tilsögn í jarðabótum og öðrum búnaðarverkum. Eptir samningi þeim, er gjörður hefir verið við Svein Sveinsson, bera honum þetta ár 800 króna laun og ókeypis fararbeiði á ferðum hans í hjeraði og víðurværi ókeypis hjá þeim, er nota tilsögn hans; og ber amtmanni að greiða tjeð árslaun um árið 1878, annaðhvort með tje því, sem veitt er í 10. gr. C 5 í fjárlögum, eða með því að láta þá, sem nota aðstoð hans, greiða eitthvert endurgjald fyrir það í amts-sjóð.

Jeg mun gjöra ráðstöfun til, að Sveinn Sveinsson, er nú sem stendur dvelur í Skotlandi, komi til Akureyrar með fyrstu ferð póstgufuskipsins Díönu í maímán þ. á.

— *Brjef landshöfðingja til landlæknis um heimildarlausu lyfjaverzlun.* **46**
26. marz.

Ráðgjafinn fyrir Ísland hefir 10. janúar þ. á. ritað mjer á þessa leið:
«Hið konunglega heilbrigðisráð hefir sent hingað kæruskjal frá eiganda lyfjabúðarinnar í Reykjavík, N. S. Krüger, ásamt ummælum Hjaltalíns landlæknis, út af því, að kaupmenn þar verzli með lyfjavörur, og fer hann fram á, að lagt verði bann við því.

Út af þessu er fyrst að geta þess, að með því að tilsk. 4. desbr. 1672 gildir á Íslandi, sbr. enn fremur kanselibrjef 16. septbr. 1797, virðist eigi þörf á nýju banni gegn heimildarlausri lyfjaverzlun, og þar næst skal vísað til þess, að samkvæmt instr. 25. febr. 1824 er landlækni lögð á herðar sú skylda, að líta eptir, að fyrirmælum þessum sje hlýtt; er því málið hjer með þjónustusamlega sent yður, herra landshöfðingi, til frekari þóknanlegrar ráðstafanar».

Um leið og yður er tjáð þetta, herra landlæknir, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir Krüger lyfsala, vil jeg samkvæmt 18. gr. í landlæknis-instrúxi 25. febrúar 1824 hjer með þjónustusamlega biðja yður að hafa lögboðið eptirlit á, að enginn, er eigi hefir heimild til þess, reki nokkra verzlun með læknislyf og eituregundir. Fáíð þjer, herra landlæknir, annaðhvort frá lyfsölunum eða á annan hátt vitneskju um slíka heimildarlausu verzlun, verðið þjer samkvæmt nefndu instrúxi að snúa yður til hlutadeigandi yfirvalds, og er það skylda þess að láta rannsaka málið, og reynist sökin sönn, þá að láta taka sekt þá, er við því liggur, og framkvæma hina lögakveðnu hegningu fyrir brotið.

Sömuleiðis vil jeg biðja yður um að brýna fyrir hjeraðslæknunum að gæta samsvarendi fyrirmæla í 17. gr. instrúxins fyrir hjeraðs-kfúruga, dags. 25. febr. 1824.

— *Auglýsing landshöfðingja um þjónustufrímerki.* — Hjer með auglýsist, **47**
að upp frá þessu verða 5-aura þjónustufrímerki fánleg á öllum póststöðvum á landinu. 30. marz.

— *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu um styrk til jarðabóta.* — Að meðteknu þóknanlegu brjefi yðar, herra amtmaður, **48**
dags. 15. f. m., er yður hjer með þóknanlega tjáð það er nú skal greina, út af bænar-
Hinn 27. apríl 1878.

48 30. marz. skrá, er hingað hefir borizt, frá Búnaðarfelagi suðuramtsins, um að það fái nú þegar til umráða að minnsta kosti 1800 kr. af fje því, sem veitt er þetta ár í 10. gr. C 5 í fjárlögum 19. oktbr. f. á., og ætlar það að verja því til ýmsra fyrirtækja, sem til greind eru í bænarskránni.

Eptir tillögum amtmannsins í norður- og austurumdæminu hefi jeg veitt það, að Sveinn búfræðingur Sveinsson verði þetta ár látinn starfa í því umdæmi, samkvæmt samningi þeim, er gjörður hefir verið við hann 17. janúar 1876, þó þannig, að Búnaðarfelag suðuramtsins hafi enga ábyrgð á greiðslu árslauna þeirra um árið 1878, er honum ber eptir 4. gr. samningsins, heldur lendi hún eingöngu á norður- og austurumdæminu.

Til effingar vatnsveitingum og til að kaupa vatnsveitingaverkfæri veitast samkvæmt bænarskrá Búnaðarfelagsins 300 kr.
og til vagnkaupa sömuleiðis 300 —

Aptur á móti þykir eigi ástæða til að veita styrk handa kvennmönnum til að kenna meðferð á mjólk fyr en komið er með ákveðnar uppástungur, er sýni, að fjelagið eigi kost á kvennmönnum, er til þess sju fallnir.

Um að verja fje því, er hjer ræðir um, í verðlaun eða til að styrkja einstök jarðabótafyrirtæki, verður eigi neitt af ráðið fyr en stjórn fjelagsins kemur með ákveðna uppástungu um þess konar styrk handa einhverjum, er það til greinir.

Það, sem hjer er sagt, eruð þjer beðnir að tjá Búnaðarfelagi suðuramtsins, og láta það fá hjálágða 600 kr. ávísun, og gefa því til vitundar, að jeg búist við að fá á sínum tíma formleg reikningsskil fyrir því, hvornig fje þessu er varið, og eins verður að leggja fyrir fjelagið að gjöra mjer slík skil fyrir því, sem því var fengið til umráða árið 1877.

49 28. febr. — *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um tilhögun á ferðum póstgufuskipanna.* — Þjer hafið, herra landshöfðingi, með þóknanlegu brjefi 3. septbr. f. á. sent hingað tvær uppástungur um breytingu á ferðaáætlun hinna íslenzku póstgufuskipa, er komið hafði verið fram með í neðri deild alþingis í sumar meðan verið var að ræða þar fjárlagafrumvarpið um árin 1878 og 1879, og þingsályktun, samþykkt í báðum deildum, þar sem skorað er á stjórnina að koma því til leiðar, að aðaluppástungan nái fram að ganga, og, verði hún til greina tekin að öllu verulegu, er stjórninni veitt heimild til að verja til gufuskipferðanna 3000 kr. á ári umfram það, sem til þeirra er veitt í fjárlögunum 10. gr. C 7, — og hafið þjer lýst ýtarlega álitu yðar á báðum ferðaáætlunar-uppástungunum, og auk þess minnzt á ýmislegt fleira, er farið hefir verið fram á í umræðunum á alþingi að því er snertir gufuskipaferðirnar.

Mál þetta var sent innanríkisstjórnarherranum til úrslita, og mælt sjerstaklega fram með aðaluppástungunni. Eptirrit af svari hans fylgir brjefi þessu, og fáid þjer af því þóknanlega sjeð, herra landshöfðingi, hvornig hann hefir tekið í málið.

E p t i r r i t

af brjef innanríkisstjórnarherrans til ráðgjafans fyrir Ísland 21. febr. 1878:

Í hjálögðu brjefi frá landshöfðingjanum yfir Ísandi, dags. 3. sept. f. á., er hjer með endursendist ásamt fylgiskjölum, hefir hann lagt það til, samkvæmt þingsályktun frá alþingi árið sem leið, að stjórnarherrann fyrir Ísland leggi sig fram um að fá hina dönsku póststjórn til að haga póstferðunum milli Danmerkur og Íslands næstu árin tvö samkvæmt uppástungu þeirri til ferðaáætlunar, er auðkennd er með A, og er eitt fylgiskjalið, og mælt til vara með annari uppástungu, er kom líka fram á alþingi og er meðal fylgiskjalanna auðkennd með B. Í brjefi því, dags. 28. septbr. f. á., er fylgdi áminnztu brjefi

frá landshöfðingjanum, hefir velnefndur stjórnarherra auk þess látið í ljósi, að hann verði **49** að vera á sama máli og landshöfðingi um það, að framangreind aðaluppástunga sje að 28. febr. öllu leyti takandi fram yfir vara-uppástunguna, og mundi sjer því þykja mikilsvert, ef innanrikisstjórnin sæi sjer fært að verða við ósk alþingis, og aðhyllast ferðaáætlun þá, er það gírnist.

Ut af þessu er eigi látið undan falla að tjá yður þjónustusamlega það sem nú skal greina.

Eftir ferðaáætlun þeirri, er póststjórnin hefir áður sett, fer skip «hins sameinaða gufuskipafjelags» 7 ferðir á ári fram og aptur milli Kaupmannahafnar og Reykjavíkur, eins og hinum virðulega stjórnarherra er kunnugt, og kemur við í Skotlandi, Færeyjum og Vestmannaeyjum, en skip stjórnarinnar, Diana, fer 3 ferðir milli Kaupmannahafnar og Reykjavíkur, þannig, að skip þetta fer líka í kringum Ísland í hverri ferð og kemur í hverri ferð við í Skotlandi og Færeyjum báðar leiðir. Eftir aðalferðaáætlun þeirri, er landshöfðinginn hefir lagt til að aðhyllt væri, er nú stungið upp á að breyta þessu þannig, að fækka ferðum skipsins frá «hinu sameinaða gufuskipafjelagi» úr 7 ofan í 6, en láta skipið aptur leggja leið sína norðan um Ísland tvisvar sinnum, í sumarmánuðunum, báðar leiðir, fram og aptur. Til vara er stungið upp á, að láta Díönu eigi fara nema tvær ferðir alla leið milli Kaupmannahafnar og Reykjavíkur, og koma þá við í Christjanssand og Lerwik og í Færeyjum, og auk þess tvær ferðir kringum Ísland.

Landshöfðinginn hefir í framangreindu brjefi mælt innilega með aðaluppástungunni, og leitast við að sýna og sanna, að eigi sjeu neinar póststjórnarlegar ástæður til að vera henni mótfallinn, og að veruleg framför mundi að henni í samanburði við ferðaáætlun þá, er nú er farið eftir, að því er snertir samgöngurnar yfir höfuð að tala og verzlunarviðskiptin bæði milli Íslands annars vegar og Danmerkur og annara landa hins vegar, og eins milli hjeraða og landsfjórðunga á Íslandi.

Innanrikisstjórnin hefir þó því miður eigi sjeð sjer fært að verða við óskum alþingis, og það einkum vegna póstsambandsins. Það sem er og verður að vera aðalatriðið fyrir póststjórnina, er um þetta mál er að ræða, er að búa svo um, að póstgöngurnar milli Danmerkur og Íslands, sjer í lagi Reykjavíkur sem höfuðstaðar landsins, verði svo áreiðanlegar og reglulegar sem framast er audið, og sem óhættast við tálmunum af ís eða öðrum atvikum, er eigi verður við sjeð. Því var það af ráðið, er auknar voru póstgufuskipaferðirnar til Íslands nú fyrir 2 árum, að hafa ferðaáætlunina þannig, að eigi færi nema annað póstgufuskipið umhverfis Ísland, en hitt skipið skyldi halda við samgöngunum milli móðurlandsins og eyjarinnar reglulega og tálmunarlaust, og að þótt svo bæri undir, að skipið, sem færi kringum landið, Diana, tepptist eða tefðist vegna íss eða annars, þá gætu þessar samgöngur haldizt í skorðum að því er hitt skipið snerti, samkvæmt ferða-áætluninni. Að láta það skipið leggja leið sína norðan um landið, svo sem stungið er upp á, mundi hæglega geta valdið óreglu í ferðaáætluninni, vegna þess, að það á þá að koma svo víða við, sigla inn torfera firði o. s. frv., og hittist svo á, að ís bæri að landinu þegar það væri á ferðinni, gæti slíkt auðveldlega valdið því, að ferðaáætlunin færi alveg úr lagi, til mikils meins fyrir póstflutninginn, farþiggjendur og verzlunarviðskiptin yfir höfuð að tala. Þetta riður algjörlega baggamuninn í póststjórnarlegu tilliti gegn því að aðhyllast aðalferðaáætlunina, enda kannast landshöfðinginn við í brjefi sínu, að póststjórnin hafi þar mikið til síns máls; en hann heldur því fram, að tálmanir þær, sem hinni eptiræsktu ferðaáætlun standi af ísnum, sjeu eigi ókleyfar. Hann segir, að gjört sje of mikið úr því, hvað ísinn geti orðið háskalegur ferðum þessum, með því að ferðir skipsins frá «hinu sameinaða gufuskipafjelagi» norðan um Ísland lendi í básumar-mánuðunum, með öðrum orðum á þeim tíma árs, er það sje undantekning, ef ís verði að farartálma, og í annan stað er hann á því, að bæta mætti úr vandræðunum, ef ísinn teppti eða tálmaði för skipsins norður fyrir landið, með því að leggja fyrir skipstjóra, að undir eins og hann hittir fyrir ís fyrir austan land eða norðan, skuli hann snúa við og halda til Reykjavíkur með farþegjana, póstflutninginn og farminn allan, þannig, að hann verði kominn til Reykjavíkur fyrir hinn tiltekna komudag þangað. Auk þess fer landshöfðingi því fram í uppástungu sinni, að skipið skuli síðan reyna til um leið og það fer á stað á venjulegum tíma að koma farþegjum og öðru, sem það hefir meðferðis, norður fyrir land þangað sem það á að fara, en hittu það þá enn fyrir ís, skuli það snúa við vestur fyrir land og suður og halda til Kaupmannahafnar.

49
28. febr. Þessi von um, að ísinn muni sjaldan eða aldrei banna leið norðan um landið, er þó eigi nóg til að hugga sig við, þar sem mest ríður á að gjöra samgöngurnar milli Danmerkur og Íslands sem áreiðanlegastar og reglulegastar, svo sem þegar er tekið fram; og þar á ofan má sjá það á skýrslum, er ráðgjafinn hefir fyrir sjer, að margopt ber við, að skip hitta fyrir ís langt fram á sumar við norður- og austurstrendur Íslands. Þannig var sumarið 1869, þegar skráfan brotnaði í Phönix, er hann var að reyna til að komast inn á Seyðisfjörð (Berufjörð) í júnímánudi, svo mikill ís við land, að seglskip komust eigi til norðurlands fyr en í öndverðum ágústmánudi. Auk þess er svo að sjá, sem mönnum sje nokkuð ókunnugt um, hvernig ísinn hagar sjer fyrir norðan, og til dæmis um það má geta þess, að í annálum Íslands segir, að eigi sjáist ís fyrir landi fyrir norðan í septembermánuði, en í septembermánuði f. á. hittu þó skipstjórnir á Díönu fyrir stóran hafisjaka, hjer um bil 66½ fet á hæð, í Húnaflóa. Því verður og tilhögun sú, sem nú er höfð á ferðum Díönu, og sem eigi er nema 2 ára gömul, þar sem skipið er látið sigla umhverfis landið þrisvar á ári, eigi kölluð annað en tilraun. Það væri því að vera of bráður á sjer, að fara nú þegar að leiða ályktanir út af henni; það þarf fleiri ára reynslu áður en byggja megi á henni.

En það eru fleiri tálmanir en ísinn, sem geta komið ruglingi á reglulegar póstferðir. Þannig ber ósjaldan við, að þoka verður að miklum farartálma. Það getur hent beztu skipstjóra, að þeir sigli á grynningar, en eigi er hægðarleikur að losa skipið af grunnu á eyðiströndunum norðan á Íslandi, þar sem vantar öll teki til þess.

Að fara eptir uppástungu landshöfðingja og láta skipið snúa við undir eins og það hittir fyrir ís fyrir austan land eða norðan, og halda til Reykjavíkur, og reyna síðan að komast að vestanverðu norður fyrir með póstflutning, farþegja og varning, þangað sem ferðinni var heitið, eru úrræði, sem eru mjög svo óheppileg í póstmenskulegu tilliti, með því að þau eru of mjög bundin tómri tilviljun, en á tilviljun mega póstgöngur eigi vera byggðar, ef vel á að vera. Og að því er snertir farþegja og vöruflutning, þá mættu farþegjarnir með því móti til að fara á sig langan krók, og kœmust hvorki þeir nje vörurnar þangað sem ferðinni er heitið fyr en eptir langa töf, með því að eigi væri ólíklegt, að þegar skipið feru að reyna að komast kringum landið að vestanverðu, þá hitti það þar fyrir ísinn líka og mætti því til að snúa við aptur. Því mætti til að gefa út auglýsingu jafnframt ferðaáætluninni, þess efnis, að benda almenningi á, hvað af því gæti leitt, ef skipið hitti fyrir ís á leiðinni umhverfis eyna. En það er vafalaust, að eigi menn slíkt í vændum, munu fáir verða til að taka sjer far með skipinu eða senda með því flutning þá leið.

Það er öldungis víst, að það mundi draga úr og spilla verzlunarviðskiptunum, sjer í lagi milli Danmerkur og Reykjavíkur, með öðrum orðum á aðal-leið skipsins, ef farið væri eptir aðaluppástungu alþingis, og það þótt tálmanirnar af ísnum sjeu eigi teknar til greina. Það mun ganga tregt að fá ferðamenn og flutning í skipið til Reykjavíkur opt á ári þá leið, sem er hjer um bil 8 dögum seinfarnari en hin beina leið. Fæðiskostnaður ferðamanna eykst stórum við það, og fyrir varninginn verður ábyrgðargjaldið miklu herra; sakir þessa mikla kostnaðarauka mundu ferðamenn varla sæta fari þá leið nje skipið vera notað til að koma með því vörum, og gæti eigi hjá því farið, að fyrir það drœgi stórum úr hinum venjulegu ferðum og kaupskaparviðskiptum með póstskipinu.

En þótt nú ráðgjafinn vildi vinna það til, til þess að verða við óskum alþingis, að hirða eigi, þótt hinar reglulegu póstgöngur milli Íslands og móðurlandsins og annara landa kœmust í ólag, sem búast mætti við, ef farið væri eptir margnefndri uppástungu, nje um það, þótt af slíku leiddi mikið óhagræði að því ersnertir ferðalög og kaupskaparviðskipti, þá væri samt eigi audið að fá því framgengt, er farið er fram á í uppástungunni, með því að «hið sameinada gufuskipafjelag» hefir lýst því yfir, að það gæti eigi gengið af hinni fyrirhuguðu breytingu á ferðaáætluninni, en samningnum við það er eigi svo háttáð, að innanrikisstjórnin hafi heimild til að heimta neitt í þá átt. Að leita til annara gufuskipaeigenda eða gufuskipafjelaga, mundi eigi stoda neitt, og það undir eins af þeirri ástæðu, að nú sem stendur er eigi til neitt gufuskip annað en Díana, er eigi heima hjer í Danmörku, sem fallið sje til siglinga umhverfis Ísland á þeim tíma árs, er búast má við að hitta fyrir ís, með því að öll vor flutningsskip eru þunngerð járnskip, sem mega illa við því að lenda í ís.

Þá er þessu næst að minnst á vara-ferðaáætlunina, staflíð B, er landshöfðingji

kallar eigi óverulega framför í samanburði við þá ferðaáætlun, sem nú er farið eptir, með því að þar sje litid meir á hagsmuni Íslands yfir höfuð. Innanríkisstjórnin hefir nú tekið 28. febr. öll atriði, er hjer geta komid til greina, til nánari ihugunar, og hefir allt að einu eigi fundizt ástæða til að hverfa þetta árið frá ferðaáætlun þeirri, er sett var í fyrra, utan í einu atriði. Það er nú fyrir sig, að fjárveitingin í fjárlögum til pósthferðanna milli Danmerkur og Íslands er eiginlega miðuð við, að Dána fari 3 ferðir til Íslands alla leið, og að tekjurnar mundu verða töluvert minni, ef farið yrði eptir þessari uppástungu, með því að arðurinn af ferðunum hafna á milli á Íslandi er eigi nema $\frac{1}{4}$ á við það, sem fæst í aðra hönd af ferðunum til og frá Kaupmannahöfn. En ráðgjafinn fær alls eigi sjöð, að hagsmunum landsmanna mundi betur borgid þetta árið að minnsta kosti, þótt farið væri eptir uppástungunni B, heldur en eptir ferðaáætlun þeirri, er nú gildir. Skólapiltar mundu alls eigi hafa neitt gagn af gufuskipinu, með því að nú er búid að breyta skólatímanum. Ferðalög alþingismanna koma eigi til greina þetta ár, með því alþingi kemur eigi saman; og að því er loks snertir kaupafólk, sem er fjölmennasti flokkurinn þeirra þriggja, er haldið er að mundi verða mikill hagur að því, að ferðunum væri svo hagað, sem farið er fram á í uppástungunni, þá sýnir skýrsla skipstjórans á Diónu, að ferðaáætlunin, sem farið var eptir í fyrra, hefir verið fullnægjandi í því tilliti, þar sem frá Reykjavík einni voru 25 manns með Diónu norður fyrir land.

A hinn bóginn er uppástungan B að mörgu leyti miður hagfelld. Þar er ætlazt til að skipid komi við í Kristjansand í Noregi, en þar af leiðir, að það verður að hætta að koma við í Granton (Leith) í Skotlandi, heldur verður að sigla upp Leirvík á Hjaltlandi. En það er eigi hentugt kostnaðarins vegna, með því að það verður miklu kostnaðarsamara að láta Diónu fá sjer kol í Leirvík heldur en í Leith, og í annan stað missast skipinu tekjurnar af enskum ferðamönnum, sem eigi eru svo fáir, og fyrir að flytja íslenska hesta til Skotlands. Auk þess er Kristjansand eigi nein verzlunarborg eða neinn mikilsháttar-staður að öðru leyti, heldur að eins vegamót fyrir gufuskip. Í uppástungunni er Trangisvaag sleppt; en til þess virðist eigi nægileg ástæða. Loks segist skipstjórnin á Diónu með engu móti treysta sjer til að halda þá ferðaáætlun, þar sem skipinu er eigi ætluð nema 4 daga viðdvöl í Reykjavík til að ganga á, hversu mikið sem því hefir seinkað á hinn 6—700 mílna löngu leið frá Kaupmannahöfn til Reykjavíkur, og til að afferma og ferma aptur, til að byrgja sig upp að kolum til ferðarinnar og líta eptir vjelinni til hlitar. Þetta eina atriði, sem vikið er á að framan að breytt sje út af ferðaáætluninni frá því í fyrra, er í því fölgid, að láta Diónu byrja fyrstu ferðina að vestanverðu, með því að sigla sunnan um land beina leið til Reykjavíkur og þaðan áfram, í stað þess að austanverðu, eins og að undanfögnu. Með því að hafnirnar vestan á landinu eru ætið íslausar, allt norður að Horni á Hornströndum, en opt ber við að ís er fyrir norðurlandi og austurlandi langt fram á sumar, svo sem áður á vikið, vinnst það á með þessu móti, að pósthflutningur, farþiggjendur og vörur, sem skipid hefir meðferðis, geta ætið komizt þangað sem ferðinni er heitið, fljótt og hættulaust, og með því að ísinn rekur venjulega frá austur á bóginn, mundi skipid auk þess opt geta komizt inn á ýmsar hafnir á norðurlandi, sem vel mætti að bera að því væri meinað vegna íss við austurland og Langanes, ef það kæmi að austanverðu, og eins er það, að ef það lenti inni í ísnum, mundi það, ef til vill, eiga hægra með að komast út úr honum aptur, er það ætti eigi að sökja í móti honum.

Að öðru leyti lætur ráðgjafinn þess getid, að það er áform hans, til þess að verða við óskum alþingis, að gjöra tilraun til þess í fjárlagafrumvarpinu fyrir fjárhagsárið 1879—80 að fá breytingu á ferðaáætlun Diónu, þrátt fyrir það, þótt það muni baka ríkissjóðnum töluverðan kostnaðarauka, og yrði þá breytingin í því fölgín, að skipid færi eigi nema 2 ferðir alla leið frá Kaupmannahöfn norður fyrir Ísland, en svo 2 ferðir að auki að eins umhverfis landid, og skyldi þeim þannig hagað, að bæði skólapiltar og alþingismenn gætu komizt með því bæði til og frá Reykjavík.

Loks skal þess getid, að rúmunum handa farþiggjendum á skipinu mun verða fjölgað, einkum í 2. káetu, eins og alþingi hefir mælt fram með, að svo miklu leyti sem því verður annars við komid. Aptur á móti hefir eigi þótt ástæða til að verða við ósk þingsins um breytingu á fæðiskostnaðinum á strandferðunum.

E. Skeel.

Arlaud.

Til
ráðgjafans fyrir Ísland.

50
10. jan.

— *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um embættisvald biskups.* — Eptir þóknanlegu brjefi yðar, herra landshöfðingi, 28. september f. á., hefir biskupinn yfir Íslandi spurzt fyrir um, hvort rjettur landshöfðingja til að veita embættismönnum ferðaleyfi samkvæmt 4. grein auglýsingarinnar frá 22. febrúar 1875 eigi, að því er snertir andlegrar stjettar menn, að skiljast um leyfi til að ferðast af landi burt, eða einnig um ferðir milli prófastsdæma og amta í landinu sjálfu, hvort landshöfðinginn eigi eptir tilvitnaðri grein að setja presta til að þjóna braudum, er þau losna, eða prestum, er brauði þjóna, er veitt ferðaleyfi, og hvort biskupinn hafi enn vald til að setja og skipa hjeradsprófasta.

Um leið og þjer leggið þessar spurningar undir úrslit ráðgjafans, herra landshöfðingi, látið þjer í ljósi, að þjer fáði eigi betur sjeð, en að um vald til að veita embættismönnum ferðaleyfi hljóti að gilda sama regla, hvort sem andlegrar stjettar menn eiga í hlut eða veraldlegrar, og að þjer að lútandi ákvörðun í 4. grein nefndrar auglýsingar muni einkum, ef eigi eingöngu, eiga við um orlof til að ferðast af landi burt, er áður þurfti til leyfi ráðgjafans, en að hin eldri fyrirmæli um ferðalög innan takmarka prófastsdæmisins, amtsins eða stiptisins muni ósnortin af henni, og álitíð þjer auk þess sjálfsagt, að sá, sem sje fengið vald til að veita ferðaleyfi, verði og að hafa eptirlit á, að fullnægt sje skilyrðunum fyrir því, einkum að sjeð sje um, að embættinu sje viðunanlega þjónað meðan embættismaðurinn er burtu; valdið til að setja menn í embætti á ábyrgð hlutaðeigandi embættismanns meðan hann er í burtu hljóti því að fylgja valdinu til að veita ferðaleyfi. Að því er snertir spurninguna um, að setja menn í embætti, þegar þau eru laus, hafið þjer því næst tekið það fram, herra landshöfðingi, að orðatiltækin í 4. grein auglýsingarinnar þar að lútandi sjeu svo yfirgripsmikil, að þau taki vafalaust einnig yfir það, er brauð eru laus. Muni því fortakslaust eiga að beita þeirri ákvörðun, er setja skal menn í embætti í eiginlegum skilningi, en er fá skal einn eða fleiri nágrannapresta til að þjóna lausu brauði til bráðabirgða, virðist yður rjettast að láta hlutaðeigandi prófast gjöra þær ráðstafanir, er á þarf að halda í því efni, með samþykki biskups, eins og við hefur gengizt að undanfögnu.

Að því er loks snertir skipun prófasta, hafið þjer, herra landshöfðingi, tekið fram, að auglýsing 22. febrúar 1875, er talar að eins um veitingu brauða, í 16. grein, snerti ekki beinlínis við valdinu til þess, er í instr. frá 1. júlí 1746, 22. gr., sje falið biskupnum, og að yður hafi eigi þótt ástæða til, að fara að reyna til að fá fram breytingu á reglunum um skipun prófasta, jafnvel þótt það kynni að virðast samkvæmara eðli hlutarins, eptir að landshöfðingjaembættið er komið á fót, og eptir verksvíði því, er því er ákveðið, að skipun hjeradsprófasta væri falin landshöfðingja.

Út af þessu skal eigi látið undanfalla, að tjá yður þjónustusamlega, herra landshöfðingi, til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar, að eins og ráðgjafinn fellst að öllu leyti á athugasemdir yðar um spurningar biskupsins um skilning á 4. grein í auglýsingu 22. febrúar 1875, eins er hann á sama máli um það, að engin ástæða sje til að fá fram breytingu á 22. gr. í instr. 1. júlí 1746.

51
9. febr.

— *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um lán til að afstýra hallæri.* Út af bænarskrá frá hreppsnefndinni í Álptaneshreppi um 3000 kr. lán úr viðlagasjóði til að afstýra hallæri þar í hreppnum í vetur og að vetri hafið þjer, herra landshöfðingi, í þóknanlegu brjefi 5. desbr. f. á. getið þess, að sýslunefndin í Gullbringu-

og Kjósarsýslu hafi tjáð sig fúsa á að ábyrgjast endurborgun lánsins fyrir hinn tiltekna tíma, með væntanlegu samþykki amtráðsins, og farið fram á, að yður verði veitt heimild til að veita áminnt lán úr viðlagasjóði, með þeim kjörum, að greiddir sjeu af því 4 af hundraði í vöxtu og lánið endurborgað á tíu árum, þannig, að lánið sje veitt annaðhvort Álptaneshreppi á framantjáðan hátt, eða sýslunefnd Gullbringu- og Kjósarsýslu. **51**
9. febr.

Út af þessu skal yður þjónustusamlega tjáð, til þóknanlegrar leiðbeingar, frekari birtingar og ráðstöfunar, að ráðgjafinn veitir yður, herra landshöfðingi, heimild til að láta sýslunefnd Gullbringu- og Kjósarsýslu fá 3000 króna lán úr viðlagasjóði, ef hlutadeigandi amtráð leggur á það samþykki sitt, með þeim kjörum, að greiddir sjeu af því 4 af hundraði í vöxtu og lánið endurborgað á 3 árum, eins og áður hefir átt sjer stað, þó þannig, að frestur þessi sje eigi talinn fyr en frá þeim tíma, að lán það, er veitt var tjedri sýslunefnd með ráðgjafarbrjefi 20. septbr. 1876, er endurborgað, eptir umliðun þá, er veitt var 5. nóvbr. f. á.

— *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um afgreiðslugjöld frakkneskra fiskiskipa.* — Frá utanríkisráðherra herra hofmanns hef jeg meðtekið eptirrit af brjefi frá utanríkisráðherra Frakka til stjórnarereindreka Danakonungs í París, og sjest á því, að stjórnin frakkneska hefir eigi treyst sjer til að fallast á tillögur utanríkisstjórnarherra, um, að íslenzkir valdsmenn mættu eiga við foringja hinnar frakknesku sjóliðsvarðeildar við Ísland um lúkningu afgreiðslugjalda, er frakknesk fiskiskip, er koma inn á íslenzkar hafnir, hafa látið ógreidd. Aptur á móti hefir hin frakkneska stjórn brýnt fyrir hlutadeigandi útgjörðarmönnum í umburðarbrjefi, að láta formenn fiskiskipanna hafa með sjer nægilegt fje til að greiða áminnt gjöld undir eins út í hönd. **52**
9. febr.

— *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um lestagjald og vintoll.* — Með þóknanlegu brjefi 26. nóvbr. f. á. hafið þjer, herra landshöfðingi, sent hingað 2 bónarbrjef frá verzlunarstjóra Wendel á Þingeyri í Ísafjarðarsýslu, ásamt ummælum hlutadeigandi amtmanns og sýslumanns, og fer verzlunarstjórinn þess á leit, að honum verði skilað aptur gjöldum þeim, er nú skal greina, og heimtuð hafa verið af honum: **53**
21. febr.

1, lestagjald, 32 kr., og afgreiðslugjald, 1 kr. 33 a., af skipinu Christian, er kom til Íslands 25. apríl 1876, með 20 tonn af salti, er það hafði tekið á Fanö í seglfestu, og var salt þetta haft til að salta það, sem skipið aflaði, og var aldrei flutt í land.

2, aðflutningsgjald, 13 kr. 33 a., af 80 pottum mjaðar, er voru fluttir til umgetins verzlunarstaðar 1. maí 1875 með skipinu Neptun.

Í brjefi yðar með þessum bönarskrám hafið þjer látið í ljósi þá skoðun, herra landshöfðingi, að það, að skipið Christian, sem bæði árin 1876 og 1877 hafi verið haft til fiskiveiða, hafði meðferðis 20 tonn af salti, er það kom til landsins, og sem voru hafðar til að salta aflann á skipinu, geti eigi haft þá verkun, að skoða beri skipið sem verzlunarskip, og að það eigi að álitast skyldugt til að kaupa sjer sjóleidarbrjef, samkvæmt lögum 15. apríl 1854. Þjer hafið því lagt það til, að lestagjaldi því, er greitt hefir verið fyrir áminnt skip, 32 kr., verði skilað aptur beiðanda, gegn því að hann greiði sýslumanni afgreiðslugjald það, er til er tekið fyrir fiskiskip í 62. gr. í aukatekjureglugjörð 10. sept. 1830, og er 12 sk. fyrir hverja lest. En er kemur til aðflutningsgjaldsins af miði þeim, er fluttist til landsins með skipinu Neptún, þá hafið þjer, herra landshöfðingi, lagt það

53 til, að því verði eigi skilað aptur, með því að mjöður sá, er flytjist til Íslands, sje allajafna blandaður vínanda, enda beri tollreikningarnir með sjer, að mjöður hafi um allt land verið skoðaður sem tollskyld aðflutningsvara.

Út af þessu skal hjer með þjónustusamlega tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar og ráðstafanar, að tillögur yðar, herra landshöfðingi, eru hjer með samþykktar að öllu leyti.

54 — *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um lestagjald.* — Að með-
22. des. 1877 teknu þóknanlegu brjefi yðar, herra landshöfðingi, dags. 27. septbr. þ. á., er yður hjer með þjónustusamlega tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar, að hinni frakknesku stjórn hafa verið goldnar aptur þær 182 kr., er greiddar höfðu verið í Reykjavík fyrir sjóleiðarbrjef handa hinni frakknesku skonnert *Marie*, er hafði árið sem leið fært hinum frakknesku herskipum við Ísland vistföng, og skal eigi undan fellt að bæta því við, að eigi virðist hafa verið nægileg ástæða til að heimta áminnt gjald, þar sem svo stóð á, að álíta mátti sjálsagt að eigi mundi verða verzlað með það sem skipið hafði meðferðis, sbr. lög 15. apríl 1854, 4. gr. og dómsmálastjórnarbrjef 24. desbr. 1868, og var að minnsta kosti högt fyrir hlutadeigandi lögreglustjóra að hafa augastað á því (sbr. tilskipun 12. febrúar 1872 4. gr.).

55
20. apríl.

Auglýsing.

Með því að álíta má, eptir því sem segir í brjefi frá ráðgjafanum fyrir Ísland 2. þ. m., að bólusótt gangi í Holbek á Sjálandi, verður að beita reglunum í lögum 17. desbr. 1875 um mótvarnir gegn því, að bólusótt og hin austurlenzka kólerusótt og aðrar næmar sóttir flytjist til Íslands, við öll skip, er koma þaðan hingað til lands.

Landshöfðinginn yfir Íslandi, Reykjavík, 20. apríl 1876.

Hilmar Finsen.

56 — *Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um fjárstyrk handa 2 barna-*
25. apríl. skólum. — Eptir að jeg hefi meðtekið með heiðruðu brjefi stiptsyfirvaldanna, dags. í gær, bónarbrjef frá forstöðunefnd barnaskólans í Gerðum í Rósmhvalaneshreppi um styrk úr landssjóði handa tjeðum skóla, og þóknanleg ummæli stiptsyfirvaldanna um bónarbrjef það frá Þórarni prófasti Böðvarssyni um sams konar styrk handa alþýðuskólanum í Flensborg við Hafnarfjörð, er jeg sendi stiptsyfirvöldunum með brjefi 16. þ. m., ásamt nauðsynlegum skýrslum um fyrirkomulag þessara skóla og það sem gjört hefur verið í þeim í vetur, hefi jeg af fje því, sem til er tekið í 13. gr. fjárlaganna C 6 fyrir árið 1878, veitt barnaskólanum í Gerðum 200 króna styrk og alþýðuskólanum í Flensborg 300 kr. styrk.

Um leið og jeg læt stiptsyfirvöldunum þetta tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutadeigöndum, læt jeg brjefi þessu fylgja ávísanir fyrir ofangreindu fje úr jarðabókarsjóði, og eru stiptsyfirvöldin beðin að koma þeim í hendur hlutadeigöndum.

Reglugjörð

57
15. maí.

fyrir skattanefndir þær og yfirskattanefndir, sem fyrirskipaðar eru með lögum um tekjuskatt 14. desbr. 1877.

Með því að svo er fyrir mælt í lögum um tekjuskatt 14. desember 1877, að greiða skuli árlegan tekjuskatt í landssjóð bæði af eign og atvinnu, og að taka skuli skatt þennan í fyrsta skipti á manntalsþingum 1879, hefir samkvæmt 26. grein laganna verið samin reglugjörð sú, er hjer fer á eptir, fyrir skattanefndir þær og yfirskattanefndir, sem fyrirskipaðar eru til að jafna skattinum niður.

Fyrirmæli reglugjörðarinnar eru tengd við greinirnar í lögunum, að svo miklu leyti sem yfir höfuð hefir þótt nauðsynlegt að veita nokkra leiðbeiningu um, hvernig þeim skuli beitt. Þar af leiðir, að í hvert skipti verður að aðgæta fyrst fyrirmæli laganna, og bera þau síðan saman við reglugjörðina; tilgangur hennar er eptir hlutarins eðli eingöngu sá, að skýra lögin og vera þeim til fyllingar.

I.

Við 1.—3. gr. Tekjuskatt skal greiða af öllum þeim tekjum af eign, er eiganda hlotnast, bæði af fasteign, af peningum, og af lausafje, sem er gjört arðberandi, og eru slíkir tekjustofnar hinir helztu til greindir í 1. og 2. gr., en sú tilgreining er þó eigi tæmandi í þeim skilningi, að aðrar tekjur af eign, en þar eru nefndar með herum orðum verði alls eigi til greina teknar; það eru einnig aðrar tekjur skattskyldar en þær, sem beinlínis eru til greindar í þessum greinum, svo sem t. d. leiga af kaupstaðarhúsum og skipum, tekjur af hvalreka, víðarreka, slægjutollur eða beitartollur, þar sem beit eða slægjur eru leigðar sjer í lagi. Það verður að telja með hverja tekjugrein, er hlutaðeigandi hefir haft á árinu (almanaksárinu næst á undan niðurrjöfnuninni, sbr. 6. gr.), af fjáreign þeirri, er hjer ræðir um, hvort sem tekjurnar eru fólgnar í peningum eða landaurum, og skal telja landaurana til peninga eptir verðlagsskrárverði á hverri landaurategund fyrir sig það ár, er um er að ræða. Hins vegar eru það einungis eiginlegar tekjur, er skatt skal af greiða, en eigi það, sem maður fær í aðra hönd í kaupum og sölum án þess að það auki fjármuni manns, svo sem t. a. m. er maður selur eign sína, en vitaskuld er, að greiða ber þá tekjuskatt af vöxtunum af andvirði hennar. Eiganda er heimilt að draga frá árstekjum sínum umboðskostnað, er svo á stendur, að sjerstaklegrar umboðsstjórnar hefir við þurft, og verður að sýna kvittun hlutaðeiganda umboðsmanns því til sönnunar; sömuleiðis má og draga frá ársleigurnar af þinglýstum veðskuldum í jörðu eptir vottorði samkvæmt afsals- og veðskulda-brjefabókinni.

Nú býr eigandi sjálfur á jörðinni eða hefir afnot hennar, og skal þá jörðin metin til afgjalds af hlutaðeigandi skattanefnd, á sama hátt og áður var fyrir mælt í erindisbrjefi dómsmálastjórnarinnar fyrir hreppstjórnara 18. júlí 1848 um niðurrjöfnun alþingistollans, eptir því, hvað goldið er eptir aðrar viðlíka jarðir í sama byggðarlagi, og ber jafnframt að taka til greina aðrar tekjur, er eigandinn hefir haft af jörðinni á árinu.

Undanþegnir þessum tekjuskatti eru þeir, er árstekjur þeirra eptir 1.—2. grein samanlagðar eigi nema 50 krónum. Af öllum tekjunum samanlögðum skal greiða 1 kr. af hverjum 25 kr.; það, sem þar er fram yfir, skal eigi koma til greina skattinum til hækkunar.

Hinn 31. maí 1878.

Við 4.—5. gr. Eptir þessum lagagreinum á að greiða skatt af allri atvinnu, af öllum tekjum af embættum og sýslunum, af biðlaunum, lífeyri eða eptirlaunum og þesskonar styrktarfe, svo og af tekjum af alls konar vinnu, andlegri eða líkamlegri, að frá skildum að eins þeim tveim atvinnugreinum, er skatt skal af greiða í landssjóð eptir sjerstaklegum lögum þar að lútandi, sem sje af landbúnaði, sbr. lög 14. desbr. 1877 um skatt á ábúð og afnot jarða og á lausafje, og af fiskiveiðum, sbr. tilskip. 12. febr. 1872 um spítalagjald af sjáfaraflla.

Af fyrstu 1000 krónunum, er tekjur þær nema, er hjer rœðir um, skal engan skatt greiða; af því sem tekjurnar nema yfir 1000 kr., skal greiða skatt, eptir skatt-stiga þeim, er tilgreindur er í 4. gr. laganna, en þó svo, að eigi skal taka skatt nema af fullum 50 krónum; það, sem þar er fram yfir, kemur eigi til greina skattinum til hækkunar. Fyrirmæli laganna um hinn vaxandi hundraðsskatt, er greiða ber eptir því, hvað tekjurnar eru miklar samantaldar, eru svo skýr, að þau þurfa eigi nánari útlistunar, og mun nægilegt að vísa til þeirra; til dæmis skal hjer til fært, að samkvæmt þeim verður tekju-skatturinn af

2000 kr.	10 kr. (1 af hundraði af 1000 kr.).
3000 —	25 — (eins og af 2000 kr., og að auki 1½ af hundraði af 1000 kr.).
4000 —	45 — (eins og af 3000 kr., og að auki 2 af hundr. af 1000 kr.).
5000 —	70 — (eins og af 4000 kr., og að auki 2½ af hundr. af 1000 kr.).
6000 —	100 — (eins og af 5000 kr., og að auki 3 af hundr. af 1000 kr.).
7000 —	135 — (eins og af 6000 kr., og að auki 3½ af hundr. af 1000 kr.).
8000 —	175 — (eins og af 7000 kr., og að auki 4 af hundr. af 1000 kr.).
12000 —	335 —

III.

Við 6. gr. Skattinn skal leggja á eptir tekjum gjaldanda næsta almanaks-ár á undan niðurfjöfnuninni, og ætli hann því að segja sjálfur til um tekjur sínar (sbr. 13. gr.) verður hann að byggja skýrslu sína á þeim skattskyldum tekjum, er hann hefir úr býtum borið það ár, og eins á skattanefndin, bæði þegar hún metur, hvort skýrslan sje rjett, og þegar hún kveður á um tekjur hlutaðeiganda, er hann hefir eigi notað þessa heimild til að segja sjálfur til um tekjur sínar, að fara eptir tekjum hans umgetið almanaksár.

Við 7. gr. Það eru hinar hreinu tekjur þetta ár, er leggja ber til grundvallar, er skattinn skal ákveða, og í þessari lagagrein eru þær reglur, er gæta skal í því efni bæði þegar hlutaðeigandi segir sjálfur til um tekjur sínar, og eins þegar það er eigi gjört og skatturinn ákveðinn eptir 13. gr. Í þessari lagagrein er því til tekið með berum orðum, bæði hvaða gjöld á hinu liðna ári eigi má draga frá tekjunum, og eins hvaða gjöld á að draga frá þeim, til að fá hinar hreinu tekjur, sem eru skattskyldar eptir lögnum.

Svo sem allar tekjur af atvinnu, af embætti eða sýslan, og af alls konar vinnu, andlegri eða líkamlegri, eru skattskyldar eptir 5. grein, svo er og þannig fyrir mælt í 7. gr., að tekjur þessar sjeu skattskyldar til hvers sem þeim svo er varið, hvort heldur maður hefir þær sjer og vandamönnum sínum til viðurværis og nauðsynja, nytsemdar eða munadar, til að fœra út bú sitt eða atvinnuveg, til að afla sjer fjár, til gjafa eða hvers annars sem vera skal; og í síðasta kafla greinarinnar er því bætt við, að af þeim tekjum, er fást á þann hátt, að maður eyðir höfuðstóli sínum eða tekur lán, skuli eigi greiða skatt, en hins vegar verði það eigi talið frá tekjum, sem haft er til að borga skuld.

Jafnframt þessu er til tekið, hvaða útgjöld megi draga frá árstekjunum, bæði af hverri atvinnu, er talin er með borgaralegum atvinnuvegum, og af tekjum þeim, er embættismönnum eru lagðar, og verður að finna hinar skattskyldu tekjur samkvæmt því. 57
15. maí.

Frá öllum tekjum af atvinnu skal dreginn sá kostnaður, er varið hefir verið til að reka hana; með kostnaði þessum skal þó eigi telja það, sem maður hefir varið sjer og vandamönnum sínum til viðurværis og nauðsynja, enda þótt vandamenn þessir með vinnu sinni hafi hjálpað til að afla fjárins, nema því að eins að nokkur af þeim að staðaldri starfi að þeim verkum, sem laun eru goldin fyrir (7. gr., 2. kafli). Sje þetta nú heimfært upp á ýmsa atvinnuvegi, verður að taka það til greina, er hjer segir, þá er tiltaka skal hinar skattskyldu tekjur.

a. *Verzlun.* Verði tekjurnar af verzluninni eigi fundnar með því að rekja árangurinn af öllum kaupum og sölum þann tíma, er um er að tefla, og þá farið eptir aðalsummu þeirri, er þá kemur út, er tilgreina skal hinar skattskyldu tekjur, á að fara eptir því, hvort fje það, er lagt hefir verið í verzlunina, hefir aukizt eða minnkað á árinu, eptir árangrinum af kaupskapnum; síðan skal rannsaka, hvað miklu hlutaðeigandi hefir varið sjer og vandamönnum sínum til viðurværis og nauðsynja, nytsemdar eða munaðar, og þá líka í húsnæðiskostnað, eða til þess að afla sjer fjár á annan veg, og þar við á svo að bæta því, er græðzt hefir á fje það, er lagt er í verzlunina, eða draga frá það, sem fjeð hefir gengið saman, hafi slíkt átt sjer stað annaðhvort. Sje hlutaðeigandi eigi fær um að reikna út tekjurnar af verzluninni um árið á þennan hátt, eða vilji hann eigi gjöra það, eða þá að skattaneftdinni finnst ástæða til að tortryggja skýrslu hans, og skírteini þau og sannanir, er skattaneftdinni þykir við þurfa í því efni, þykja ónógar til að ákveða eptir þeim, hvað miklar tekjurnar skuli gjöra, á skattaneftdin að kveða á um þær eptir beztu vitund. Verður nefndin þá bæði að ætlast á, hvað mikið *vörumegn* hefir gengið kaupum og sölum hjá hlutaðeiganda um árið, og eins um það, hvað mikinn *kostnað* hefir þurft til að reka verzlunina. Til þess konar kostnaðar má t. d. telja: 1. höfuðstól þann, sem kaupmaðurinn hefir haft til umráða í verzlun sinni, hvort sem það er lánsfje eða hann á það sjálfur, og að svo miklu leyti sem það er í veltu og ekki bundið í vöruleifum við lok ársins, í húsum, verzlunaráhöldum eða öðru; 2. leigu fyrir húsnæði eða fyrir pláss undir berum himni, sem notað er til aðseturs fyrir verzlunina og nauðsynlegt er til hennar, svo sem búð, geymsluhús, geymslupláss o. fl.; 3. kaup handa verkafólki eða aðstoðarmönnum við verzlunina, og viðurværi handa þeim, hvort sem það er úti látið í peningum eða þeim er lagt til fæðið; 4. kostnað til viðhalds á verzlunaráhöldum og til að bæta sjer aptur það sem úr gengur af þeim, og til venjulegs viðhalds á húsum verzlunarinnar; 5. kostnað við kaup og sölu á vörunum; til slíks kostnaðar telst flutningsgjald, ábyrgðargjald, ómakslaun (provision) og fleira því um líkt, sem leiðir af því, að flytja verður hingað til lands nær allar vörur, er seldar eru hjer í búðum, og að eins verður að flytja í burt hjeðan nærri því allar landsnytjar, þær er kaupmenn verzla með; 6. kostnað til hita, ljóss og því um líks, í verzlunarhúsunum, og annan þess konar kostnað, sem stendur í beinu sambandi við verzlunina og er nauðsynlegur til að reka hana. Sje svo, að eitthvað af framangreindum kostnaði komi eigi eingöngu við atvinnunni, ef t. d. hjú er haft bæði við verzlunina og til að þjóna húsbóndanum eða vandamönnum hans, eða ef húsaleigan nær eigi einungis til þess húsnæðis, er nauðsynlegt er til að reka verzlunina, heldur og til hýbýla þess, er verzlunina rekur, verður eigi nema hæfilegur partur af kostnaðinum, eptir tiltölu, talinn með kostnaðinum til að reka verzlunina og dreginn frá tekjunum. Sjeu vandamenn hafðir til að vinna að staðaldri að verzluninni, í venjulegra verkamanna eða aðstoðarmanna stað, þeirra er nauðsyn er á við

57 15. maí. verzlunina, má telja kaup þeirra og viðurværi með kostnaðinum til að reka hana; en aptur má eigi telja neina þóknun fyrir það, sem hlutaðeigandi vinnur sjálfur að atvinnunni, eður og kona hans. Með því að draga kostnaðinn til að reka verzlunina allan samantalinna frá því, sem ætlazt er á, að vörumegn kaupmannsins á árinu hafi numið, sjest, hvað miklar hinar skattskyldu tekjur hlutaðeiganda eru.

Með því að svo er fyrir mælt í 10. gr. laganna, að sá, sem eigi er búsettur hjer á landi, en hefir tekjur af jarðeign eða atvinnu eða sýslu, sem hjer er rekin, skuli greiða skatt af þessum tekjum, þá leiðir þar af, að eigi ber að taka skatt nema af þeim tekjum, enda er það og samkvæmt eðli hlutarins. Þar sem svo stendur á, að maður, sem á verzlun hjer á landi, er búsettur erlendis og rekur hina íslenzku verzlun sína bæði hjer og á verzlunarskrifstofu sinni erlendis, verður einnig að taka til greina það af kostnaðinum til að reka verzlunina, er hann greiðir þar sem hann á heima, og á því að draga hann frá tekjunum af verzluninni, allan saman, ef verzlunarstörf hans erlendis við koma eingöngu kaupum og sölum, er standa í sambandi við rekstur verzlunarinnar hjer á landi, en eigi nema nema nokkuð af honum, eptir rjettri tiltölu, ef verzlunarstörf hans erlendis taka einnig yfir annan kaupskap; að öðru leyti verður að gæta reglna þeirra, er settar eru hjer að framan um það, hvað telja má meðal kostnaðar til að reka verzlunina.

b. Við *handiðnir og annan iðnað* dregst kostnaðurinn til að reka atvinnuna, reiknaður eptir framangreindum reglum, frá óskertum tekjunum um árið, og það, sem þá verður eptir, verða hinar skattskyldu tekjur. Hafi hlutaðeigandi eigi haldið svo nákvæman reikning yfir atvinnu sína, að finna megi hinar skattskyldu tekjur með því móti, verður að ætlast á um, hvað miklu varningsbirgðir hans, áhöld, vinnuvjelar, smíðatöl og önnur verkfæri, er heyra til atvinnunnar, svo og skuldir, sem hann á hjá öðrum, hafi numið í peningum í ársbyrjun og í árslok, og komast þannig fyrir, hvort efni hans muni hafa vaxið eða rýrnað af atvinnunni. Það sem fjárstofn sá, er hann hefir lagt í atvinnuveginna, hefir þannig vaxið eða minnkað, því á að bæta við eða draga það frá því, sem hann hefir haft sjer og sínum til viðurværis og nauðsynja, nytsemdar eða munaðar, eða til að afla sjer fjár að öðru leyti, — og verður þá summan, sem þá kemur fram, hinar skattskyldu tekjur af atvinnunni.

c. Við *veitinga sölu og gistinga*, og aðra því um líka borgaralega atvinnu, og eins siglingar, skal og fara eptir framangreindum reglum um það, hvernig reikna skal kostnaðinn til að reka atvinnuna.

d. Frá tekjum af *embættislaunum* má telja skrifstofukostnað; svo má og færa til útgjalda eptirlaun og aðrar kvaðir, er á embættinu liggja (7. gr. laganna, 3. kafli). Með áminnzum tekjum teljast eigi einungis þau laun og aðrar tekjur, er greiddar eru úr landssjóði, heldur einnig aukatekjur og gjöld eða aðrar tekjur, sem lagðar eru embættismönnum, og sem þeir hafa annaðhvort frá opinberum eða einstaklegum stofnunum, eða frá einstökum mönnum, samkvæmt þar að lútandi fyrirmælum laganna, svo sem tíund, offur, dagsverk og önnur þess konar gjöld til presta, aukatekjur sýslumanna og bæjarfógeta eptir lögum 14. desbr. 1877, umboðslaun umboðsmanna, þóknun sú, er þeir sem hafa einhverja sýslu á hendi fyrir sveit sína, fá úr sveitarsjóði, og brunamálástjóri hjá brunabótafjelagi, tekjur lækna af lækningum þeirra eða af eptirliti með sjúkrahúsum o. s. frv. Það, sem það nemur, að hafa leigulausan bústað, svo og húsaleigustyrkur og arður af embættisjörð, ef embættismaðurinn býr eigi á henni sjálfur, telst einnig með hinum skattskyldu tekjum, og skal telja það, sem gelst í landaurum, í peningum eptir verðlagsskrá.

Það sem maður fær í dagpeninga, meðan hann er í burtu frá heimilinu, og í ferðakostnað, hvorttveggja í embættisverndum, telst eigi með skattskyldum tekjum.

57
15. maf.

Loks skal hjer við bætt þessari leiðbeiningu til að ákveða tekjuskattinn, er svo stendur á, sem hjer segir:

Kvongist maður á þeim tíma, er tekjurnar eru við bundnar, þær er skattinn á að miða við, eða eptir það, en áður en niðurfjöldunin fer fram, skal telja manningnum allar skattskyldar tekjur bæði hans sjálfs og konunnar um þann tíma; verður eptir því eigi talinn með höfuðstóll sá, er hann hefir fengið með konunni, heldur að eins vextirnir af honum.

Erfingi greiðir skatt af öllum tekjum arfleiddanda, hafi hann erft allar eigur hans eða atvinnu, en ella að rjettri tiltölu.

Nú situr *ekkja* í óskiptu búí, og skal þá telja með skattskyldum tekjum hennar allar tekjur mannsins um þann tíma, er um er að tefla, og hafi hann dáíð á þessum tíma, verður að telja tekjurnar til dánardægurs hans, og bæta þar við tekjum ekkjunnar frá þeim degi til loka þess tímabils, er skatturinn er miðaður við.

Úr *dánarbúum*, sem eru undir skiptameðferð, þá er niðurfjöldunin fer fram, skal eigi greiða neinn tekjuskatt af atvinnu, en aptur á móti af eign, eptir 1.—3. gr. laganna. Sama er og um þrotabú.

Við 8. gr. Hver maður, sem er búsettur hjer á landi og hefir tekjur, þær er skattskyldar eru eptir undanfarandi greinum, skal greiða tekjuskatt, hvort heldur er karl eða kona, ungur eða gamall, og hvernar stjettar, sem hann er. Það stendur á sama hvort maður er myndugur eða ómyndugur, sjálfs sín eða eigi, hafi hann að eins sjálfstæðar tekjur, en þar undir verður að skilja allar tekjur, er hann fær öðruvísi en á annara vegum. Þeir, sem eru í foreldrahúsum eða á framfæri og enga atvinnu hafa, greiða að eins skatt af þeim tekjum, er þeir hafa auk uppeldis hjá foreldrunum eða þess, er úrheimtist til framfæris þeim og menningar.

Hlutafjelög, sameignarfjelög, kaupmannafjelög o. þ. h. eiga að greiða skatt af því, sem eptir verður af tekjuafgangnum, er búíð er að úthluta ávinningnum meðal þeirra hluteigenda, er búsettir eru hjer á landi, hvort sem þessi afgangur er greiddur útlendum hluteigendum eða lagður í viðlagasjóð eða þess konar. Tekju-afgangur er það, sem eptir verður af árstekjunum, þegar búíð er að draga frá tekjunum óskertum það, sem telja má með kostnaði til að reka verzlunina eða atvinnuna, eptir því sem að fram- an segir.

Við 9. gr. Hjer skal þess að eins getið, að þótt sparisjóðir þeir, sem eigi eru eign einstakra manna, sjeu sem stofnun undan þegnir tekjuskatti af atvinnu, er það vitaskuld, að greiða verður tekjuskatt af eign eptir 2. gr. laganna af innstæðufje því, er menn eiga í sparisjóði og hann greiðir vöxtu af.

Við 10. gr. Það er regla, að hver gjaldþegn er skattskrifaður í því sveitarfjelagi, er hann á heimili í hjer á landi um það leyti, sem niðurfjöldunin er byrjuð eða rjett á undan því. Dvelji maður um stundarsakir í öðru landi, en bregði þó eigi heimili sínu á Íslandi, skal hann gjalda skatt sem hann væri í landinu, og á að láta skattskrifa hann í því sveitarfjelagi, þar sem hann var heimilisfastur áður en hann settist að erlendis. Eigi maður sjer bólfestu víðar en í einu sveitarfjelagi, má hann sjálfur kjósa, í hverju sveitarfjelinu hann skuli skattskrifast, ef hann sendir sveitarstjórninni í öllum þeim sveitarfjelogum, er hann er búsettur í, vísbendingu um það, með tilhlýðilegum fyrirvara. Komi eigi slik vísbending frá honum, skal setja hann í skatt þar, er

57 hann hefir sjálfur aðsetur þá er niðurjöfnunin er byrjuð. Hlutaþjelög, sameignarþjelög, kaupmannafjelög, stofnanir og þess konar skal skattskrifá í því sveitarþjelagi, er stjórnin hefir aðsetur eða aðalskrifstofan er. — Nú á sami gjaldþegn verðlanir víðar en í einu sveitarþjelagi, og má hann þá sjálfur kjósa, í hverju sveitarþjelaginu hann skuli skattskrifast, ef hann skýrir skattanefndunum í öllum sveitunum frá því á tilhlýðilegan hátt, svo snemma, að beiðni hans verði tekin til greina af hlutaðeigandi skattanefnd.

15. maí. Nú er maður eigi búsettur á Íslandi, en hefir tekjur af jarðeign eða atvinnu eða sýslu, sem þar er rekin, og skal hann þá greiða skatt af tekjum þessum, og til nefna fyrir hlutaðeigandi sýslumanni eða bæjarfógeta mann þar í sýslunni eða kaupstaðnum, sem greiði skattgjald hans, og gæti að öðru leyti gagnsmuna hans að því er kemur til skattkváðarinnar.

Þá gjaldþegna, er eigi hafa aðsetur hjer á landi, en hafa laun, eptirlaun, biðlaun eða styrk úr landssjóði Íslands, skal setja í skatt í kaupstaðnum Reykjavík, og lætur landshöfðingi skattanefndinni þar í tje þær skýrslur þar að lútandi, er á þarf að halda, og skal senda honum útdrátt úr skattskránni um þá, til þess að sjeð verði um, að tekjuskatti þeirra verði haldið eptir af tekjum þeirra samkvæmt 10. gr., 2. kafla.

Landshöfðingi sker úr því, eptir tillögum hlutaðeigandi skattanefndar, hvort útlendir menn, er dvelja um stundarsakir á Íslandi, og ekki reka þar neina atvinnu, sjeu skattskyldir eptir þessum lögum.

Við 11. gr. Hlutaðeigandi sýslumaður eða bæjarfógeti gjörir nauðsynlegar ráðstafanir til, að skattanefnd sje kosin fyrir hvern hrepp eða kaupstað á þann hátt, er segir í þessari lagagrein, og að sómuleiðis sje kosinn varanefndarmaður til þess að taka sæti í nefndinni í forföllum einhvers af nefndarmönnum, og að auglýst sje við kirkju, og í kaupstöðum á þann hátt, sem þar er tíðkaður, áður en farið er að setja menn í skatt (13. gr.), hverjir sjeu í skattanefndinni og hver formaður hennar.

Skrár um tekjur þeirra, sem skatt eiga að greiða, skulu samdar af skattanefndinni, eptir fyrirmyndinni aptan við þessa reglugjörð.

Á skrár þessar skal rita eigi einungis hvern skattskyldan mann, sem er heimilisfastur í sveitinni eða kaupstaðnum og hefir næsta almanaksár á vndan haft skattskyldar tekjur eptir fyrirmælum laganna, heldur og hvern þann mann, er hefir þar tekjur af fasteign eða rekur þar einhverja atvinnu, þótt eigi sje hann þar heimilisfastur, sbr. reglur þær, er settar eru hjer að framan og fyrirmæli laganna í þessu efni. Eigi sá, sem á fasteign í hreppnum eða kaupstaðnum, heima utanhrepps, skal skýra skattanefndinni þar, sem hann á heima, tafarlaust frá því, í síðasta lagi með fyrstu póstferð eptir að búíð er að semja skattskrána, og láta þess jafnframt getið, hvað miklar tekjur gjört er, að hann hafi haft af þessari fasteign, og verður þá að setja á skrána eigi að eins þær fasteignir, er tekjurnar af nema hinum minnsta skattstofni, 50 kr., samkvæmt 3. grein laganna, heldur og þær, er eigi nema svo miklu, til þess að hlutaðeigandi skattanefnd geti skorið úr, hvort allar eignartekjur hins skattskylda samman taldar nemi því, að af þeim beri að greiða skatt.

Við 12. gr. Synji embættismenn og aðrir, er einhver störf hafa á hendi í þarfir hins opinbera, eða stjórnendur stofnana og þjelaga skattanefndinni um skýrslur þær, er getur um í þessari grein, skal hún skjóta málinu þegar til landshöfðingja og senda honum þá bæði endurrit af beiðninni um skýrsluna og af svarinu frá embættismanninum.

Við 13. gr. Hverjum manni, sem skatt á að greiða, er heimilt sjálfum að gefa

skattanefndinni á fundum þeim, er getur um í þessari grein, skýrslu um tekjur sínar, og á að leggja hana til grundvallar, er telja skal hinar skattskyldu tekjur. **Hve- 57**
nær og hvar þessir fundir verði haldnir, skal birta fyrir fram, með eigi minna en 8 daga 15. maí.
 fyrirvara, til sveita við kirkju, en í kaupstöðum á þann hátt, er þar er tíðkaður, er boðaðir eru almennir fundir; og skal taka það beinlínis fram í auglýsingunni, að skattanefndin taki við slíkum skýrslum á fundinum, og er gjaldþegnum auk þess leyfilegt að senda formanni skattanefndarinnar framtal sitt skrifað, fyrir fundinn. Aftur á móti getur enginn gjaldþegnheimtað, að framtal hans sje tekið til greina, ef hann kemur því eigi í hendur skattanefndinni fyrir en búið er að semja skattskrána. Sömuleiðis á að vera vísað í auglýsingunni í 15. og 16. grein laganna, um að skattskrárnar liggi til sýnis hreppsþúum eða kaupstaðarþúum frá 1.—15. nóvember, að báðum dögum meðtöldum, á einhverjum stað, sem er hentugur hreppsþúum, og til skal tekinn í auglýsingunni, í kaupstöðum í bæjarþingstofunni, og að kærur frá þeim, sem eru óánægðir með ákvörðun skattanefndarinnar um tekjur þeirra, skuli bornar upp brjeflega fyrir formanni skattanefndarinnar fyrir 15. nóvember.

Þyki skattanefndinni tortryggilegt framtal einhvers, rannsakar hún málið, svo sem þörf er á, og til tekur síðan, hvað miklar gjöra skuli tekjurnar. Nú neitar gjaldþegninn eða umboðsmaður hans að útvega skírteini þau og sannanir, er skattanefndin krefst, eða hann segir eigi sjálfur til um tekjur sínar, og kveður þá nefndin á um tekjur hans eptir því, sem hún veit sannast og rjettast, og verður þá, þar sem brestur nægilegar skýrslur og skírteini, að fara eptir því, hvað ætla má að hann muni kosta til viðurværis sjer og sínum, eptir tölu þeirra og viðurlífi, og eptir því sem að öðru leyti er kunnugt um efnahag hans og hvað hann hefir mikið um sig, og um arðinn af atvinnu hans. Nú er einhver gjaldþegn eigi búsettur hjer á landi, en á að greiða skatt af tekjum þeim, er hann hefir af atvinnu eða sýslu, sem rekin er hjer á landi, og verður þá, er telja skal kostnaðinn til að reka atvinnuna, svo sem á er vikið í athugasemdunum hjer að framan, við 10. gr., eigi að eins að taka til greina það af þessum kostnaði, er úti er látið þar, sem hann á heima, heldur verður einnig að aðgæta, hvort kostnaðurinn til viðurværis handa honum og vandamönnum hans verður talinn með arðinum af atvinnu hans eða sýslu hjer á landi, allur eða nokkuð af honum, og því að eins og svo framarlega sem skattanefndin hyggur, að svo sje, má taka tekjuskatt af þessum tekjum hjer á landi; en hafi hann þær af atvinnu, sem hann rekur erlendis, eða af eign, sem hann á þar, og eigi er skattskyld hjer á landi, skal eigi taka þær til greina, er hann er settur í skatt hjer á landi.

Við 14. gr. Á skattskránum, er semja skal eptir fyrirmyndinni hjer að aptan, skal fyrst telja þá, er hafa skýrt frá tekjum sínum það ár, er um er að tefla, og síðan þá, er eigi hafa talið sjálfir fram; loks skal bætt við fasteignum þeim eða atvinnuvegum í hreppnum eða kaupstaðnum, er utanhreppsmenn eiga eða stunda; — þá skal rita þannig í skýrsluna, að setja í 1. dálk jörðina eða atvinnuvegin aptan við nafn og heimili gjaldþegnsins, og rita síðan að eins í þá dálkana, er snerta hinar áætluðu tekjur hlutaðeiganda, en í dálkinn, sem ætlaður er fyrir «síðari leiðrjettingar», skal rita daginn, er skattanefndinni þar, sem gjaldandi dvelur, er send vísbending sú, er fyrir er mælt um í athugasemdunum við 11. grein. — Að því er hina snertir, þá er skatt eiga að greiða, skal setja í dálkinn undir «síðari leiðrjettingar» þær breytingar á skattskriptinni, er leiðir af úrskurðum skattanefndarinnar samkvæmt 16. gr. eða yfirskattanefndarinnar samkvæmt 20. gr.

57
15. maí.

Við 15., 16. og 17. gr. Hvað lengi skattskráin liggi til sýnis og hver sje frest-
urinn til að bera upp kærur gegn skattanefndinni skal birt almenningi í sveitarfjélaginu
á þann hátt, sem segir að framan, við 13. gr.

Skattanefndin skal upp kveða úrskurð um hverja kæru, er henni berst, fyrir 1.
desbr., og skal kæranda áður veittur kostur á að koma fram með skýrslur þær, er þörf
þykir á, á fundi í skattanefndinni. Á þann fund má boða kæranda með kvöldfresti.

Nú er sá, er kærir yfir ákvörðun skattanefndar um tekjur hans, sjálfur í nefnd-
inni, og skal hann þá ganga úr sæti sínu í nefndinni, og varanefndarmaðurinn setjast í
það í hans stað, meðan verið er að úrskurða um kærana.

Þegar búið er að leiðrjetta skattskrána samkvæmt úrskurðum skattanefndarinnar,
skal senda hana fyrir nýár til hlutaðeigandi sýslumanns eða bæjarfógeta, með árituðu
vottorði frá skattanefndinni um, að á skrána sjeu ritaðir allir þeir, er tekjuskatt eigi að
greiða í því umdæmi samkvæmt lögum 14. des. 1877, svo og skattskyldar fasteignir þær
og atvinnuvegir, er nefndir eru við 11. og 14. gr., að skráin hafi legið almenningi til
sýnis á þann hátt, er segir í 15. gr. laganna, og að kærur út af ákvörðun skattanefnd-
arinnar um skattskyldar tekjur hafi verið úrskurðaðar á þann hátt, sem segir í 16. gr.—
Sje sýslumaðurinn eða bæjarfógetinn eigi sjálfur formaður í yfirskattanefnd umdæmisins,
sendir hann formanni allar skattskrárnar frá skattanefndunum í umdæmi yfirskattanefnd-
arinnar, til afnota við störf yfirskattanefndarinnar.

Við 18.—22. gr. Undir eins og búið er að kjósa menn í skattanefndina sam-
kvæmt 11. gr. laganna, sendir bæjarstjórnin í kaupstöðum landshöfðingja tillögur sínar
um, hverja skuli taka í yfirskattanefnd, og skipar hann síðan formann, 2 nefndarmenn og
1 varanefndarmann í hlutaðeigandi yfirskattanefnd, og á uppástungu bæjarstjórnarinnar
að fylgja tilkynning um, hverjir sjeu kjörnir nefndarmenn og varanefndarmenn í skatta-
nefndina. Í sveitum sjá sýslumennirnir sem oddvitar sýslunefndanna um kosningu tveggja
nefndarmanna og eins varanefndarmanns í yfirskattanefndina, og er sýslumaður oddviti
yfirskattanefndarinnar; kosningin í yfirskattanefndina í kaupstöðum mun verða birt í Stjórn-
artíðindum, deildinni B, og skal bæjarfógeti síðan auglýsa það sem þörf er á í því efni
í hlutaðeigandi kaupstað.

Til yfirskattanefndarinnar má skjóta úrskurðum skattanefndarinnar með brjeflegri
kæru til oddvita yfirskattanefndarinnar fyrir nýár; aptur á móti verða þær ákvarðanir
um skattskyldar tekjur manns, er eigi hafa verið meðhöndlaðar samkvæmt 16. grein,
eigi kærðar fyrir yfirskattanefndinni. Kærum, sem eigi eru komnar til oddvita yfirskatta-
nefndarinnar fyrir nýár, verður engin gaumur gefin.

Yfirskattanefndin leitar þeirra skýrslna, er við þykir þurfa til að leggja úrskurð á
hverja kæru, og á hún sjer í lagi að veita skattanefndinni færi á að láta í ljósi álit sitt
um kærana og tilgreina ástæður sínar fyrir skattskript sinni. Þegar búið er að útvega
skirteini þau og sannanir, er á þarf að halda, kveður yfirskattanefndin upp úrskurð sinn,
og skal skýra bæði hlutaðeigandi skattanefnd og kæranda frá honum tafarlaust, og er
málinu þar með ráðið til lykta. Þessi úrskurður yfirskattanefndarinnar á að vera upp kveðinn
innan febrúarmánaðarloka. Þegar yfirskattanefndin leggur úrskurð á málið, á hún að fara
eptir þeim reglum um það, hvernig ákveða skuli skattinn, er settar eru í lögum 14. des. 1877 um
tekjuskatt og í þessari reglugjörð. Þegar yfirskattanefndin er búin að leggja úrskurðinn
á, leiðrjettir formaður skattskrárnar samkvæmt því, sem hún hefir úrskurðað, og semur
síðan eptir því skrá yfir tekjuskatt þann, er greiða skal það ár í sýslunni eða kaupstaðn-

um. Sje bæjarfógeti eigi sjálfur formaður í yfirskattanevndinni, sendir formaður hennar **57** bæjarfógeta skrána fyrir 15. marz. 15. maí.

Nú er sá, er kærir yfir ákvörðuninni um tekjur hans, einn í yfirskattanevndinni, er það mál skal úrskurða, og skal hann þá ganga úr sæti í nefndinni og varanefndarmaðurinn koma í hans stað.

Reikning yfir þóknun þá, er þeir, sem sitja í yfirskattanevndinni, eiga að fá samkvæmt 21. gr., sendir formaður landshöfðingja, er úrskurðar reikninginn og ávísar gjaldinu síðan úr landssjóði.

Við 25. gr. Þegar skattanevnd eða yfirskattanevnd hyggur þess vera þörf eða það þykir henta, á hún að brýna fyrirmæli þessarar lagagreinar fyrir hlutaðeiganda gjaldþegni eða umboðsmanni hans.

Landshöfðinginn yfir Íslandi, Reykjavík, 15. maí 1878.

Hilmar Finsen.

Jón Jónsson.

Fyrirmynd fyrir

skrá

um þá, sem skatt eiga að greiða í hreppi (kaupstað) í sýslu, samkvæmt lögum um tekjuskatt 14. desbr. 1877, árið 18

Nafn, staða og heimili gjaldanda.	Tekjur af eign.			Tekjur af atvinnu.			Tekjurnar eru ákveðnar eptir framtali gjaldanda sjálfs.	Upphæð skattsins.		Síðari leiðrjettningar.
	Áætlaðar tekjur	Frá dregst eptir 1. gr. laganna.	Skattur er talinn af	Áætlaðar tekjur	Frá dregst eptir 7. gr. laganna.	Skattur er talinn af		Eptir I. kafla laganna (eign)	Eptir II. kafla laganna (atvinnu)	

Reglugjörð.

58
18. maí.

um virðingu á húsum, er skatt skal af greiða í landsjóð samkvæmt lögum um húsaskatt 14. desember 1877.

1.

Allar húseignir í kaupstöðum og verzlunarstöðum landsins, sem eru fullra 500 króna virði, svo og allar aðrar húseignir, sem eru fullra 500 króna virði, þótt eigi standi þær í kaupstað eða verzlunarstað, ef þær eru eigi notaðar við ábúð á jörð, þeirri er metin sje til dýrleika, eru skattskyldar eptir lögum þessum, og skulu yfirvöldin láta virða þær eptir neðangreindum reglum.

Undanþegar húsaskatti eru allar kirkjur, skólar, sjúkrahús, og öll önnur hús, sem eru þjóðeign eða til opinberra þarfa. Þessi hús verða því undanskilin virðingargjörð þeirri, er fyrirskipuð er með lögum 14. desember 1877. Sömu leiðis verða húseignir í Reykjavíkurkaupstað, sem virtar eru til brunabóta samkvæmt tilsk. 14. febr. 1874, 4. og 5. gr., undanskildar þessari virðingu, með því að á þær á að leggja skattinn eptir brunabótavirðingunni.

2.

Sýslumenn og bæjarfógetar eiga að láta virða allar þessar húseignir, er virða ber samkvæmt fyrirmælum tjeðra laga, og eiga virðingargjörðir þessar að fara fram einhvern tíma á þessu ári, og sje þeim lokið fyrir árslok. Síðan semja nefndir embættis-

Hinn 31. maí 1878.

58 menn, hver fyrir sitt lögsagnarumdæmi skrá um allar skattskyldar húseignir í lögsagnar-
 18. maí. umdæminu, eptir fyrirmynd þeirri, er hjer fer á eptir, og á síðan að fara eptir þeirri skrá við innheimtu umgetins húsaskatts bæði á manntalsþinginu árið 1879, og á manntalsþingum árin þar á eptir, með þeim lagförlingum, er þörf gjörist vegna breytinga þeirra, er á húseignunum verða. Falli skattskyld húseign úr sögunni eða verði svo mikil breyting á henni, að hún verði mun minna virði eptir en áður, er eigandi skyldur að segja það sýslumanni fyrir lok ágústmánaðar ár hvert, til þess að koma megi á þeirri lagförlingu í því efni, er við þarf, að undangenginni nýrri virðingu, ef því er að skipta. Ef reistar eru nýjar húseignir, er skatt þennan skal af greiða eptir lögunum, eða gjörðar eru þær breytingar á þeim húsum, sem nú eru til, að þau verði mun meira virði, verður að gjöra nýja virðingu til að lagfæra skattskrána, og skulu hreppstjórar skyldir að láta sýslumann vita það fyrir ágústmánaðarlok ár hvert, hvort heldur það er í sveitum eða í verzlunarstöðum, þeim er sýslumaður á eigi heima í sjálfur. Í þeim verzlunarstöðum, er sýslumaður á sjálfur heima í, á hann að hafa það eptirlit, að því er snertir nýjar húseignir og húsbreytingar, er við þarf í þessu efni, og í kaupstöðum eiga bæjarfógetarnir að gjöra það.

3.

Virðingin á að vera gjörð af tveim byggingafróðum mönnum, er sjeu til þess nefndir fyrir rjetti, og eiga, áður en þeir taka til starfa, að vinna þess heit brjeflega, að gegna sýslu sinni eptir bezta megni og samvizku, og þannig, að þeir treysti sjer til að staðfesta gjörðir sínar með eiði, ef þess er krafizt.

Virðingargjörðirnar skulu framkvæmdar af hinum tilnefndu mönnum, og skal bæjarfógeti stjórna þeim í kaupstöðum og sýslumaður í verzlunarstöðum, eigi hann þar heima, en annars getur hann fengið hlutaðeigandi hreppstjóra umboð til að standa fyrir virðingargjörðinni fyrir sína hönd. — Í sveitum, þar sem eru einhverjar skattskyldar húseignir (þ. e. þær, er eigi fylgja jörð, þeirri er metin sje til dýrleika), á hreppstjóri að vera annar hinna tilnefndu virðingarmanna, sje hann til þess fallinn.

Eigi má virðingamaður eiga þátt í virðingu á húseign, er hann á sjálfur, og kveður sýslumaður eða bæjarfógeti, er svo stendur á, annan byggingafróðan mann til að framkvæma matið í hans stað, og lætur hann áður vinna áminnzt heit.

Virðingargjörðir í kaupstöðum á að rita þegar í stað í þar til gjörða sjerstaka bók, og í verzlunarstöðum og til sveita á að rita hverja virðingargjörð undir eins. Þeir skulu setja nöfn sín undir hana, er hafa tekið þátt í henni; og á húseigninni að vera lýst þar svo ýtarlega, sem hægt er, tilgreint, hvar húsið stendur, til hvers það er ætlað, hvað stórt það er á hvern veg og hvernig háttað. Virðingarverðið skal ákveðið eptir því, hvers virði húsið sjálft er í raun og veru á þeim tíma, er virðingin fer fram, að fráskilinni lóðinni undir því. Virðingarverðið skal til tekið í heilum krónum.

4.

Undir eins og búíð er að virða hverja húseign, skal skýra eiganda frá virðingarverðinu, eður og þeim, sem er viðstaddur virðingargjörðina af hans hálfu, og sje hann eigi ánægður með virðinguna, á hann rjett á að heimta, að húsið sje virt upp, en þá verður hann að beidast þess brjeflega hjá bæjarfógeta eða sýslumanni áður 14 dagar sjeu liðnir frá því virðingin fór fram; ella er þess eigi kostur. — Til þess að virða upp aptur, skal nefna 4 byggingafróða menn, á þann hátt, er fyrir er mælt í 2. gr., og á að fara eptir framangreindum reglum um kvaðning þeirra og framkvæmd virðingargjörðarinnar; þó skal þá bæjarfógeti eða sýslumaður jafnan sjálfur stjórna matsgjörðinni, og virðingarmönnum (hinum fyrri) gefinn kostur á að vera við, þegar virt er upp aptur, ef þeir

óska þess. — Kostnaðinn, sem rís af því að virða upp aptur, greiðir sá, er þess beiðist, nema svo sje, að munurinn á hinni fyrri virðingu, og þeirri, er virt er upp aptur, sje eigi minni en 10 af hundraði; þá skal kostnaðinn greiða af almannaþje. **58** 18. maí.

Landshöfðinginn yfir Íslandi, Reykjavík, 18. maí 1878.

Hilmar Finsen.

Jón Jónsson.

Fyrirmynd

fyrir skrá um húseignir þær í kaupstað í sýslu, er settar eru í skatt samkvæmt lögum um húsaskatt 14. desbr. 1877, árið 18

Nöfn eiganda og heimili.	Hin skatt-skylda húseign.	Virðing-arverð húseign-arinnar.	Þinglýst-ar verð-skuldir, er dragast frá.	Skatt-skyld upphæð.	Skatturinn talinn.		Athugasemdir.
					af kr.	1½ af þúsundi kr. a.	

Auglýsing.

59
20. maí.

Samkvæmt lögum um kirkjutíund í Reykjavíkur lögsagnarumdæmi 27. febr. þ. á., 3. gr., auglýsist hjer með, að gjald þetta, er lagt skal á hús þau, er tryggð eru fyrir eldsvoða, eptir virðingu þeirri, sem gjörð er samkvæmt tilskipan 14. febrúar 1874, 4. og 5. gr., skal leggja á hin hús í lögsagnarumdæmi kaupstaðarins eptir þeirri virðingu, er gjöra skal á þeim samkvæmt lögum um húsaskatt 14. desember 1877 og reglugjörð landshöfðingja 18. þ. m.

Undir eins og hin almenna virðing, sem fyrir er skipuð í nefndri reglugjörð, er um garð gengin á þessu ári, á þójarfógetinn í Reykjavík að láta fjárhaldsmanni dómkirkjunnar í tje eptirit af virðingargjörðinni, og á hann síðan tafarlaust að leggja kirkjutíundina á eptir henni og heimta saman gjaldið um fardaga-árið 1878—79 samkvæmt lögum 27. febr. þ. á.

Síðan á þójarfógetinn að skýra fjárhaldsmanni kirkjunnar fyrir 6. júní á hverju ári frá þeim breytingum, er orðið hafa á virðingu þessara húsa frá því árið fyrir. En um virðingu þeirra húsa, sem tryggð eru fyrir eldsvoða, útveggar fjárhaldsmaður dómkirkjunnar sjer þær skýrslur, er á þarf að halda, hjá brunamálastjóranum; og á kirkjutíundin um hvert fardagaár að leggjast á eptir virðingarverði húseignanna í byrjun þess.

Landshöfðinginn yfir Íslandi, Reykjavík, 20. maí 1878.

Hilmar Finsen.

Jón Jónsson.

Fundaskýrslur amtsráðanna.

60
10. marz.

A.

Fundur amtsráðsins í norður- og austurumdæminu 2. dag júnímánaðar 1877.

Fundurinn var haldinn á Akureyri af forseta ráðsins, amtmanni Christjánsson, með amtsráðsmanni Einari Ásmundssyni og vara-amtsráðsmanni Stefáni Jónssyni.

Til umræðu komu þessi málefni:

1. Voru rannsaðir sýslusjóðsreikningar fyrir árið 1876 úr Húnavatnssýslu, Skagafjarðarsýslu og Eyjafjarðarsýslu, og gjörðar ýmsar athugasemdir við hvern þessara reikninga út af fyrir sig. Sýslusjóðsreikningarnir úr hinum sýslum umdæmisins voru enn eigi komnir til amtsráðsins.

60
10. marz.

2. Rædd og samþykkt tillaga frá bókaverði amtsbókasafnsins á Akureyri um það, hvernig verja skyldi tekjum safnsins á yfirstandanda ári og hverjar bækur kaupa skyldi til safnsins. Sömu leiðis var rannsaakaður reikningur bókasafnsins fyrir árið 1876.
3. Samþykkti amtsráðið, að bæjarfógetinn á Akureyri mætti kaupa ýms áhöld til fanga-hússins þar á staðnum, sem bæjarfógetinn hafði skýrt frá, að vantaði, og beðið um leyfi til að mega kaupa.
4. Sýslumaðurinn í Suður-Múlasýslu hafði beðið um samþykki amtsráðsins til að láta gjöra ýmislegt við fangahúsið á Eskifirði, svo sem að mála það, veita vatni frá því og gjöra við grundvöll hússins. Hafði sýslumaðurinn áætlað, að til þessara nauðsynlegu viðgjörða mundi þurfa 82 kr. 66 a., og samþykkti amtsráðið þessa tillögu sýslumannsins.
5. Forseti framlagði brjef dags. 14. febrúar þ. á. frá sýslumanninum í Húnavatnssýslu, með mörgum fylgiskjölum, um ágreiningsmál úr Vindhælishreppi um gangnatakörk milli Landsendarjettar og Skrapatungurjettar. En með því mál þetta þegar hafði verið útkljáð á fundi amtsráðsins 14. febrúar þ. á., þannig, að úrskurður sýslunefndarinnar í Húnavatnssýslu í því var staðfestur, þá var nú ekkert framar við mál þetta að gjöra.

Fleiri mál gátu eigi orðið tekin til umræðu á þessum fundi amtsráðsins.

B.

Fundur amtsráðsins í norður- og austurumdæminu 25.—30. d. janúarmánaðar 1878.

Fundurinn var haldinn á Akureyri af forseta ráðsins, amtmani Christjánsson, með amtsráðsmönnum Einari Ásmundssyni og Jóni Sigurðssyni.

Á fundinum komu þessi mál til umræðu:

1. Voru rannsaakaðir reikningar fyrir árið 1876 yfir sýsluvegagjaldið í Suður-Múlasýslu, Norður-Múlasýslu, Eyjafjarðarsýslu, Skagafjarðarsýslu og Húnavatnssýslu, og gjörðar við suma þeirra smávegis athugasemdir.
2. Yfirfarin og athuguð eptirrit af gjörðabókum sýslunefndanna í öllum sýslum umdæmisins, og fann amtsráðið ekkert sjerlegt athugasvert við neina af þessum fundar-gjörðum sýslunefndanna.
3. Oddviti sýslunefndarinnar í Skagafjarðarsýslu hafði í brjefi dags. 24. ágúst f. á. færzt undan að leiðrjetta í sýslusjóðsreikningi, eptir fyrirmælum amtsráðsins, þann halla, er sýslusjóðurinn hefir beðið við það, að ekkert sýslusjóðsgjald hefir verið tekið af Fannlaugarstaðalandi og þrætupartí milli jarðanna Skálahnjúks og Skrapatungu, en báðar þessar lendar eru taldar með Skagafjarðarsýslu í jarðabókinni 1861. Byggði oddvitinn undanfærslu sína á því, að jarðeignir þessar mundu rjettara taldar með Húnavatnssýslu. En með því engin gild sönnun var fram komin fyrir því, að svo væri, og með því sýslusjóður Húnavetninga eigi heldur fær neitt gjald af tjeðum lendum, en ekkert jarðarhundrað í landinu er undanþegið sýslusjóðsgjaldi, þá gat amtsráðið ekki fallizt á skoðun oddvitans og ítrekaði því hin fyrri fyrirmæli sín.
4. Var røtt um kostnaðinn við fjárkláðavörð þann, er settur var milli Suðurlands og Norðurlands næstlíðið sumar. Eptir brjefi amtmannsins í vesturumdæminu og reikningum, er því fylgdu, var allur varðkostnaðurinn 2590 kr., og lagði amtmaðurinn það til, að þessi kostnaður yrði greiddur bæði af vesturumdæminu og norður- og austurumdæminu eptir reglunum í 5. gr. tilskipunar 4. marz 1871, þannig, að helmingurinn væri greiddur af báðum jafnaðarsjóðunum, eptir tölu tíundbærra lausafjrhundr-

aða í hvoru amtinu fyrir sig, en hinn helmingurinn af fjáreigendum í þeim sýslum, sem næstar liggja kláðasvæðinu. Amtsráðið fjellst á tillögu amtmannsins í vestur-⁶⁰ umdöminu í þessu máli, og koma þá, eptir því sem tala rennur til, 942 kr. á jafn-^{10. marz.} aðarsjóð norður- og austurumdömisins, en 782 kr. á fjáreigendur í Húnavatns- og Skagafjarðarsýslum.

5. Voru rannsakadir sýslusjóðsreikningar fyrir árið 1876 úr Þingeyjarsýslu, Norður- múlásýslu og Suðurmúlásýslu. Fann amtsráðið ekki ástæðu til að gjöra neinar at- hugasemdir við þá.
6. Var samið yfirlit yfir fjárhag sýslusjóðanna í norður- og austurumdöminu árið 1876.
7. Landshöfðinginn hafði í brjefi dags. 5. okt. f. á. beiðzt tillaga amtsráðsins um það, hvort veita ætti Snorra dýralækni Jónssyni styrk úr landssjóði til að framhalda rann- sókn um dýrasjúkdóma hjer í umdöminu. Einnig hafði Snorri sjálfur beiðzt þess, að amtsráðið veitti sjer 464 krónur til endurgjalds kostnaði, er hann hafði haft af slik- um rannsóknnum, og þar að auki 400 kr., sem viðbót við laun sin næstliðið ár. Þar sem nú amtsráðinu var ókunnugt um, hvort nokkur árangur hefði orðið af rannsókn- um þessum, og sýslunefndirnar í Múlásýslunum höfðu talið þær lítilsverðar, þá þótt- ist amtsráðið að svo stöddu eigi geta veitt Snorra það, er hann beiðdi um. Aptur vildi amtsráðið ekki leggja móti því, að dýralækninum yrði veittur hæfilegur styrkur úr landssjóði, einkum til þess að koma á prent ritgjörðum um dýrasjúkdóma hjer á landi.
8. Landshöfðinginn hafði sent amtsráðinu til umsagnar kæru frá oddvita hreppsnefndar- innar í Vindhölishreppi yfir úlyktun þess, er staðfesti úrskurð sýslunefndar Húnavetn- inga um gangnatak mörk milli Skrapatungurjettar og Landsendarjettar. Amtsráðið álitur, að hver sýslunefnd hafi eptir sveitastjórnarlögunum æðsta og seinasta úrskurð- arvald í öllum fjallskilamálum; og af þessari ástæðu hefir amtsráðið álitid, að úr- skurður sýslunefndarinnar hlyti að gilda í máli því, er hjer ræðir um.
9. Anna jungfrú Melsteð hafði í brjefi dags. 6. þ. m. farið þess á leit, að fá styrk til að veita ókeypis tilsögn í mjólkurmeðferð og ostagjörð næstkomanda sumar. Amts- ráðið áleit það mjög vel til fallið og nauðsynlegt, að slik tilsögn gæti fengizt, og vildi því kröptuglega mæla með því, að landshöfðingjanum mætti þóknast að veita jungfrúnni hjer umbil 200 króna styrk af fje því, sem í fjárlögunum, 10. gr. C 5. er ætlað til að efla atvinnuvegina.
10. Var rannsakadur reikningur amtsbókasafnsins á Akureyri fyrir árið 1877. Sömu- leidis rætt frumvarp um notkun bókasafnsins, og tillaga um, hvernig verja skyldi tekjum safnsins þetta ár. Amtsráðið áleit nauðsynlegt, að setja fasta nefnd til að sjá um bókasafnið og framkvæmdir þess, ásamt bókaverði, og kaus í nefndina hjeradslækni Þorgrím Johnsen, kandidat Jóhannes Halldórsson og verzlunarmann Pjetur Sæmundsson. Með því amtsbókasafnið engan fastan sjóð á, og árstekjur þess hrökkva varla til hinna allra brýnustu þarfa, en safnið á hinn bóginn á nú fram undir 1000 bindi, er því hafa bætzt, síðan skrá yfir bækur þess var prentuð 1851, þá afrjeði amtsráðið að snúa sjer til landshöfðingjans með þá beiðni, að hann vildi veita styrk til að semja og koma á prent viðauka við bókaskrána, af fje því, er veitt er í fjárlögunum til vísindalegra og verklegra fyrirtækja.
11. Amtsráðið samdi:

60
10. marz.

Áætlun

um gjöld og tekjur jafnaðarsjóðsins í norður- og austurumdöminu árið 1878.

Gjöld:

1. Til dóms- og lögreglumála	100 kr.	» a.
2. — gjafsóknarmála	100 —	» -
3. — sáttamála	50 —	» -
4. — heilbrigðismála (bólusetninga o. s. frv.)	150 —	» -
5. — kennslu heyrnar og mál-lausra	600 —	» -
6. — ferðakostnaðar embættismanna	100 —	» -
7. — kostnaðar við amtsráðið	150 —	» -
8. — varðkostnaðar gegn fjárkláðanum	1500 —	» -
9. — þriðju afborgunar af skuld sjóðsins fyrir fangahúsbyggingar	2124 kr. 67 a.	
og vaxta af 29745 kr. 33 a.	1104 — 83 -	3229 — 50 -
10. — óvissra útgjalda	893 — 98 -	6873 — 48 -

Tekjur:

- | | | |
|---|-------------|-------------|
| 1. Í sjóði frá fyrra ári | 844 kr. | 8 a. |
| 2. Niðurföfnun á lausafjórðruðin í amtinu, 20 aurar á hvert | 6029 — 40 - | 6873 — 48 - |
12. Var samið yfirlit yfir fjárhag þjóðvegassjóðanna í norður- og austurumdöminu árið 1876.
13. Voru rannsakadir reikningar búnaðarsjóðs umdæmisins fyrir næstliðin 2 ár. Eptir reikningunum voru 369 kr. 71 e. í sjóði við árslok 1877, og áleit amtsráðið, að þessu fje ætti að verja á yfirstandanda ári samkvæmt tilgangi sjóðsins. Nú með því amtsráðið vildi allt kapp á leggja, að fá Svein búfræðing Sveinsson eður einhvern annan búfróðan mann til að ferðast hjer um í sumar, til þess að leiðbeina mönnum í jarðyrkjustörfum o. fl., þá hjelt amtsráðið, að eigi mundi veita af, að ætla fje þetta til þessa. En skyldi þessu áformi eigi geta orðið framgengt, var ákveðið, að 100 kr. þessa fjár skyldi varið til sljettunarverkfæra og skurðgraptarverkfæra, öðrum 100 kr. til styrktar til að læra að höggva stein, og afganginum til annara þarflegra fyrirtækja, búnaðinum til eflingar.
14. Að síðustu framlagði forseti til álita bónarbrjef frá Þorgrími hjeraðslækni Johnsen, þar sem hann beiðist 50 króna þóknunar af landssjóði fyrir að kenna einni yfirsetukonu fæðingarfræði. Vildi amtsráðið gefa sín beztu meðmæli með því, að læknum yrði veitt þessi þóknun, þar sem það áleit hana sanngjarna og hæfilega.

Feiri mál komu eigi til umræðu á þessum fundi.

Akureyri, 10. marzmánaðar 1878.

Christiansson.

- 61** — Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um skilning á lækna-
13. apríl. skólareglugjörð 9. ágúst 1876. — Í þóknanlegu brjefi 11. f. m. hafið þjer, herra landshöfðingi, beiðzt úrskurðar ráðgjafans um það, hvort, og þá með hvaða skilyrðum, veita megi lærisveini, er hefir gjört sig sekan í óreglu þeirri, er getur um í 5. gr. í reglugjörð fyrir lækna skólann í Reykjavík 9. ágúst 1876, og þess vegna hefir verið vísað burt úr skólanum, inntöku í skólann aptur, eptir að hann um lengri tíma, sem nánara

yrði tiltekinn, hefir lifað reglulegum lifnaði; og í annan stað borið undir ráðgjafann sjerstaklegt tilfelli af því tagi, sem nýlega hefir komið fyrir.

61
13. apríl.

Út af þessu er eigi látið undan falla að tjá yður þjónustusamlega til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar, að það er hvorttveggja, að eigi hefir svo verið tilætlazt, er reglugjörðin var samín, að gjörð yrði nokkur undantekning frá tjeðri ákvörðun, þegar svo stendur á sem hjer røðir um, enda finnur ráðgjafinn eigi ástøðu til að gjöra neina breytingu á reglugjörðinni í þessu efni. Aptur á móti er það að segja um stúdent þann, Pjetur Jónsson, er getur um í brjefi yðar, og eigi hefir verið reglulega vísað burt frá skólanum, heldur yfirgaf skólann sjálfur í júlímánuði f. á., áður en burtreksturinn átti sjer stað, og sem leyft hefir verið eptir ráðstöfun yðar að hlýða á fyrirlestra þetta skólamissiri og láta hlýða sjer yfir sem óreglulegur lærisveinn, að ráðgjafanum þykir rjettast að leyfa, að hann sje tekinn inn í skólann aptur í byrjun næsta skóla-árs, og þannig, að tíminn, sem hann hefir verið í skólanum sem óreglulegur lærisveinn, verði eigi talinn með í hinum fulla námstíma, 4 árum; og eins er það vitaskuld, að vísa verður honum í burtu undir eins, ef hann gjörir sig aptur sekan í drykkjuskap eða annari óreglu, og að eigi má taka hann inn í skólann, ef hann gjörist brotlegur í millibilinu til 1. október þ. á.

— *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um lán handa prestakalli.* — Út af bóнарbrjefi, er hingað barst með þóknanlegu brjefi yðar, herra landshöfðingi, dags. 15. febr. þ. á., frá prófastinum í Dalasýslu, síra Jóni Guttormssyni, um að veitt sje Hjarðarholtsprestakalli í tjeðri sýslu 1000 króna lán úr viðlagasjóði til endurbóta á túni prestsetursins, einkum með vörzlugörðum og skurðum, er yður hjer með þjónustusamlega tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari ráðstafana, að beiðni þessi er veitt, með þeim kjörum, að lánið sje borgað aptur á 10 árum, 100 kr. á ári, og greiddir í vöxtu 4 af hundraði um árið af því, sem eptir er af höfuðstólnum í hvert skipti.

62
13. apríl.

— *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um lán handa Akureyrarkaupstað.* — Út af bóнарbrjefi, er hingað barst með þóknanlegu brjefi yðar, herra landshöfðingi, dags. 4. febr. þ. á., frá bæjarfógetanum á Akureyri fyrir hönd bæjarstjórnarinnar þar, um 6000 kr. lán handa kaupstaðnum úr viðlagasjóði, og eru 4000 kr. af því ætlaðar til aðgerðar að kirkjunni, og hitt til vegagjörðar á Akureyri sjálfri og á Oddeyri, er yður hjer með þjónustusamlega tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari ráðstöfunar, að beiðni þessi er veitt, með þeim kjörum, að lánið sje borgað aptur á tíu árum, $\frac{1}{10}$ hluti þess á ári, og að greiddir sjeu í vöxtu 4 af hundraði um árið af því, sem eptir er af höfuðstólnum í hvert skipti.

63
13. apríl.

— *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu um óendurgoldinn sveitarstýrk sem meinbug á hjónabandi.* — Í brjefi dags. í gær, tjáið þer mér, herra amtmáður, þóknanlegt álit yðar um fyrirspurn þá, er jeg sendi yður með brjefi mínu 30. f. m., frá Jóni Sveinbjarnarsyni á Draghálsi og Jóni Erlendssyni á Svarfhóli sem svaramönnum Guðmundar nokkurs Hjálmarssonar, um það hvort óendurgoldinn sveitarstýrkur, er lagður hefir verið óskilgetnum börnum hans til framfærslu af Skorradalshreppi, sje því til fyrirstöðu samkvæmt tilsk. 30. apríl 1824, 3. gr. 10 tölul., að hann bindist í hjúskap, og læt jeg yður nú þjónustusamlega tjáð, herra

64
16. maí.

64 amtmaður, það er nú skal greina, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlut-
16. maí. aðeigöndum.

Með því að óskilgetin börn eiga sömu sveit og móðir þeirra, svo sem segir í 6. gr. reglugjörðar 8. janúar 1834, og því verður svo að virða, sem styrkur sá, er lagður er óskilgetnum börnum, sje veittur móðurinni, getur slíkur óendurgoldinn sveitarstyrkur eigi verið því til fyrirstöðu, samkv. tilsk. 30. apríl 1824, 3. gr., 10. tölul., að faðirinn bindist hjúskap við einhvern annan kvennmann en móður hinna óskilgetnu barna sinna, enda verður og engin breyting á hreppshelgi barna þessara, þótt faðir þeirra kvongist.

65 — *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu um fjár-*
21. maí. *rekstrabann.* — Með þóknanlegu brjefi frá 30. f. m. hafið þjer, herra amtmaður, sent mjer beiðni, þar sem sýslunefndarmennirnir í Borgarfjarðarsýslu fara þess á leit, að bannið gegn því að reka og flytja fje yfir takmörk hins kláðagrunaða svæðis verði numið úr gildi frá næstu fardögum, þar sem nú sje ástæða til að ætla, að kláðagrunurinn sje horfinn.

Fyrir því læt jeg ekki undan falla að tjá yður, herra amtmaður, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutadeigöndum, að jeg að vísu vona, að kláðaveikinni sje með öllu útrýmt af svæði því, er fjeð hefir verið grunað á, en jeg samt álít það skyldu mína gagnvart fjáreigöndunum fyrir utan svæði þetta, að láta hið nefnda rekstrabann standa óbreytt í sumar, og get því ekki veitt það, sem farið hefir verið fram á. Þar á móti má ekki varna fjárflutningum eða rekstrum úr einni sveit í aðra innan takmarka kláðasvæðisins, og ástæða virðist vera til að veita einstökum fjáreigöndum, er ætla sjer að flytja búferlum í vor yfir þessi takmörk, undantekningar frá rekstrabanninu. Jeg vil þess vegna hjer með fela yður, herra amtmaður, á hendur, að veita slíkar undantekningar, ef sýslunefndin í hjeraði því fyrir utan kláðasvæðið, er hlutadeigandi bóndi ætlar sjer að flytja í eða úr, mælir með því, að hann fái leyfi til að flytja allt fje sitt eða nokkuð af því, og ber þá í hverju einstöku tilfelli að tiltaka hin nákvæmari skilyrði, sem nauðsynleg þykja til að hafa eptirlit með fje því, sem flutt er.

EMBÆTTASKIPUN.

Hinn 12. f. m. þóknadist hans hátign konunginum allramildilegast að skipa bæjarfógeta í Reykjavík og sýslumann í Gullbringu- og Kjósarsýslu Lárus Eðvard Sveinbjörnsson 2. meðómara og dómsmálaritara í landsyfrrjettinum, cand. juris Sigurð Jónsson sýslumann í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu frá 6. júní þ. á., og cand. m. & ch. Guðmund Guðmundsson hjeraðslækni í 19. læknishjeraði.

Hinn 7. þ. m. skipaði landshöfðingi cand. theol. Sigurð Gunnarsson prest að Ási í Fellum í Norður-Múlaprófastsdæmi, — og 10. s. m. sra Hjörleif Guttormsson á Tjörn í Svarfáðardal prest að Völlum í Svarfáðardal í Eyjafjarðarprófastsdæmi.

ÓVEITT EMBÆTTI.

a. er ráðgjafinn fyrir Ísland hlutast til um veitingu á :

— Bæjarfógetaembættið í Reykjavík. Árslaun 3000 kr., og óvissar tekjur samkvæmt 2. gr. í lögum 14. desbr. f. á. um laun sýslumanna og bæjarfógeta. Skrifstofukostnaðarendurgjald 1000 kr. á ári.
— Sýslumannsembættið í Gullbringu- og Kjósarsýslu í suðurumdæmi Íslands. Árslaun 3000 kr., og óvissar tekjur samkvæmt 2. gr. í lögum 14. desbr. f. á. um laun sýslumanna og bæjarfógeta.

Sæki aðrir en Íslendingar um þessi embætti, verða þeir hinir sömu að láta bónarbrjefum sínum fylgja tilheyrligt vottorð um kunnáttu í íslenzkri tungu, samkvæmt konungsúrskurðum 8. apríl 1844, 27. maí 1857 og 8. febrúar 1863.

Embættin voru auglýst laus 30. apríl þ. á., og eiga bónarbrjef um þau að vera komin til ráðgjafans 11. ágúst þ. á.

b. er landshöfðingi veitir :

Tjarnar-prestakall í Svarfáðardal í Eyjafjarðarprófastsdæmi, met. kr. 1138,22. augl 13. þ. m. Umbod þykkvabæjar- og Kirkjubæjar klaustra og Flögugarða í Skaptafellssýslu frá fardögum 1879. Bónarbrjef um umbodið eiga að vera komin til landshöfðingja 1. desbr. þ. á.

— *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um lán til kalkbrennslu.* **66**
 — Með þóknanlegu brjefi 12. f. m. hafið þjer, herra landshöfðingi, sent hingað bónarbrjef frá eigöndum kalkbrennslunnar við Reykjavík, E. Egilsyni og konsúl M. Smith, um 2000 kr. lán úr viðlagasjóði, leigulaust, til að halda áfram kalkbrennslunni, með þeim kjörum, að það sje borgað aptur á 10 árum, 200 kr. á ári, og gegn veði í öllum eigum kalkbrennslunnar; og leggið þjer það til, að lán þetta sje veitt með þeim kjörum, að greiddir verði af því í vöxtu 4 af hundraði um árið, höfuðstóllinn endurborgaður á 10 árum, 200 kr. á ári, og að beiðendurnir setji sama veð fyrir láninu og annars er heimtað fyrir lánunum úr viðlagasjóði.

13. apríl.

Út af þessu er yður hjer með þjónustusamlega tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari ráðstafanar, að beiðni þessi er veitt, með þeim kjörum, er þjer hafið stungið upp á, herra landshöfðingi.

— *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um toll af vínföngum.* **67**
 — Út af bónarbrjefi því, er þjer hafið hingað sent með þóknanlegu brjefi yðar 6. febr. þ. á., herra landshöfðingi, þar sem sýslumaðurinn í Húnavatnssýslu sem skiptaráðandi í dánarbúi Th. J. Thomsens kaupmanns fer þess á leit, að dánarbú þetta, sem meðtók með skipinu «Succes» í júlímánuði f. á. 3 pípur af spiritus, er í áttu að vera 2443 pottar, eptir því sem stóð í tollskránni, en eptir því sem stóð í aðal-faktúrunni, og eptir því, sem viðtakandi hefir vottað upp á æru og trú, voru ekki í þeim nema 1906½ pottur, megi losast við að greiða frekara tollgjald en það, er þegar hefir heimtað verið og greitt af hinni síðarnefndu pottatölu, — er yður hjer með þjónustusamlega tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar, að beiðni þessi er veitt, eptir atvikum.

67

29. apríl.

— *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um toll af vínföngum.* **68**
 — Út af bónarbrjefi, er hingað barst með þóknanlegu brjefi yðar, herra landshöfðingi, frá 14. janúar þ. á., er yður hjer með þjónustusamlega tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari ráðstafanar, að ráðgjafinn hefir eptir atvikum álitíð sig geta leyft, að þær 3 kr. 60 a., er skipstjórinn á skonnert «Harriet», H. C. Petersen, hefir borgað í aðflutningsgjald af 12 flöskum af víni, er hann kom til Húsavíkur árið 1876, sjeu honum endurborgaðar, með því að þær, eptir hans sögn, heyrðu til vistföngum skipverja, þótt þess væri eigi getið í tollskránni.

30. apríl.

— *Brjef landshöfðingja til sýslumannsins í Húnavatnssýslu um fjallvegabætur.* **69**
 — Samkvæmt beiðni yðar, herra sýslumaður, veitast hjer með af fje því, sem ætlað er til fjallveganna þ. á., 400 kr. til þess að fullgjöra veginn yfir Vatnsskarð. Býst jeg við, að þjer annizt hið nauðsynlega með tilliti til framkvæmdar á þessari vegabót og tryggingar fyrir, að hún verði vel og vandlega af hendi leyst.

5. maí.

— *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um makaskipti á kirkjujörðum.* **70**
 — Eptir allraþegnsamlegustum tillögum ráðgjafans, að meðteknu þóknanlegu brjefi yðar, herra landshöfðingi, frá 15. febr. þ. á., hefir hans hátign konunginum 3. þ. m. þóknazt allramildilegast að fallast á, að Sauðafellskirkja sje látin fá Hvamms-kirkjujörðina Sanddalstungu í Norðurárdal í Mýrasýslu í vesturumdæmi Íslands í makaskiptum fyrir jörðina Kross í Haukadal í Dalasýslu í sama umdæmi. — — —

6. maí.

Hinn 8. júní 1878.

71 — *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um landsskuldarlínun á*
 6. maí. Þjóðjörðum. — Eptir allraþegnlegustum tillögum ráðgjafans, frambornum að fengnu þóknanlegu brjefi yðar, herra landshöfðingi, dags. 16. marz þ. á., hefir hans hátign konunginum 3. þ. m. þóknast allramildilegast að samþykkja:

- 1, að leiguliðum á jörðum þeim, er landssjóður Íslands á í vesturumdæminu, verði enn í 2 ár, talin frá fardögum 1877, veitt línun sú í landsskuldargjaldi af ábýlisjörðum þeirra, að þeir greiði $\frac{5}{6}$ hluta landsskuldarinnar eptir fornu verðlagi, en $\frac{1}{6}$ í peningum eptir meðalverði allra meðalverða á ári hverju, — og
- 2, að þegar ábúandaskipti verða eptirleiðis á jörðum þessum, skuli allt eptirgjaldið ákveðið í peningum eptir meðalalin verðlagsskrár, og leigist eigi jarðirnar með þeim skilmálum, skuli umboðsmenn bera málið undir amtmann í hvert skipti og hann leggja það undir úrskurð landshöfðingja.

Jafnframt og yður er þetta tjáð, herra landshöfðingi, til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar, eruð þjer þjónustusamlega beðnir að senda ráðgjafanum skýrslu um þær ákvarðanir, er þjer gjörð samkvæmt niðurlagi síðari greinarinnar í framanskráðum úrskurði.

Þar sem þjer, herra landshöfðingi, höfðu lagt það til í fyrnefndu brjefi, að veitt yrði leiguliðum þeim, er hjer ræðir um, landsskuldarlínun í 3 ár, þannig, að greiða skyldi landskuldina um fardagaárið 1877—78 á sama hátt og að undanfögnu, en um fardaga-árin 1878—79 og 1879—80 þriðjung eða helming í peningum eptir meðalverði verðlagsskrár, en tvo þriðjunga eða helming eptir fornu verðlagi, þá er eigi látið undan falla að geta þess, að ráðgjafanum þótti ísjárvert að fallast á landsskuldarhækkun þá, er þjer stingið upp á, með því að þá væri tekið fram fyrir hina fyrirhuguðu breytingu á byggingu þjóðjarða á Íslandi, og hefði landsskuldarhækkunin átt að komast á fardagaárið 1878—79, þá hefðu hlutaðeigandi leiguliðar eigi fengið að vita af því áður en fardagaárið byrjaði. Hins vegar þótti rjettast að láta landsskuldarlínunina eigi ná nema til tveggja fardagaára, 1877—78 og 1878—79, svo að tíminn verður liðinn, þegar alþingi kemur saman næst, 1. júlí 1879, og má þá skýra þinginu frá málinu í fjárlagafrumvarpinu um árin 1880 og 1881, er það verður lagt fyrir þingið, enda eru og líkindi til, að þá muni mega leggja fyrir það frumvarp til endurbóta á byggingu þjóðjarða yfir höfuðað tala.

72 — *Brjef landshöfðingja til stiptysfirvaldanna um prófdómendur í latnesk-*
 20. maí. um stíl. — Í heiðruðu brjefi, dagsettu í dag, hafa stiptysfirvöldin lagt undir minn úrskurð fyrirspurn frá rektor hins lærða skóla í brjefi frá 16. þ. m. um það, hvort prófsfulltrúar þeir, er skipaðir verða við próf það, er nú er fyrir höndum, samkvæmt 14. gr. skólareglugjörðar 12. júlí f. á., eigi að taka til verkefni í latneskan stíl í 4. bekk, og eiga þátt í að dæma um stíl þennan.

Út af þessu læt jeg eigi undan falla að tjá yður hjer með þjónustusamlega til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir rektor, að jeg er samdóma stiptysfirvöldunum um það, að prófsfulltrúunum, sem eptir 14. gr. eiga að eins að dæma um burtfararprófið, beri að eins að eiga þátt í að dæma um þær námsgreinir, er burtfararpróf á að leysa af hendi í, og verður það þá, að því er snertir aðalprófið í 4. bekk, í þeim 4 námsgreinum, er nú eru látnar heyra undir burtfararpróf skólans, og sem vitnisburðirnir fyrir eru taldir með vitnisburðunum við aðalburtfararprófið; þar á móti eiga þeir ekki að eiga neinn þátt í því að til taka verkefni í latneskan stíl nje að dæma um hann, með því að sú

námsgrein heyrir nú eigi framfar til burtfararprófs, eptir 19. gr. reglugjörðarinnar, sbr. 72
13. gr., heldur er lokið við hana í 4. bekk, og prófið í henni eigi látið hafa nein áhrif á 20. maf.
aðaleinkunnina við burtfararprófið.

— *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu um sölu* 73
á fasteign ómyndugs pilts. — Í brjefi, frá 15. þ. m., skýrið þjer mjer frá, 21. maf.
herra amtmaður, að Jón nokkur Sigurðsson frá Ytra-Leiti á Skógarströnd, er fluttist til
Ameríku sumarið 1876, hafi farið þess á leit, að yfirfjárráðastjórnin leyfi, að selja megi
jarðarpart, er fóstursonur hans, 11 ára gamall piltur, er eigandi að, með því að unglíngur
þessi hafi lýst yfir því, að hann muni aldrei hugsa til að fara heim til Íslands aptur; og
látið þjer í ljósi, að takmarkanir þær, er 7. gr. tilsk. 18. febr. 1847 setur um sölu á
fasteignum ómyndugra, nái ekki til þeirra, sem eiga hjer fasteignir, en eiga heima utan
ríkis, en að þar á móti kunní að vera ástæða til að leita atkvæðis hlutaðeigandi yfirvalda
í Ameríku um sölu þessa.

Um þetta mál vil jeg tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlut-
aðeigöndum, að þótt unglíngur, er flytur sig af landi burt, komist við það undan yfirfjár-
ráðastjórn hjer á landi, að því er snertir lausafje hans, það er hann flytur með sjer, verða
fjármunir þeir, er hann skilur hjer eptir, fastir og lausir, að vera undir eptirliti yfirfjár-
ráðastjórnar hjer á landi eins eptir sem áður, og skiptir það engu í því efni, hvort hlut-
aðeigandi fer í annað ríki eða eigi. Yfirfjárráðastjórnin hjer á landi er einungis háð þeim
lögum, er hjer gilda, og lög þau, er kynnu að vera í Ameríku um sölu fasteigna, er ó-
myndugir eiga, geta enga verkun haft hjer á landi. Verður því beiðni sú, er hjer ræðir
um, eigi tekin til greina.

— *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu um hrepps-* 74
helgi þurfamanns. — Með brjefi 13. þ. m. tjáðuð þjer mjer, herra amtmaður, á- 21. maf.
lit yður um áfrýjun bæjarstjórnarinnar í Ísafjardarkaupstað á úrskurði yðar frá 9. nóv.
f. á., er dæmir Jens nokkrum Kolbeinssyni framfærslurjett í nefndum kaupstað.

Nefndur þurfamaður er fæddur í Ögurhreppi, og er 46 ára gamall. Árið 1858
fluttist hann til Ísafjardar-verzlunarstaðar, er þá var einn hluti Eyrarhrepps, og dvaldi
þar síðan í 16 ár, eða til 1874. Bæjarstjórnin á Ísafirði styður nú áfrýjan sína við það,
að Ísafjardarkaupstaður hafi eigi orðið sveitarfjelag út af fyrir sig fyrr en árið 1866. Það
liggi því í augum uppi, að þangað til hafi Jens dvalið í Eyrarhreppi; en «með því þá að
vera kyrr á Ísafirði, hafi hann flutzt úr Eyrarhreppi», og hafi hann því í hvörugri sveit-
inni dvalið svo lengi, að hann hafi getað áunnið sjer sveit þar samkvæmt 1. grein opins
brjefs 6. júlí 1848.

Jeg verð nú að vera bæjarstjórninni samdóma um það, að úr því að Ísafjardar-
kaupstaður ekki var sjerstakt sveitarfjelag fyr en 1866, verða þau 8 ár, er Jens þá var
búinn að dvelja þar, ekki talin dvöl í fátækrafjelagi kaupstaðarins. En hins vegar verð-
ur að gæta þess, að skipting Eyrarhrepps í 2 sveitarfjelög 1866 gat ekki meinað þurfa-
manninum að ávinna sjer framfærslurjett þar, sem hann hafði sezt að, með því að dvelja
þar 2 ár til. Nú hjelt hann áfram dvöl sinni langt fram yfir þennan tíma, og liggur því
í augum uppi, að hann hefir nú áunnið sjer framfærslurjett í Eyrarsveit, eins og hún var
þegar hann fluttist í hana, þannig, að framfærsla hans og hyskis hans á að lenda á Ísa-
fjardarkaupstað og hinni núverandi Eyrarsveit í sameiningu, samkvæmt grundvallarregl-
unum í 1. grein reglugjörðar 26. jan. 1866.

74 — *Þetta er tjáð yður, herra amtmaður, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar*
21. maí. *fyrir hlutaðeigöndum.*

75 — *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um*
21. maí. *skipting Þingeyjarsýslu í tvö sýslufjelög.¹ — Með því að lög um*
að skipta Þingeyjarsýslu og Skaptafellssýslu hvorri um sig í tvö sýslufjelög, mæla svo
fyrir, að landshöfðingi gjöri ráðstafanir til þess, að koma lögum þessum í verk svo fljótt
sem verða má, skulu hjer með settar þessar ákvarðanir þar að lútandi:

1. Frá 1. d. janúarm. 1879 skal Þingeyjarsýsla vera 2 sýslufjelög, er Reykja-
heidi skilji. Í hvorri sýslunefnd um sig skal, auk sýslumanns sem oddvita, vera 1 maður
úr hverjum hreppi í sýslunni (í norðurhlutanum 5, í suðurhlutanum 7), kosinn sam-
kvæmt fyrirælum tilskipunar um sveitastjórn 4. maí 1872. Það er falið sýslunefnd
þeirri, sem nú er, eða eptir atvikum amtsráðinu (sbr. 31. gr. sveitastjórnartilskipunar.)
að gjöra út um það, hvort ný sýslunefndarkosning skuli fram fara í hreppum þeim, er
hinir núverandi sýslunefndarmenn hafa verið kosnir úr, eða hvort sýslunefndarmenn
þeir, sem nú eru, geti starfað í nefndunum fyrir nýju sýslufjelögin án nýrrar
kosningar.

2. Frá sama degi skal hvort sýslufjelag um sig hafa sína fjármuni og sín
málefni út af fyrir sig. Því, sem hið núverandi sýslufjelag á til, að með töldu sýslu-
gjaldinu um árið 1878, svo og skuldbindingum þeim, er hvíla á sýslunni, skal
þess vegna skipt milli hinna 2 nýju sýslufjelaga fyrir lok þessa reikningsárs. Skipti
þessi skulu gjörð af sýslunefndinni, sem nú er, með samþykki amtsráðs (sbr. sveitar-
stj.tilsk. §§ 43 & 52).

3. Sýslunefndin, sem nú er, skal hlutast til um, að samin verði í tæka tíð
handa hinum nýju sýslunefndarumdæmum áætlun sú um tekjur og gjöld sýslufjelagsins á
árinu 1879, sem fyrir skipuð er í 40. gr. sveitarstj.tilsk.

Um leið og jeg tjái yður þetta, herra amtmaður, til þóknanlegrar leiðbeiningar
og birtingar fyrir sýslunefndinni í Þingeyjarsýslu og annara ráðstafana, mælist jeg til, að
þjer sendið mjer ítarlega skýrslu um sýslu-skiptinguna, þegar hún er um garð gengin.

76 — *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu um kostn-*
23. maí. *að út af embættisferð hjeraðslæknis. — Í brjefi frá 15. f. m. hafið*
þjer, herra amtmaður, leitað úrskurðar míns um það, hvort greiða beri úr jafnaðarsjóði
suðuramtsins kostnað, að upphæð 60 kr., við ferð hjeraðslæknisins í Borgarfjarðarsýslu
út á Akranesskaga í síðastliðnum janúarmánuði, til þess eptir skipun landlæknis, að
grennslast eptir almennu heilbrigðisástandi fólks í Akraneshreppi. Látið þjer í ljósi það
álit, að sögur þær, er í vetur bærust um ísbyggilegt ástand í nefndum hreppi vegna
megns bjargarskorts, hafi verið mjög ýktar, og að landlæknirinn hafi ekki, áður en hann
gjörði nefnda fyrirskipun, grennslast nægilega eptir, hvort áminnstar sögur hafi verið á
nægum rökum byggðar. Þar að auki eruð þjer í vafa um, hvort kostnaðinn við þessa
ráðstöfun, þó hún yrði álitin þess eðlis, að hann mætti borgast úr almennum sjóði, ætti
ekki öllu fremur að greiðast úr hlutaðeigandi sýslusjóði, heldur en úr jafnaðarsjóði
suðuramtsins.

1) Sama dag var amtmanninum yfir suður- og vesturumdæminu ritað á sömu leið um skipt-
ingu Skaptafellssýslu í tvö sýslufjelög.

Eptir því, sem fram hefir komið, verður varla annað álitid, en að komast hefði mátt hjá ráðstöfun þeirri, sem hjer var gjörð. Þar að auki hefði landlæknirinn átt, að-
 ur en hann rjeðst í að gjöra þá fyrirskipun, er gat haft töluverðan kostnað í för með sjer, að bera sig saman við yður. En þrátt fyrir þetta verður, eptir því, sem komið hefir fram um ástand það, er þá var í Akraneshreppi, og útlitið fyrir, að fiskileysið, er valdið hafði miklum bjargarskorti í hreppnum, mundi haldast við um langan tíma, ekki sagt, að fyrirskipun landlæknis sje svo ástæðulaus, að kostnaður sá, er leitt hefir af henni, eigi að lenda á honum sjálfum. Með því nú að fyrirskipunin miðaði til að hafa eptirlit með heilbrigði fólks, getur kostnaðurinn varla lent á öðrum almennum sjóði en hlutaðeigandi amtsjafnaðarsjóði. Sjer í lagi virðist engin heimild vera til að leggja hann á hlutaðeiganda sýslusjóð, og getur 39. gr. 5. liður sveitarstjórnartilsk., er þjer skírskotið til, ekki um annan kostnað en þann, sem leiðir af ráðstöfunum til að afstýra hallæri.

76

23. maí.

Jeg verð þannig að álíta, að þjer, herra amtmaður, getið samkvæmt ákvörðun- um þeim, er heimila að greiða ferðakostnað lækna í þarfir hins opinbera úr amtsjafnaðarsjóði, greitt kostnað þann, er hjer er um að ræða, úr jafnaðarsjóði suðuramtsins; en að öðru leyti vil jeg, með því að úrskurðarvaldið á tekjum og gjöldum jafnaðarsjóðsins nú er hjá amtsráðinu, skjóta því til yðar, hvort ástæða sje til að bera málið undir úrskurðarvald þetta, áður en þjer greiðið áminnztan kostnað.

— *Brjef landshöfðingja til búnaðarfjelags suðuramtsins um styrk til að veita tilsögn í mjólkurverkum.* — Samkvæmt beiðni fjelagsins í brjefi 22. þ. mán. vil eg hjer með veita því 200 króna styrk af fje því, sem ætlað er til að efla jarðarrekt samkvæmt 10. gr. C. 5. í fjárlögunum, til að ráða kvennmann til þess að ferðast um suðurumrdæmið í sumar og veita þeim, er þess kynnu að óska, tilsögn í meðferð á mjólk og annari innanbæjarbúsýslu.

77

25. maí.

Jeg læt brjefi þessu fylgja jarðabókarsjóðsávísun fyrir nefndum styrk, og ber fjelaginu að gjöra grein fyrir, hvornig fje þessu hefir verið varið, um leið og mjer er send skilagrein fyrir þeim 600 kr., er getur um í brjefi mínu til suður- og vesturumdæmisins 30. marz þ. á. (Stjórnart. B. 48).

— *Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um ferðastyrk handa skólarpiltum.* — Í þóknanlegu brjefi 21. þ. mán. hafa stiptsyfirvöldin gjört þá fyrirspurn til mín, hvort þau eigi ekki að útbýta fje því, sem veitt er með 13. gr. B. III c 10. í fjárlögunum til ferðastyrks handa fátækum skólasveinum, sem eiga heimili fjarri skólanum, eins og öðrum styrk, sem veittur er hinum lærðu stofnunum hjer í fjárlögunum, svo sem ölmusum og húsaleigustyrk.

78

25. maí.

Út af þessu læt jeg eigi undan falla að tjá yður þjónustusamlega, að jeg hefi ekkert að athuga gegn því, að stiptsyfirvöldin útbýti áminnztum styrk, og ber þeim að sjá um, að af þeim 2000 kr., er veittar eru alls um fjárhagstímabilið, 2 ár, sje eigi eytt nema helmingnum á þessu reikningsári, og að eigi sje veittur ferðastyrkur öðrum en hinum mest þurfandi piltum, sem lengst að sækja skólann.

Reikningar.

Ágrip af reikningum nokkurra sjóða og stofnana, sem eru undir stjórn amtmannsins í norður- og austurumdæminu.

I.

79 Möðruvallaklausturskirkja fardagaárið 1875—76.

Tekjur:		kr.	a.
1. Kirkjutíund af fasteign og lausafje 686,28 fiskar eður 343,14 álnir eptir verðlagsskrá fyrir árið 1876/77 á kr. 0,55½ hver alin		190	44
2. Ljóstollar, 56½ að tölu, hver á 4 pd. tólgar alls	226 pd.		
þar af eins og vant er eytt til ljósa	24 —		
	þau 202 pd.		
sem eptir eru, voru seld í verzlun, hvert pund fyrir 32 aura, sem gjörir		64	64
3. Legkaup 6 heil og 2 hálf, alls 42 álnir, reiknaðar eptir verðlagsskrá 1875/76 á 56 aura hver alin		23	52
		Tekjur 278 60	

Útgjöld:

1. Skuld kirkjunnar til reikningshaldara samkvæmt fyrra árs reikningi		7	99
2. Fyrir brauð og vín handa altarisgöngufólki:			
a, 31¾ pottar víns á 80 aura	25 kr. 40 a.		
b, 7¾ hdr. kirkjuöblátur á 33 aura	2 — 56 —	27	96
3. Fyrir ljósagarn ¼ pd.			75
4. Fyrir þvott og hirðingu kirkjunnar		16	»
5. Laun prestsins fyrir skoðun þessa reiknings		1	67
6. Fyrir tjörgun kirkjunnar		38	50
7. — nýja kirkjusöngstöflu		28	»
8. — að kaupa orgel til kirkjunnar		157	73
		Gjöld 278 60	

II.

80 Flateyjarkirkja fardagaárið 1875—76.

Tekjur:		kr.	a.
1. Hjá reikningshaldara eptir fyrra árs reikningi		38	»
2. Tíund af fasteign og lausafje 22,69 fiskar eða 11,34½ al. á 55½ a.		6	34
3. Ljóstollar 14 að tölu eða 56 pd., hvert á 35 aura		19	60
4. Legkaup 3½ eða 21 alin á 55½ a.		11	65
5. Skuld kirkjunnar við jarðabókarsjóðinn		745	54
		Tekjur 821 13	
Gjöld:			
1. Skuld kirkjunnar við jarðabókarsjóðinn		745	54
2. Fyrir brauð og vín handa altarisgöngufólki		3	73
3. 8 pd. tólgar á 35 aura		2	80
4. Fyrir ljósagarn, sápu og hirðingu á kirkju og skruða		2	50
5. Í peningum hjá reikningshaldara		66	56
		Gjöld 821 13	

III.

81

Munkaþverárklosturskirkja fardagaárið 1875—76.

Tekjur:

1. Kirkjutíund 232,86 fiskar eða 116,48 álnir borgaðar með peningum	kr. a.	
eptir meðalverði verðlagsskrárinnar fyrir árið 187 ⁶ / ₇₇ á 55 ¹ / ₂ a.	64	62
2. Ljóstollar að tölu 33 ¹ / ₂ hver á 4 pd. tölgar gjörir	134	pd.
þar frá gengur til ljósa	12	—
	afgangurinn 122 pd.	
er borgaður eptir verðlagsskránni 187 ⁶ / ₇₆ á 35 aura hvert pd.	42	70
3. Legkaup að tölu 3 = 18 álnir, á 56 aura	10	8
4. Eptir fyrra árs reikningi var skuld kirkjunnar til Munkaþverárklosturs vesturhluta	360	kr. 6 a.
þar af var borgað (sjá 7. gjaldagrein sama reiknings)	91 — 22 —	268 84
5. Í fyrra árs reikningi voru ljóstollar vanreiknaðir um 44 sk.		" 91

Gjöld:

1. Skuld kirkjunnar, sjá 4. tekjugrein	268	84
2. Fyrir að þvo og sópa kirkjuna m. fl.	10	66
3. Brauð, vín og ljósagarn	12	53
4. Yfirskoðun reiknings þessa, 3 al., á 55 ¹ / ₂ a.	1	67
5. Pappír og lakk í þarfir kirkjunnar	"	66
6. Afgangurinn	92	79
verður í næsta umboðsreikningi látinn koma upp í skuld kirkjunnar við Munkaþverárklosturs vesturhluta.		

IV.

82

Búnaðarsjóður norður- og austuramtsins á árinu 1876.

Tekjur:

	kr. a.
1. Sjóður við árslok 1875:	
a, í konunglegum skuldabréfum með 4% vöxtum	
Nr. 69 dags. 10. oktbr. 1832 að upphæð	835 52
— 206 — 30. marz 1836 — —	200 "
— 392 — 22. apríl 1839 — —	394 66
b, innritunarskírteini Ltr. C. fol. 3453 dags. 12. jan. 1874	
að upphæð	400 "
c, skuldabréf fjárhagsstjórnarinnar dags. 3. júní 1871	200 "
d, í láni hjá einstökum mönnum með 4% vöxtum 1700 kr.	
lánað á árinu 1875	400 — 2100 "
e, í vörzlum amtsins	40 87
	4171 5
2. Endurborgað af lánum einstakra manna ³⁰ / ₁₂ —75	135 "
3. Vextir af innstæðunni 1. a—d til 11. júní 1876, að frá dregnum 135 kr., sem eru endurborgaðar við árslok 1875	159 81
	Samtals 4465 86

82

Gjöld:

kr. a.

1. Borgað Eyjólfí Guðmundssyni á Eyjarbakka innan Húnavatnssýslu fyrir ferð til Skagafjarðar, Eyjafjarðar og Þingeyjarsýslna 1876 til að leggja ráð á, hvernig æðarvarp skuli bæta og upp koma	125	78	
2. Hjer færast til jafnaðar endurborgað lán, sjá tekjugrein 2.	135	»	
3. Sjóður við árslok 1876:			kr. a.
a, í konunglegum skuldabryfum	1430	18	
b, innritunarskírteinið tekjugrein 1. b	400	»	
c, skuldabryf fjárhagsstjórnarinnar 1. c	200	»	
d, í láni hjá einstökum mönnum	1965	»	
e, í peningum	209	90	
			4205 8
	Samtals		4465 86

83

V.

Jökulsárbrúarsjóðurinn í Norður-Múlasýslu á árinu 1876.

Tekjur:

kr. a.

1. Sjóður við árslok 1875:			kr. a.
a, konunglegt skuldabr. Nr. 393 dags. 22. apríl 1839 að upphæð	400	»	
b, í láni mót veði í fasteign og 4% vöxtum	2500	»	2900 »
2. Vextir til 11. júní 1876:			
a, af hinu konunglega skuldabryfi 4%	16	»	
b, af skuldabryfum einstakra manna	100	»	116 »
			Samtals 3016 »

Gjöld:

kr. a.

1. Skuld við amtmanninn			89	55
2. Fyrir hirðingu brúarinnar m. fl.			6	»
3. Sjóður við árslok 1876:			kr. a.	
a, í konunglegu skuldabryfi með 4%	400	»		
b, í láni mót veði í fasteign og 4% vöxtum	2500	»		
c, í peningum	20	45		
			2920	45
	Samtals		3016	»

84

Auglýsing.

6. júní.

Eptir því sem ráðgjafinn hefir tilkynnt mjer, má álíta, að bóluveikin í Holbæk sje hætt (sbr. augl. í þ. á. Stjórnart. B 55).

Landshöfðinginn yfir Íslandi, Reykjavík, 6. júní 1878

Hilmar Finsen.

Jón Jónsson.

ÓVEITT ENBÆTTI,

er ráðgjafinn fyrir Ísland hlutast til um veitingu á.

Embætti sem settur kennari við hinn lærða skóla í Reykjavík; árslaun 2000 kr.

Sá, sem skipaður verður í þetta embætti, verður að geta tekið að sjer kennslu í hinum nýrri tungumálum, og auk þess er hann skyldur að takast á hendur umsjón við skólann án sjerstakrar þóknunar, verði þess krafizt.

Sœki aðrir en Íslendingar um þetta embætti, verða þeir hinir sömu að láta bónarbryfum sínum fylgja tilheyrilegt vottorð um kunnáttu í íslenzkri tungu, samkvæmt konungsrsk. 8. apríl 1844, 27. maí 1857 og 8. febr. 1863.

Embættið var auglýst 24. maí 1878, og eiga bónarbryf um það að vera komin til ráðgjafans 11. ágúst 1878.

Reikningar.

Agríp af reikningum nokkurra sjóða og stofnana, sem eru undir stjórn amtmannsins í norður- og austurumdæminu. (Framhald).

VI.

Sjóður Guttorms prófests Þorsteinssonar árið 1876.

85

Tekjur:

	kr.	a.
1. Sjóður við árslok 1875:		
Innritunarskírteini Ltr. C. fol. 3455 dagsett 12. janúar 1874 með 4% vöxtum að upphæð	1600	»
2. Vextir af innstæðunni til 11. júní 1876	64	»
Samtals	1664	»

Gjöld:

	kr.	a.
1. Styrkur veittur fátækri ekkju í Vopnafriði	64	»
2. Sjóður við árslok 1876:		
Innritunarskírteinið sem til fært er tekjumegin	1600	»
Samtals	1664	»

VII.

Sjóður Pjeturs sýslumanns Þorsteinssonar árið 1876.

86

Tekjur:

	kr.	a.
1. Sjóður við árslok 1875:		
a, í konunglegum skuldabréfum með 4% vöxtum		
nr. 97, dags. 7. október 1833, að upphæð	352 kr.	» a.
— 390, — 22. apríl 1839	737 — 66 -	
b, Innritunarskírteini Ltr. C, fol. 3454, dags. 12. janúar 1874, að upphæð	800 —	» -
c, í láni hjá einstökum mönnum með 4% vöxtum	1050 —	» -
d, í vörzlum amtsins	38 — 73 -	
		2978 39
2. Vextir frá 11. júní 1875 til 11. júní 1876:		
a, af innstæðunni 1. a—b, 1889 kr. 66 a.	75 kr. 58 a.	
d, skuldabréfum einstakra manna 1. c.	42 —	» -
		117 58
Samtals		3095 97

Gjöld:

	kr.	a.
1. Styrkur veittur 2 mönnum í Vallanessókn	117	58
2. Sjóður við árslok 1876:		
a, í konunglegum skuldabréfum	1089 kr.	66 a.
b, innritunarskírteinið litr. C, fol. 3454	800 —	» -
c, í láni hjá einstökum mönnum	1050 —	» -
d, í vörzlum amtsins	38 — 73 -	
		2978 39
Samtals		3095 97

Hinn 2. júlí 1878.

VIII.

87

Jóns Sigurðssonar legat fardagaárið
1875—76.

Tekjur.

	kr.	a.
1. Sjóður við árslok 1875:		
a, í fasteign jarðirnar:		
Kristnes 34,4 hundr., virt á . . .	2400	kr.
Hvammur 33,8 — — — . . .	2000	—
Sýlistaðir } 26,8 — — — . . .	1740	—
Sýlistaðakot } . . .		
Laugaland } 32,6 — — — . . .	1900	—
Heiðarhús } . . .		
Miðland 7,4 — — — . . .	1000	—
½ Gloppa 5,75 — — — . . .	400	—
	9440	kr. » a.
b, í veðskuldabréfum:		kr. a.
1. með 4% vöxtum	4532	— 39-
2. með 3½% —	400	— » -
	14,372	39
c, lánað ¹¹ / ₁₂ 75 með 4% leigu	400	»
d, í vörzlum reikningshaldara	199	29
	14971	68
2. Vextir til 11. júní 1876:		
a, af 4932 kr. 39 a. með 4% vöxtum	197	39
b, - 400 — » - — 3½ —	14	»
	211	30
3. Leigur haustið 1875 eptir 15¾ kúgildi sem jörðunum fylgja:		
a, 200 ál. reiknaðar eptir smjörverði verðlagsskrárinnar 1875—76 á 52 a.	104	»
b, 115 meðalálnir eptir sömu verðlagsskrá á 56 auro	64	40
4. Landskuldir í fardögum 1876 reiknaðar eptir verðlagsskránni 1876—77.		
a, 190 ál. í peningum árlega eins	72	66
b, 530 meðalálnir á 55½ eyri	294	15
	Samtals	15718 19

Gjöld:

	kr.	a.
1. Umboðslaun ¹ / ₆ jarða-afgjaldanna að upphæð 535 kr. 21 e.	89	20
Fundurinn var haldinn í Reykjavík af forseta amtsráðsins, amtmanni í suður- og vesturamtinu Bergi Thorberg með amtsráðsmönnum: Dr. phil. Grími Thomsen og prestinum sira Skúla Gíslasyni.

Þessi málefni komu til umræðu á fundinum:

1. Var endurskoðaður reikningurinn yfir tekjur og gjöld jafnaðarsjóðs suðuramtsins fyrir árið 1877, og fannst ekkert athugavert við sjálfan reikninginn. Með tilliti til 2. gjaldliðs reikningsins, kostnaðarins við kennslu heyrnar- og málleysingja, var gjörð sú athugasemd, að nauðsynlegt þækti að reyna að ná nýju samkomulagi um greinda kennslu, hvort sem það væri við þann, er nú hefir kennslu þessa á hendi hjer á landi, eða við annan; þókti staðurinn afsæktur, þar sem kennslan nú fer fram, og ýms önnur vandkvæði á fyrirkomulaginu, eins og það nú er.
2. Amtsráðið ákvað, að um leið og af nýju væri brýnd fyrir sýslunefndunum skylda þeirra að hafa eptirlit með bólusetningum, skyldi gefa þeim til kynna, að þegar einhver bólusetjari reyndist miður hæfur, eða eigi gegndi rökilega köllun sinni, bæri þeim að gjöra uppástungu til amtmanns um nýjan bólusetjara.
3. Var skorað á forseta amtsráðsins að leitast við að fá landlæknirinn til að breyta þeim tíma-ákvörðunum (1. okt. og 1. febr.), er hann hefði sett um móttöku yfirsetukvenna til kennslu, þannig að kennslan gæti byrjað á haganlegri tíma, sem amtsráðið áleit, að mundi vera 15. sept. og 15. maí.
4. Var ákveðið að fara þess á leit við landshöfðingja, að hann, líkt eins og við gengst í vesturamtinu, veiti fje það, sem af landssjóði er ætlað til jarðabóta í suðuramtinu, að fengnum tillögum amtsráðsins.
5. Voru endurskoðaðir reikningar: a, fyrir styrktarsjóð maklegra og þurfandi konungslandseta í suðuramtinu fyrir 1877; og b, yfir búnaðarskólajaldið í suðuramtinu fyrir sama ár. Við þessa reikninga fann amtsráðið ekkert að athuga.
6. Frumvarp til reglugjörðar um grenjaleitir og refaveiðar í Gullbringu- og Kjósarsýslu, samið af hlutadeigandi sýslunefnd var samþykkt með tveim breytingum.
7. Forseti bar undir atkvæði amtsráðsins, hvort greiða skyldi úr jafnaðarsjóði borgun til hjeraðslæknis Páls Blöndals fyrir ferð í síðastliðnum janúarmánuði út á Akranes, er hann hafði tekizt á hendur eptir skipun landlæknisins, til að grennslast eptir ástandinu þar með tilliti til þess bjargarskorts, er skýrt hafði verið frá, að þar ætti sjer stað. Amtsráðið í heild sinni var á því, að það að vísu væri vafasamt, hvort kostnaður þessi, sem eptir reikningi, er enn ekki hafði verið úrskurdaður, er að upphæð 60 kr. ætti að greiðast úr almennum sjóði, en fól forseta á hendur að leita samkomulags við landshöfðingja um málið, og vildi láta sjer lynda það, sem þeim kæmi saman um.
8. Amtsráðið fann ekki næga ástæðu til að taka til greina þá beiðni frá sýslunefndinni í Borgarfjarðarsýslu, að útvegaður yrði 6 ára frestur á endurborgun láns þess, er sýslan hefir fengið úr landssjóði.
9. Viðvíkjandi umkvörtun frá hreppsnefndinni í Rosmhvalanesbreyppi til landshöfðingja, — er hann hafði sent amtsráðinu til meðferðar — yfir því, að sýslunefndin í Gull-
Hínn 21. ágúst 1878.

114

- bringu- og Kjósarsýslu með úrskurði sínum hefði ákveðið, að Hákon Eyjólfsson á Stafnesi skyldi vera laus við að greiða útsvar til sveitarsjóðs, — ákvað amtsráðið að gefa sýslunefndinni til kynna, að spurnin um *skyldu* manns til að greiða sveitarútsvar væri dómsmál, sem ekki yrði útkljáð með úrskurði sýslunefndarinnar, og að hinn áfrýjaði úrskurður, að því leyti sem hann sýnist að skera úr þessu atriði yrði að falla úr gildi. En að því leyti úrskurðurinn snertir spurninguna um *upphæð útsvarsins*, skyldi skora á sýslunefndina að útvega hjá hreppsnefndinni þær skýrslur, sem hin síðargreinda nefnd tjáist geta látið í tje um efnahag Hákonar, og þar eptir leggja nýjan úrskurð á málið.
10. Kom til umræðu ágreiningur milli meiri og minni hluta sýslunefndarinnar í Skaptafells-sýslu um ákvörðun í fjallskilareglugjörð fyrir Kleifahrepp um ómerkinga. Amtsráðið samþykkti uppástungu meiri hlutans, er samkvæmt Jónsbókar landsleigubálks 49. kap. ákveður, að ómerkingar, sem eigandi ekki finnst að, sjeu eign rjettarbönda.
 11. Var rætt um beiðni, er komið hafði frá sýslumanninum í Mýra- og Borgarfjarðar-sýslu um það, að fjallvegurinn fyrir Ok mætti verða endurbættur á undan Kaldadalsveginum. Það var samhuga álit amtsráðsins, að Kaldadalsvegurinn, eins og ákveðið hefir verið, eigi að vera í fyrirrími fyrir Okveginum, en setti forseta að öðru leyti í sjálfs vald að reyna að koma Okveginum fyr að til endurbótar, en til var ætlast af amtsráðinu á fundi þess í júnímán. 1876. Að öðru leyti kom sú skoðun fram, að æskilegt væri, að öllu því fje, sem á hverju fjárhagstímabili er ætlað í fjárlögunum til vegabóta, sje varið til þeirra, vegna þess, hversu áriðandi það er, að samgöngur í landinu verði sem greiðastar.
 12. Forseti lagði fram skýrslur um þjóðjarðir í suðuramtinu, sem amtsráðið á að segja álit sitt um samkvæmt brjefi landshöfðingja 19. septbr. 1877. Með tilliti til þess, hversu málefni þetta er yfirgripsmikið, var álitid nauðsynlegt, að meðlimir amtsráðsins gætu hver um sig haft skjöl málsins hjá sjer nokkurn tíma og kynnt sjer þau. Fullnaðarumræðu málsins var því frestað til aukafundar síðar á þessu sumri.
 13. Sýslusjóðsreikningar fyrir 1876 og úr 4 sýslum fyrir 1877 voru yfirfarnir, en fengnir dr. phil. Gr. Thomsen til nákvæmari endurskoðunar. Verða reikningar þessir, væntanlega ásamt hinum 2 vantandi fyrir 1877, úrskurðaðir á aukafundi síðar í sumar.
 14. Voru ræddar uppástungur sýslunefndanna um, hverjir vegir skuli vera sýsluvegir í hinum einstöku sýslum. Amtsráðið gjörði ákvarðanir um þetta efni, og skal í því tilliti skírskotað til auglýsingar amtmannsins í suðuramtinu, sem prentuð mun verða hjer á eptir. Frá Gullbringu- og Kjósarsýslu vantaði enn uppástungur og frá Skaptafellsýslu voru uppástungurnar svo óákveðnar, að ítarlegri skýrslur þarf þaðan að útvega.
 15. Voru yfirfarin eptirrit af gjörðabókum sýslunefndanna 1877 og 1878. Ýmsar athugasemdir, sem gjörðar voru við einstakar ályktanir nefndanna var forseta falið á hendur að tilkynna þeim.
 16. Í tilefni af áskorun frá sýslunefndinni í Rangárvallasýslu var ályktað, að skrifa skyldi sýslunefndunum í Vestur-Skaptafells, Rangárvalla, Árnes, og Gullbringu- og Kjósarsýslum, um það, hvort og á hvern hátt þær vilji og sjái sjer fært að styrkja til þess, að fje geti fengizt til að byggja brýr yfir Þjórsá og Ólvesá, og sömuleiðis að gjöra fyrirspurn um þetta efni til bæjarstjórnarinnar í Reykjavík.
 17. Að síðustu var rædd og samþykkt eptirfylgjandi:
 Áætlun um tekjur og gjöld jafnaðarsjóðs suðuramtsins fyrir árið 1879:

	Tekjur.	kr.	a.	
1. Í sjóði		1750	"	114
2. Niðurjöfnun		2131	35	
		<hr/>	<hr/>	
		3881	35	
	Gjöld.	kr.	a.	
1. Til gjafsóknarmála m. fl.		100	"	
2. Til bólusetninga og annara heilbrigðismálefna		300	"	
3. Ferðakostnaður		200	"	
4. Kostnaður við kennslu heyrnar- og málleysingja		1200	"	
5. Til sáttamálefna		40	"	
6. Endurgjald á lánum		721	35	
7. Kostnaður við amtsráðið		120	"	
8. Ýmisleg útgjöld		200	"	
9. Sjóður við árslok		1000	"	
		<hr/>	<hr/>	
		3881	35	

D.*Fundur amtsráðsins í vesturamtinu 11.—13. júlím. 1878.*

Fundurinn var haldinn að Hjarðarholti í Mýrasýslu af forseta amtsráðsins, amtmanni í suður- og vesturamtinu Bergi Thorberg, með amtsráðsmanni, Sigurði sýslumanni Sverrissyni og varaamtsráðsmanni Hjálmi alþingismanni Pjeturssyni.

Forseti skýrði frá, að hann hefði frestað fundinum framyfir þann tíma, sem tiltekinn er í sveitarstjórnarlögunum til þess, að skýrslur þær um byggingu þjóðjarða o. fl., sem amtsráðinu hefir verið boðið að segja álit sitt um, gætu komið til umræðu á þessum fundi.

Þessi málefni komu til umræðu á fundinum:

1. Reikningurinn yfir tekjur og gjöld jafnaðarsjóðs vesturamtsins fyrir árið 1877 var endurskoðaður, og fannst ekkert athugavert við hann.
2. Því næst voru endurskoðaðir: *a* Reikningur búnaðarsjóðs vesturamtsins fyrir 1877 og *b* Reikningur yfir búnaðarskólalgjald í vesturamtinu, og fannst ekkert við þá athugavert annað en það, að 2 fylgiskjöl vantaði, sem forseti lofaði að útvega.
3. Var ákveðið að verja skyldi til endurbóta á sýsluvegakaflanum milli Grœnumýrartungu og Mela í Strandasýslu, sem tekur við af fjallveginum yfir Holtavörðuheidi, þeim 214 kr. 67 a., sem eru eptirstöðvar af þeim $\frac{1}{4}$ hluta þjóðvegagjaldsins úr amtinu, fyrir árið 1876, er greiddur hafði verið til amtmannsins samkvæmt ákvörðun ráðsins; en áður hafði verið varið af þessu fje, sem alls var 514 kr. 67 a.: Til endurgjalds á láni 200 kr. og til vegabóta í Helgafellssveit 100 kr.
4. Voru ræddar uppástungur sýslunefndanna um það, hverjir vegir samkvæmt lögum 15. októberm. 1875 skuli vera sýsluvegir í hverri sýslu í amtinu. Amtsráðið gjörði ákvarðanir um þetta, og skal í því tilliti skírskotað til auglýsingar amtmannsins í vesturamtinu, sem prentuð mun verða hjer á eptir.
5. Amtsráðið ályktaði að mæla fram með því, að þeim hluta sem vesturamtinu til fjelli (væntanlega 1233 kr.) af því fje, sem í fjárlögunum er ætlað til jarðabóta, yrði þannig varið, að Ólafi Ólafssyni frá Lundum í Mýrasýslu, Boga Th. Helgasyni frá Vogu í sömu sýslu, og Jósep Björnssyni frá Fögrubrekku í Strandasýslu, sem allir stunda búfræði í skólanum á Stend í Noregi, yrði veittur styrkur til að halda áfram námi

114

sínu; hinum tveim fyrnefndu 200 kr. hvorum, og hinum síðastnefnda, sem eins og hinir tveir, hefir góðan vitnisburð frá skólanum um hegðun og framfarir, en þar að auk er sárfátækur, 400 kr., og að 233 kr. yrðu greiddar upp í kaup jarðyrkjumanns Ólafs Björnssonar, sem ráðið áleiti æskilegt að yrði fenginn til að halda áfram nú í sumar að leiðbeina mönnum í vesturamtinu í jarðabótum, en að öðru leyti veitti ráðið heimild til að greiða laun þau, sem um yrði samið við hann, úr búnaðarsjóði vesturamtsins; var gjört ráð fyrir, að hann í sumar einkum dveldi í Mýrasýslu og suðurlhluta Strandasýslu, og ef til vill, í Hnappadalssýslu. Forseti gat þess, að landshöfðingi, eptir tillögum sínum, þegar hefði veitt jarðyrkjumanni Bjartmari Kristjánssyni frá Neðri-Brunná í Dalasýslu 200 kr. af hinu hjer umrædda fje til að kaupa fyrir jarðabótaverkferi.

6. Þessum mönnum voru úr búnaðarsjóði vesturamtsins veitt verðlaun fyrir jarðabætur:
 - a. Jóni Þorvaldssyni á Saurum í Hraunhreppi 60 kr.
 - b. Sigurði Jónssyni á Skipphyl í sama hreppi 40 —
 - c. Sigurði Salómonssyni á Miklaholti í sama hreppi 40 —
 - d. Jóni Jónssyni á Borgarholti í Miklaholtshreppi 40 —

Amtsráðið fann ástæðu til að ítreaka þá ákvörðun sína, er gjörð var á aðalfundi þess 1876, að bónarbrjef um verðlaun ættu að sendast sýslunefndunum til álita.
7. Var rædd og samþykkt reglugjörð fyrir Strandasýslu, samin af hlutaðeigandi sýslunefnd, um grenjaleitir, notkun afrjetta, fjallskil og rjettarhöld m. fl.
8. Var rætt frumvarp til reglugjörðar um notkun afrjetta, rjettir, fjallskil og aðrar fjárleitir og fjárskil í Mýrasýslu. Frumvarp þetta, sem hefir verið tilbúið af hlutaðeigandi sýslunefnd, var samþykkt af amtsráðinu með fáeinum breytingum, er ritaðar voru við einstakar greinir þess.
9. Út af beiðni um samþykki amtsráðsins til makaskipta á Beilárheiði, fjall-landi tilheyrandi Borgarhreppi, og fjall-landinu Rjettarmúla í Langavatnsdal, sem heyrir undir jörðina Galtarholt, — ákvað amtsráðið að benda hlutaðeigandi sýslumanni, sem borið hafði fram beiðnina, á að það væri sýslunefndin í Mýrasýslu, sem eptir 26. gr. 5. tölul. í sveitarstjórnarlögunum ætti að veita hið hjer um rædda samþykki, ef til þess fyndist ástæða.
10. Var samþykkt, að sýslumanni Sk. Magnússyni, væri af sýsluvegagaldi Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu, endurgoldin skuld að upphæð 210 kr. 83 a., fyrir kostnað, er hann 1875 hafði lagt út fyrir endurbætur á þjóðvegi í Helgafellssveit.
11. Samkvæmt fyriræmælum landshöfðingja í brjefi 19. septbr. 1877 var rætt um byggingu þjóðjarða í vesturamtinu og leigumála á þeim. Um leið og amtsráðið gat þess, að það, að nokkru leyti vegna vantandi kunnugleika, yfir höfuð ekki sæi sjer fært að leggja neinn dóm á upphæð leigumálanna á hinum einstöku jörðum, heldur yrði að halda sjer til þeirra uppástungna, sem þar um hafa fram komið, tók ráðið fram sem sína skoðun um hin almennu atriði málsins: að það yrði að álitast óráðlegt að bjóða jarðir upp til ábúðar á uppboðsþingi, og styðst í því tilliti við þær aðalástæður, sem umbodsmennirnir hafa tekið fram í álitsskjölum sínum: að rjettast sje að ákveða leigumála á jörðunum í peningum, hvað landskuldina snertir eptir meðalverði allra meðalverða í verðlagsskrá, og hvað kúgildaleigur snertir eptir smjörverði; en þó skyldi leiguliða heimilt að greiða leigurnar í smjöri, ef hann óskaði þess; að leitast ætli við að koma á jarðabótum á þjóðjörðum á þann hátt, að áskilið væri við byggingu jarðanna, að hver ábúandi skyldi gjöra þær jarðabætur, er bezt þættu eiga við á hverj-

- um stað, og ella missa ábúðarrjett sinn, en landssjóðurinn skyldi taka nokkurn þátt í kostnaðinum við jarðabæturnar.
12. Voru yfirfarnir sýslusjóðsreikningarnir fyrir árið 1876 og 1877, nema reikningurinn úr Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu fyrir 1877, sem enn vantaði; reikningarnir hafa verið endurskoðaðir af mönnum, er sýslunefndirnar hafa kosið, nema reikningarnir frá Barðastrandarsýslu, sem því verða að sendast aptur til endurskoðunar. Hinir reikningarnir voru úrskurðaðir af amtsráðinu, og fann ráðið ekki ástæðu til að úrskurða ábyrgð á hendur sýslumönnum eða sýslunefndum í til efni af neinum þeirra, en ákvað með tilliti til útásetninga við sýslusjóðsreikning Ísafjarðarsýslu 1877 að uppáleggja hlutaðeigandi sýslumanni að gjöra eina leiðrjettingu við reikning þenna. Viðvíkjandi tveim útgjaldagreinum í reikningi Dalasýslu fyrir 1875 og 1876, 40 kr. og 208 kr., sem talið er að hafi verið kostnaður í tilefni af fjárkláðanum, úrskurðaði amtsráðið að við svo búið mætti standa með útgjöld þessi, með því að sýslunefndin, þegar amtmaðurinn hafði skorað á hana að færa ástæður fyrir heimildinni til þessara gjalda, hafði skýrt frá, að hún hefði byggt þessar útgjaldagreinir á 39. gr. 5. atriði í sveitarstjórnarlögunum, þar eð það hefði verið skoðun nefndarinnar, að þær ráðstafanir, er hún gjörði í þessu tilliti, væru til að afstýra yfirvofandi hallari, enda hefði þar um fyrirfram verið leitað álita hreppsnefndanna.
13. Út af beiðni sýslunefndarinnar í Mýrasýslu um að amtsráðið veiti samþykki sitt til, að Stafholtstungnahreppur taki lán, að upphæð 1600 kr., ákvað ráðið að gefa sýslunefndinni til kynna, að það væri hún en ekki amtsráðið, sem eptir 26. gr. 7. tölul. í sveitarstjórnarlögunum ætti að veita samþykki til þessarar lántöku, ef slíkt samþykki á annað borð ætti að veitast.
14. Síðan lagði forseti fram til eptirsjónar og yfirskoðunar útskriftir úr gjörðabókum sýslunefndanna, sem ekki fannst tilefni til að gjöra neinar sjerstakar athugasemdir við
15. Að síðustu var rædd og samþykkt eptirfylgjandi:

Áætlun

um tekjur og gjöld jafnaðarsjóðs vesturamtsins fyrir árið 1879.

Tekjur.		kr.	a.
1. Í sjóði		4000	»
2. Niðurjöfnun á lausafje		1340	16
		<u>5340</u>	<u>16</u>
Gjöld.		kr.	a.
1. Til gjafsóknarmála o. fl.		200	»
2. Til bóluetninga og annara heilbrigðismálefna		300	»
3. Til ferðakostnaðar		300	»
4. Kostnaður við kennslu heyrnar- og málleysingja		600	»
5. Til sáttamálefna		20	»
6. Endurgjald kostnaðar við byggingu fangahúsa:			
a. Afborgun	1292 kr.	»	a.
b. Ársvextir af 15454 kr.	628 — 16 —	1920	16
7. Kostnaður við amtsráðið		300	»
8. Ýmisleg útgjöld		200	»
9. Í sjóði		1500	»
		<u>5340</u>	<u>16</u>

Reykjavík, 9. ágústm. 1878.

Berqur Thorberg.

Stjórnarbrjef og auglýsingar.

115
27. júní.

— *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um prentun á lagafrumvarpi.* — Jafnframt því að senda hingað bönarbrjef, þar sem forstjóri hins konunglega íslenska landsyfirdóms Jón Pjetursson, fer þess á leit, að ágreiningsfrumvarp það, er hann sem einn af nefndarmönnum þeim, er skipaðir voru með konungsúrskurði 4. nóvember 1870, hefir samið til landbúnaðarlaga fyrir Ísland með þar að lútandi ástæðum megi prenta á sama hátt og með viðlíka styrk frá hinu opinbera, og frumvarp það, er meiri hluti nefndarinnar gerði, þó þannig að honum sje leyfilegt að gjöra smábreytingar við frumvarpið og einkum sleppa miklum hluta af fyrsta kafla ástæðanna, hafið þjer, herra landshöfðingi í þóknanlegu brjefi 25. apríl þ. á., lagt það til, að hið umbeðna veitist, en þó ætlið þjer, að ekki beri að leyfa, að breytingar sjeu gjörðar á sjálfu frumvarpinu, en hins vegar geti ekkert verið því til fyrirstöðu, að ástæðurnar verði stytta á þann hátt, sem á er vikið.

Fyrir því leggst stjórnarráðið ekki undir höfuð til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar þjónustusamlega að tilkynna yður, að hið umbeðna veitist á þann hátt, sem þjer, herra landshöfðingi hafið tekið fram, og þannig, að yður er falið á hendur að gjöra ráðstafanir þær, er þörf er á í þessu tilliti.

116
27. júní.

— *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um styrktarsjóð suðuramtsins frá 1822.* — Með þóknanlegu brjefi 18. febrúar þ. á. hafið þjer, herra landshöfðingi, sent hingað bönarskrá með álitum hlutaðeigandi amtmanns, þar sem alþingismaður Sighvatur Árnason eptir beiðni hreppsnefndanna í Austur- og Vestur Eyjafjallahreppum fer fram á, að fyrirkomulagi því, sem gjört var með rentukammerbrjefi 23. sept. 1826, með tilliti til þess, hvernig verja skuli eptirstöðvunum af hinum frjálsu gjafasamskotum handa þeim, er urðu hjálparþurfa í Eyjafjallasveit í Rangárvallasýslu eptir jökulgosíð 1822, megi breyta þannig, að telja megi sjóð þann, er safnast hefir, eign áminnztra hreppa; en eptir nefndu fyrirkomulagi áttu vextirnir af fjenu að leggjast fyrir á hverju ári, svo að þeim, ef til þyrfti að taka, yrði varið þeim til hjálpar, sem kynnu að verða fyrir tjóni af jarðeldi í suðurumdæminu.

Með tilliti til þessa leggst stjórnarráðið ekki undir höfuð þjónustusamlega að tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar, að með því það er ljóst af því, sem áður hefir fram farið í máli þessu, að íbúar Eyjafjallahrepps hafa þá fengið fullkomið endurgjald fyrir tjón það, er þeir urðu fyrir af völdum jarðeldsins 1822, og það því ekki verður sjeð, að þeir fremur öðrum íbúum suðurumdæmisins eigi neina sjerstaka heimting á hinu umrædda fje, og er það afgangur af gjöfum þeim, er safnast höfðu að mestu leyti í suðurumdæminu, finnur ráðgjafinn ekki ástæðu til þess að breyta því fyrirkomulagi á nefndum sjóði, sem á hefir komizt með hinu tilvitnaða rentukammerbrjefi.

117
6. júlí.

— *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um lán til kirkjubyggingar.* — Með þóknanlegu brjefi frá 16. f. m. senduð þjer, herra landshöfðingi, hingað bönarskrá sóknarmanna Lundarbrekkukirkju, sem hafa tekizt á hendur kostnað þann, er leiðir af því, að byggja upp aptur nefnda kirkju, er brann næstliðið vor, þar sem eigandi kirkjunnar er ekki fær um það, og fara þeir þess á leit, að fá í þessu tilliti lán úr viðlagasjóði, 2000 kr. að upphæð. Fyrir því vil eg ekki láta undan falla þjónustusamlega að tilkynna yður til þóknanlegs athuga, birtingar og annara aðgjörða, að hið umbeðna

lán veitist, gegn því, að fasteignarveð sje sett fyrir láninu samkvæmt reglunum um lán **117**
úr viðlagasjóði, og gegn því að lántakendur skuldbindi sig til að greiða ársvexti (4 af **6. júlí.**
hundraði) af höfuðstólnum, og endurborga hann á 10 árum hinum næstu með því árlega að
borga upp í hann 200 kr., í fyrsta sinn 1879.

— *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um lög um fiskiveiðar* **118**
þegna Danakonungs þeirra, er eigi eru búsettir hjer á landi. **12. júlí.**
— Hinn 6. október f. á. sendu þjer herra landshöfðingi ráðgjafanum frumvarp, sem
alþingið 1877 hafði fallizt á, til laga um fiskiveiðar þegna Danakonungs þeirra, er eigi
eru búsettir á Íslandi, þá er þeir veiða í landhelgi frá skipi.

Þar eð ráðaneytið nú hefir fundið það mikið áhorfsmál að mæla fram með því,
að nefnt frumvarp yrði staðfest af konungi, hefi jeg ekki viljað leiða hjá mjer, að tilgreina
eptirfylgjandi atriði til skýringar um þær ástæður, sem hafa leitt ráðaneytið til allra-
þegnlegast að rita konungi í fyr nefnda stefnu.

Lagafrumvarpið inniheldur þá fyrst og fremst brot á jafnrjetti því, er
hingað til hefir verið fyrir danska og íslenzka þegna, að því er að fiskiveiðum lýtur; því
eins og engar álögur eru lagðar á Íslendinga, þó þeir leiti fiskjar innan landhelgis við
Danmörk, þannig getur það atriði, að krafizt er af íbúum Íslands gjalda til almennra þarfa
landsins, fyrir að stunda fiskiveiðar frá Íslandi og flytja þangað afla sinn, varla verið
fullgild ástæða til þess að leggja gjöld á aðra þegna ríkisins, einungis vegna þess að þeir
stunda veiði í landhelgi Danaveldis við Ísland, enda hafa þeir frá aldaöldi haft til þess rjett,
er sjerstaklega hefir verið staðfestur með íslenzkum lögum, sbr. opið brjef 18. ágúst 1786
§ 5, og tilskip. 13. júní 1787 kap. 1. § 1. En þó menn vildu nú ekki beita þessum
fornrjettindum og fallizt væri á að leggja á danska þegna, er eigi eru búsettir á Íslandi
eða standa í öðru sambandi við það, en veiða í landhelgi Danaveldis við Ísland, gjald sem
samsvaraði spítalagjaldinu, þyrfti að skipa fyrir um þetta á allt annan hátt, en gjört hefir
verið í þessu lagafrumvarpi. Gjald það, sem getið er um í frumvarpinu er sumsje alls
annars eðlis en spítalagjaldið; því það er hvorttveggja, að nú nefnd áлага á alls ekkert
skylt við landhelgi, og er henni einnig svarað af þeim fiski, sem aflaður er utan landhelgis,
enda er hún ákveðin eptir afrakstri veiðarinnar; en hin fyrirhugaða áлага er þar á móti
ákveðin eptir lestatali skips þess, sem hlut á að máli, og stendur ekki í sambandi við
það, hvort mikið aflast eða lítið, eða þegar á allt er lítið, hvort nokkuð aflast, og játið
þjer einnig herra landshöfðingi, að hún hlýtur að verða þyngri byrði fyrir danska þegna,
sem ekki eru búsettir á Íslandi en sú, sem spítalagjaldið bakar landsmönnum. Að öðru
leyti liggur það í augum uppi, að ef ætti að leggja þeim mönnum á herðar, sem veiða í
landhelgi og eru danskir þegnar en hvorki eru búsettir á Íslandi nje verzla þar, gjald af
arði þeim, sem þeir hafa af fiskiafla sínum, myndi slíkt mæta mjög miklum örðugleikum
þegar ætti að framkvæma það; og gæti það í mörgu tilliti orðið örðugt eða jafnvel
alls ekki audið, að vaka yfir því, að gjöld þau yrðu greidd, sem nefnd eru í frumvarpinu,
með því fiskiförin myndu, ef til vill, ekki leita lands eða hafna, og skipstjórar, ef mál
síðan væri höfðað, ef til vill, myndu neita, að þeir hefðu veitt fyrir innan landhelgi, eða
legið fyrir akkerum og festum, meðan þeir fiskuðu. En með tilliti til eptirlitsins á greiðslu
gjaldsins, yrði nauðsynlegt, hvað sem að höndum bæri, að treysta sannsögli hlutaðeigandi
skipstjóra, þar sem hann ætti sjálfur að segja til, hversu mikill hluti aflans hefði fengizt
fyrir innan landhelgi og hve mikill hluti utan.

118
12. júlí.

Eptir því, sem fram er komið undir meðferð málsins, eru líkindi til, að fiskiafli Færeyinga við austurstrendur landsins hafi einkanlega gefið tilefni til þessa lagafrumvarps, og samkvæmt hinu upprunalega frumvarpi, sem kom inn á alþingið, átti einnig nokkur hluti af gjaldinu að falla í skaut hlutaðeigandi hjerada, sem nokkurs konar uppbot fyrir það tjón, sem fiskiafli Færeyinga bakaði þeim; en eins og lagafrumvarp þetta breyttist og var loksins samþykkt á alþingi, myndu hin nefndu hjeröð ekki hafa haft nokkurn beinlínis hagnað af frumvarpinu. Aftur á móti gæti það vel verið, að lög þessi veittu nefndum hjeruðum þann óbeinlínis hagnað, að föla Færeyinga frá að keppast við hjeradsbúa um fiskiveiðarnar, þar sem þeim að líkindum myndi ekki þykja það svara kostnaði, að fara þangað undir land til fiskiveiða, ef þeir ættu að greiða af aflanum gjald það, sem ákveðið er í lagafrumvarpinu, og er það, þó það eigi að greiðast án tillits til þess, hvort hlutaðeigendur fái nokkuð eða ekkert í aðra hönd, helmingi meira en gjald það, er samkvæmt lögum 15. apríl 1854 skal greiða fyrir að reka verzlun á Íslandi. Þess ber og að geta, að hið fyrirhugaða gjald myndi bola frá ekki að eins Færeyinga, heldur einnig alla aðra danska þegna, sem ekki eru búsettir á Íslandi, en vilja fara þangað til fiskifanga, en einkum myndi gjald þetta koma hart niður á kaupmönnum, er búsettir eru í Danmörku, en senda skip með vörur til verzlana sinna á Íslandi, og láta þau síðan fara á fiskiveiðar, flytja aflann í land til að verka hann, og flytja hann síðan burtu sem fullbúna vöru. Slík skip borga þegar sumpart gjald fyrir sjóleiðarbrjef með 2. kr. fyrir hverja smálest, eptir sem skipið ber þær margar, sumpart spítalagjald af afla þeim, er fluttur er á land, og með því að þau þar að auki eptir atkvæði lagafrumvarpsins ættu að greiða hið fyrirhugaða nýja gjald 4 kr. af hverri smálest, hefði það að líkindum gjört það ókljúfandi fyrir nefnda kaupmenn, að halda skipum úti til fiskiveiða frá Íslandi.

Samkvæmt hinu framan talda, verður ráðgjafinn að vera á þeirri skoðun, að lagafrumvarp þetta sje ekki þannig vaxið, að það geti öðlzt staðfestingu konungs, og er tillaga ráðgjafans um það allramildilegast samþykkt í dag af Hans Hátign Konunginum.

Þess má enn geta, að lagafrumvarpið hefir vakið áhyggju Færeyinga, og þess vegna hafa fulltrúar þeirra á ríkisþinginu snúið sjer til ráðgjafans út af því, og að, eins og herra landshöfðingjanum er kunnugt, ráðgjafanum einnig hefir borizt bænarskrá frá hinum íslenzku kaupmönnum, er búsettir eru hjer í bönum, þar sem þeir mæla á móti því, að lagt sje gjald á fiskiafla þeirra á þann hátt, sem farið er fram á í lagafrumvarpinu, loksins vill ráðgjafinn mælast til þess, að þjer vilduð þóknanlega birta þjef þetta í stjórnatíðindunum.

119
12. júlí.

— *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um lög um rjettindi hjerlendra kaupmanna.* — Samkvæmt allraþegnlegustum tillögum ráðgjafans hefir Hans Hátign Konunginum þóknast, að neita að staðfesta frumvarp hins síðasta alþingis til laga um rjettindi hjerlendra kaupmanna og kaupfjela.

Jafnframt því að skýra yður herra landshöfðingi frá þessu, lætur ráðgjafinn eigi undan falla til skýringar þeim ástæðum, er komið hafa ráðgjafanum til þess, að beina tillögum sínum í fyrgreinda stefnu, að geta þess, sem nú skal greina.

Samkvæmt opnu brjefi 19. maí 1854, er leyft kaupmönnum, *sem eiga fasta verzlunarstadi á Íslandi*, að sigla á aðrar hafnir landsins en þær, sem löggiltar eru og verzla þar við íbúa landsins með nokkrar til teknar vörur. En aftur á móti eiga samkvæmt

Nýútkomin konungleg auglýsing

13. dag ágúst. 1878 um það, að ríkisstjórn skuli falin á hendur ríkisarfa í fjærvist konungs, birt í deildinni A, bls. 66—67.

Reikningar.

Ágrip af reikningum opinberra sjóða og stofnana, sem eru undir stjórn amtmannsins í norður- og austurumdæminu.
(Framh. frá bls. 78).

XIV.

120

Jafnaðarsjóður norður- og austuramtsins árið 1877.

	Tekjur.	kr. aur.
1. Eptirstöðvar eptir fyrra árs reikningi:		
a, fyrirfram borgað úr sjóðnum	8489 kr. 24 a.	
b, óborgað jafnaðarsjóðsgjald frá nokkrum sýslum við árslok 1876	2216 — 32 -	
c, í peningum	1280 — 41 -	11985 97
2. Á árinu 1877 er jafnað 20 aurum á hvert lausafjórðungi í amtinu, og er gjald þetta:		
a, af Húnavatnssýslu	1200 kr. » a.	
b, — Skagafjarðarsýslu	1003 — 60 -	
c, — Eyjafjarðarsýslu	955 — 50 -	
d, — Þingeyjarsýslu	992 — 70 -	
e, — Norðurmúlasýslu	1052 — 20 -	
f, — Suðurmúlasýslu	825 — 40 -	6029 40
3. Endurborguð málsfærslulaun við yfirjettinn í máli Sigurðar Stefánssonar úr Norðurmúlasýslu		20 »
4. Það sem í fyrra árs reikningi gjaldamegin nr. 16 b telst óborgað af jafnaðarsjóðsgjaldi árið 1876 frá nokkrum sýslum er endurborgað	2216 32	
5. Fyrirfram-borgun fyrir prentun eyðublaða til byggingarbrjefa handa leiguliðum opinberra eigna er endurborguð		33 33
	Tekjur alls	20285 2

	Gjöld.	kr. aur.
1. Til dóms- og lögreglumála:		
a, í þjófnáðarsök Davíðs Sigurðssonar úr Eyjafjarðarsýslu	190 kr. 2 a.	
b, samkvæmt samþykkt amtsráðsins færast til útgjalda kostnaður við flutning Jóns Jónssonar frá Austaraseli	213 — 83 -	403 85
2. Fangahúsin í norður- og austuramtinu:		
a, vanborgað af 1. afborgun og vöxtum byggingarkostnaðarins	106 — 67 -	
b, ýmislegur kostnaður við fangahúsið á Akureyri	146 — 66 -	
c, önnur afborgun og vextir af skuld jafnaðarsjóðsins til viðlagasjóðs landsins	3314 — 48 -	3567 81
		flyt 3971 66

Hinn 5. septbr. 1878.

		kr.	aur.
	fluttar	3971	66
120	3. Kostnaður viðvíkjandi alþingi:		
	Fyrir kosningu alþingismanna í Norðurmúlasýslu árin 1875 og 1877 . . .	177	8
	4. Til yfirsetukvenna:		
	a, til hjeraðslæknis Þorgríms Johnsens fyrir kennslu 1 yfirsetukonu . . .	50	»
	5. Kostnaður viðvíkjandi bólusetningu	21	»
	6. Þóknun til prófests D. Guðmundssonar fyrir að setja verðlagsskránnar 1877—78	32	»
	7. Meðlag með heyrnar- og mállausum:		
	a, Hermanní Jónssyni 1876	280 kr.	» a.
	b, með Rebekku Sigurlínu Stefánsdóttur	241 — 71 -	521 71
	8. Til sáttamála:		
	Fyrir sáttanefndarbók handa Sauðársáttaumdæmi	3	»
	9. Til gjafsóknarmála:		
	a, hreppstjórnir í Hrafnagilshreppi gegn bæjarstjórninni á Akureyri út af framferslu Jósefinu Kristjánsdóttur	86 — » - 5 — 16 -	
	b, samkvæmt samþykkt amtsráðsins færast til útgjalda kostnaður í málinu H. Jónsson prófastur á Hofi gegn Jóni bónda Guðmundssyni	88 — 16 -	
	c, samkvæmt samþykkt amtsráðsins færast til fullnaðar út- gjalda kostnaður í málinu departementsdirectör Oddgeir Stephensen gegn amtmanni sál. J. P. Havsteen	1337 — 58 -	1516 90
	10. Kostnaður við amtsráðið:		
	a, Fyrir gjörðabók, brjefabók og brjefaskrá	15 — 50 -	
	b, Kostnaður við mót amtsráðsmannanna	105 — » -	120 50
	11. Kostnaður við sunnlenskja fjárkláðann:		
	Borgað fyrir Skorradals- og Hvítárvörð árin 1875 og 1876	7598	23
	12. Fyrir aukapóstferð frá skrifstofu amtsins á Akureyri til Húnavatnssýslu	24	»
	13. Fyrir nýjan lykil að járnkassa þeim, er fylgir amtmannsembættinu	4	»
	14. Samkvæmt samþykkt amtsráðsins færast til fullnaðar útgjalda sem ófáan- legt lán til Svalbarðs og Presthólahreppa í korni og peningum	236	50
	15. Tekjugreininir 3, 4 og 5 færast til jafnaðar	2269	65
	16. Eptirstöðvar til næsta árs:		
	a, fyrirfram borgað úr sjóðnum	1203 kr.	59 a.
	b, óborgað jafnaðarsjóðsgjald úr nokkrum sýslum við árslok 1877	1680 — 4 -	
	c, í peningum	855 — 16 -	3738 79
	Útgjöld alls	20285	2

Akureyri, 5. dag febrúarmánaðar 1878.

Christiansson.

Stjórnarbrjef og auglýsingar.

— *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um lög um rjettindi* **119**
hjerlendra kaupmanna. (Framhald frá bls. 116). 12. júlí.

En aptur á móti eiga samkvæmt lagafrumvarpinu að eins þeir íslenzkir kaupmenn og kaupfjelög, er búsett eru á Íslandi, en engir aðrir, að hafa leyfi til þess að verzla fyrir utan löggilt kaugtún um 6 vikna tíma, og án þess að nokkur takmörk sjeu sett með tilliti til þess, sem verzlau er með. Af þessu leiðir, að þeir kaupmenn, er eiga fasta verzlunarstaði á Íslandi, en ekki búa þar sjálfir, ekki að eins myndu verða útilokaðir frá því að njóta hins aukna verzlunarfrelsis, er lagafrumvarpið gerir ráð fyrir, að veitt verði innlendum kaupmönnum og kaupfjelögum, er búsett eru á landinu; heldur yrðu þeir þar að auki sviptir rjetti þeim, er þeir nú hafa til þess að verzla fyrir utan löggilt kaugtún.

Til að gjöra slíkan mun á þeim, er búa á Íslandi, og þeim, er þar eru eigi búsettir, vantar að ætlun ráðgjafans fullnægjandi ástæðu, því þegar heimtað er af hinum síðarnefndu kaupmönnum, að þeir skuli greiða sömu gjöld af ágóða sínum, sem þeir kaupmenn, er búsettir eru á landinu, ættu þeir að hafa rjett til að stunda atvinnu sína með sömu kjörum og hinir. Það verður því að teljast mjög efasamt, hvort tilganginum með lagafrumvarpinu, og er hann að ráða bót á hinni innlendu verzlun, verði náð á þenna hátt. Hin ójafna meðferð á verzlunarmönnum myndi að líkindum hafa í för með sjer annaðhvort að farið yrði kringum lögin, og það myndi verða örðugt að koma í veg fyrir það, eða að hin dugandi dönsku verzlunarhús, sem nú eiga verzlanir á Íslandi drægju sig í hlje, og gæti það orðið mikið tjón fyrir landið einkum, að því er snertir reglulegar og nægilegar vörubirgðir, og vantar hina eiginlega íslenzku kaupmannastjett fje það, sem með þarf til þess að hafa þær.

Mismunur sá, sem gjörður er af alþingi á hinum tveimur flokkum af kaupmönnum, myndi enn fremur koma í bága við jafnrjetti það, er hingað til hefir ráðið verzlunarviðskiptunum milli Danmerkur og Íslands, því samkvæmt hinum dönsku atvinnulögum 29. des. 1857 2.gr. 4. sbr. 5.gr. hefir Íslendingur jafnan rjett dönskum manni til þess að reka verzlun, hvar sem honum þóknast í ríkinu, án þess að hann þurfi að vera búsettur hjer, og hann getur þannig rekið verzlun með því að hafa umboðsmann hjer á sama hátt, og hinir dönsku kaupmenn láta kaupstjóra veita verzlunum sínum á Íslandi forstöðu. Hjer við bætist, að eptir því sem 1. gr. í lagafrumvarpinu er samin, er heimtað af þeim, er eiga að njóta þessarar greinar, ekki að eins að þeir skuli vera búsettir á Íslandi, en einnig að þeir skuli vera «hjerlendir», þ. e. Íslendingar; en það að gjöra einhvern sjerstakan íslenzkan höldsriett (Indfödsret) að skilyrði fyrir leyfi til að reka hina umræddu strandaverzlun myndi beinlínis koma í bága við rjettindi innborinna manna (sbr. tilsk. 17. nóv. 1787 7. og 8. gr.)

Auk þeirra mótbára, sem þannig mætti til færa gegn grundvelli þeim, sem lagafrumvarpið er byggt á, verður einnig að taka fram, að því í öðrum verulegum greinum er ábótavant og ófullkomið. Í lagafrumvarpinu er þannig að vísu sú ákvörðun, að hlutaðeigandi kaupmenn og kaupfjelög skuli áður en þau byrja á strandaverzlun þeirri, er ræðir um í lagafrumvarpinu, hafa á löggiltu kaugtúni fullnægt fyrir mælum laganna um skipaferðir, tollgjald og sóttvarnir; en í því er ekkert um, hvernig eigi að hafa hið mjög örðuga eptirlit með, að þessu skilyrði verði gegnt; og eins og þjer, herra landshöfðingi, hafið tekið fram, er ekki bætt úr þessu með því að ákveða fyrir brot á

119 lögnum sekt, er keyrir fram úr öllu hófi, þar sem efsta takmark hennar (5000 kr.)
12. júlí. er töluvert meira en helmingi hærra en hin mesta sekt, sem spurning getur orðið um samkvæmt hinum íslenzku hegningarlögum (200 kr.)

Loksins er í síðustu grein lagafrumvarpsins (4. gr.) ákvörðun, sem opt gæti gefið tilefni til misskilnings, því þar sem þar er sagt, að opið brjef 19. maí 1854: «svo og aðrar lagagreininir þær, er eigi geta samrýmzt við lög þessi», sjeu af teknar, kemur til álita sú spurning, hvaða laga-ákvæðanir það sjeu, sem hjer er átt við, en um það finnst ekkert, hvorki í ástæðum lagafrumvarpsins, nje umræðum alþingis; en þar á móti virðast þær allar að ganga út frá því, að tilgangurinn sje að eins sá, að nema úr gildi opið brjef 19. maí 1854 og gefa nýjar reglur með tilliti til hinnar íslenzku strandverzlunar, en að það sje ekki ætlun lagafrumvarpsins, að gjöra neinar breytingar á hinum íslenzku verzlunarlögum.

Jafnframt því enn fremur að geta þess, að, eins og yður er kunnugt, herra landshöfðingi, hefir komið til ráðgjafans umkvörtun frá íslenzkum kaupmönnum, sem búsettir eru hjer í bænum, yfir því, að frumvarpið, ef það yrði gjört að lögum, myndi skerða verzlunarrjettindi þeirra á Íslandi á heimildarlausan hátt, vill ráðgjafinn, þar eð telja má efnið í brjefi þessu mikils varðandi fyrir almenning, að lokum mælast til þess af yður, að þjer vilduð þóknanlega láta birta það í stjórnatíðindunum.

EMBÆTTISMENN.

Hinn 31. dag júlímán. þóknadist hans hátign konunginum að veita sóknarpresti að Arnarbæli í Árnesprófastsdæmi síra Páli Jónssyni Mattiesen lausn í náð, þannig að honum veitist sem eptirlaun $\frac{2}{5}$ af föstum tekjum prestakallsins.

14. ágúst þóknadist hans hátign konunginum að veita sýslumanni í Árnessýslu Þorsteini Jónssyni lausn í náð með árlegum eptirlaunum samkvæmt eptirlaunalögum.

16. ágúst þóknadist hans hátign konunginum að skipa kandidat Kristján Jónsson sýslumann í Gullbringu og Kjósarsýslu.

s. d. þóknadist hans hátign konunginum að skipa sýslumann Eggert Theodor Jónassen bæjarfógeta í Reykjavík.

ÓVEITT EMBÆTTI.

a) er ráðgjafinn fyrir Ísland hlutast til um veitingu á.

Arnarbælisprestakall í Árness prófastsdæmi. Samkvæmt brauðamati því, er staðfest var af konungi 6. júlí 1870 nema tekjur prestakalls þessa 1437 kr. 72 a. Uppgjafaprestur er í brauðinu, og nýtur hann 2 fimtunga af hinum föstu embættistekjum. Þar að auki er sem stendur ekkja í brauðinu, og greiðist henni $\frac{1}{5}$ af hinum föstu tekjum embættisins, sem eptirlaun samkvæmt 5. gr. tilskipunar 15. desbr. 1865. Auglýst 14. ágúst 1878.

Bónarbrjefin eiga að vera komin 31. oktbr. 1878.

Sýslumannsembættið í Árnessýslu, árslaun 3500 kr. Auglýst 16. ágúst 1878.

Bónarbrjefin eiga að vera komin 31. október 1878.

Sýslumannsembættið í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu. Árslaun 3500 kr. Auglýst 16. ágúst 1878.

Bónarbrjefin eiga að vera komin 31. október 1878.

Sæki aðrir en Íslendingar um þessi embætti, verða þeir hinir sömu að láta bónarbrjefum sínum fylgja tilheyrilegt vottorð um kunnáttu í íslenzkri tungu samkvæmt konungsúrskurðum 8. apríl 1844, 27. maí 1857, og 8. febr. 1863.

b) er landshöfðingi veitir.

Lundarbrekku prestakall í Þingeyjar prófastsdæmi metið 477 kr. 41 e. auglýst 5. ágúst.

Lundar prestakall í Borgarfjarðar prófastsdæmi, metið 516 kr., auglýst 12. ágúst.

Kálfafells prestakall á Síðu í Vestur-Skaptafells prófastsdæmi, metið 236 kr. 85 a., auglýst 2. septbr.

— *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu um toll af vínföngum með póstskipinu.* — Eptir að jeg með þóknanlegu brjefi herra amtmannsins 3. þ. m. hefi meðtekið álit hins setta bæjarfógeta í Reykjavík út af ágreiningi milli hans og hins setta sýslumanns í Gullbringusýslu um skilning á lögum 24. ágúst f. á. um breyting á tilskipun um gjald af brennivíni og öðrum áfengum drykkjum 26. febrúar 1872, 2. gr., að því er snertir greiðslu gjaldsins af vörum þeim, er flytjast til landsins með gufuskipum, en þenna ágreining hafið þjer, herra amtmaður, í þóknanlegu brjefi 18. f. m. eptir tilefni frá síðastnefndum embættismanni lagt undir minn úrskurð, — læt jeg yður nú hjer með tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeigöndum, að eptir mínu áliti er ekkert því til fyrirstöðu, að tollur af áfengum drykkjum, sem flytjast hingað með póstgufuskipinu, sje greiddur á þeirri höfn, er skipið kemur fyrst á hjer á landi, þegar formaður gufuskipins eða afgreiðslumaður þess fer fram á það og vill greiða tollinn fyrir hönd þess, er við vörnum tekur; en vísi formaður gufuskipins eða afgreiðandi þess til viðtakanda með skil fyrir tollgjaldinu, á samkvæmt lögum 24. ágúst f. á. að fara eptir reglunum í tilskipun 26. febr. 1872, 4. grein, og verður þá lögreglustjórinn þar, sem vörurnar eru fluttar í land, að heimta tollinn.

121
15. júlí.

— *Brjef landshöfðingja til bæjarfógetans í Reykjavík um toll af ölextrakti.* Í þóknanlegu brjefi frá 27. f. m. hafið þjer, herra bæjarfógeti, skýrt frá því, að kaupmaður Fischer hjer í bönnum hafi bedið sjer endurgoldna 1 kr. 50 a., er hann hefir verið krafinn um sem toll af brúsa af «ölextrakti», er tók 80 potta, og fluttist hingað með skipinu Helene Frederikke 14. f. m., með því að nefnd vara verði ekki talin öl, en sje læknismedal, einskonar síróp. Fyrir því vil jeg þjónustusamlega tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeiganda, að «ölextrakt» verði, þangað til það sannast, að það svari ekki til heitis síns, að álitast tollskytt samkvæmt lögum 11. febr. 1876, og gjöra þau með tilliti til tollskyldunnar engan mun á því, hve sterkt ölið sje, eða, til hvers það sje haft.

122
15. júlí.

— *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um aukakosningu til alþingis.* — Þar eð sýslumaðurinn í Skagafjarðarsýslu hefir með brjefi 29. f. m. skýrt frá, að alþingismaður J. A. Blöndal, hafi andazt 3. s. m., og að alþingismaður E. B. Guðmundsson hafi beiðzt lausnar frá starfa sínum sem þingmaður fyrir Skagafjarðarsýslu, vil jeg hjer með skora á yður, herra amtmaður, að gjöra ráðstöfun til, að kosnir verði 2 alþingismenn fyrir nefnda sýslu fyrir það, sem eptir er af kjörtímanum, er nú stendur yfir, samkvæmt reglum þeim, sem 1. liður í ákvörðunum um stundarsakir í stjórnarskrá 5. janúar 1874, hefir inni að halda.

123
25. júlí.

— *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu um fje til jarðabóta.* — Samkvæmt tillögum yðar, herra amtmaður og amtsráðsins fyrir vesturumdæmið skal af fje því, sem með 10. gr. C 5. fjárlaganna er ákveðið til eflingar jarðarrækt og sjáfarútvegi veittur eptirnefndum piltum, er stunda jarðyrkju og búfræði við skólann á Stend í Noregi, styrkur, eins og nú segir:

124
2. ágúst

Hinn 2. október 1878.

- 124** 1. Ólafi Ólafssyni frá Lundum í Mýrasýslu 200 kr.
 2. ágúst. 2. Boga Helgasyni frá Vogu í sömu sýslu 200 —
 3. Jósepi Bjarnarsyni frá Fögrubrekku í Strandasýslu með sjerstaklegu tilliti til þess, að hann samkvæmt vottorði frá forstöðumanni skólans virðist vera mjög efnilegur, og þar sem hann er bláfátækur 400 —

Enn fremur veitast hjer með af nefndu fje 233 kr. upp í laun jarðyrkjumanns Ólafs Bjarnarsonar.

Ávisun á ofan nefndar samtals 1033 kr. fylgir hjer með.

- 125** — *Brjef landshöfðingja til biskups um þjónustu Kjalarnesþingaprestakalls.* — Samkvæmt tillögum yðar, herra biskup, í brjefi frá 22. f. m. samþykkt hjer með, að löggilding prestanna á Reynivöllum og Mosfelli til þess að þjóna hinn fyrrnefndi Saurbøjarsókn og hinn síðarnefndi Brautarholtssókn verði lengd um 2 ár eða til fardaga 1880.

- 126** — *Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um þóknun fyrir tilsögn í söng og organslætti.* — Samkvæmt tillögum stiptsyfirvaldanna í brjefi frá 16. f. m. hefi jeg af fje því sem með 15. gr. fjárlaganna um árin 1878—79 er lagt til vísindalegra og verklegra fyrirtækja veitt organista Jónasi Helgasyni 100 kr. þóknun fyrir tilsögn í söng og organslætti á þessu ári.

- 127** — *Brief landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu um laxveiðina í Elliðaáum.* — Eptir að þjer herra amtmaður höfðuð látið halda skodunargjörð á þeim laxveidaáhöldum, sem eigandi laxveidarinnar í Elliðaánum, kaupmaður Thomsen, við hefir við áminnsta laxveiði, til að komast að raun um, hvort svo mikið bil væri milli rimanna í laxakistum hans, að lax, sem er 9 þumlunga gildur, gæti smogið þær, svo sem ákveðið er með 5. grein laganna 11. maí 1876, hefir Thomsen kaupmaður í brjefi frá 3. þ. m. leitazt við að sanna fyrst og fremst, að ákvarðanir í 5. grein nefndra laga ekki verði heimfærðar á laxveiðina í Elliðaánum, og þar næst að veiðiáhöldum sínum sje svo fyrirkomid, að 9 þumlunga gildur lax geti komizt gegnum þau. Þjer hafid því herra amtmaður í þóknanlegu brjefi 5. þ. m. spurt, hvort svo beri að álita, að laxveiðin í Elliðaánum heyri undir ákvarðanirnar í 5. grein fyr tjeðra laga, þar eð þjer annars kostar ekki finnið ástæðu til að skjóta því undir atkvæði dómstólanna, hvort áminnzt veiðiáhöld sjeu samkvæm fyrirmælum laganna.

Af þessu tilefni læt jeg ekki dragast þjónustusamlega að tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og aðgjörða, að brjef ráðgjafans frá 26. maí f. á. að eins geti um þá spurningu, hvort fyrirmæli 2. gr. laga frá 11. maí 1876, en þau virðast eptir sambandi því, er þau standa í við landsleigubálk Jónsbókar 56. kap., að eins að stefna að því að tiltaka nákvæmar þau rjettindi, er bera ýmsum mönnum, sem eiga veiði, í sömu á hvorum gagnvart öðrum, geti álitizt að ná til laxveidinnar í Elliðaánum, sem Thomsen samkvæmt hæztarjettardómi 16. febr. 1875 er einkaeigandi að, en aptur á móti snertir áminzt brjef ekki það spursmál, hvort almennar ákvarðanir þær um friðun á laxi, er lög 11. maí 1876 innihalda, ná til nefndra áa, og ber að ætlan minni að svara því játandi.

Þar eð lög um breytingu með tilliti til útgjalda þeirra, sem hvíla á jafnaðarsjóðunum frá 2. nóvember f. á. 2. gr. ákveða, að kostnaðurinn við rekstur sakamála og lög-reglumanna skuli, að því leyti, sem hann ber að greiða úr opinberum sjóði, borgast úr landssjóði, en það verður ekki ákveðið, fyrr en slíkt mál er á enda kljád, að hve miklu leyti kostnaðurinn við það skuli lenda á hinu opinbera, tel jeg mjer, sem stendur, ekki fært að ávísa til útborgunar úr landssjóði reikningum þeim, erhjer með endursendast, yfir kostnaðinn við skoðunargjörð þá, sem haldin var 1. þ. m., að upphæð 9 kr. 50 auru.

Hin fylgiskjölin, sem voru með brjefi herra amtmannsins 5. þ. m. endursendast sömuleiðis.

— *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um viðgjörð við dómkirkjuna í Reykjavík.* — Jafnframt því að skýra mjer frá því, að viðgerðinni á Reykjavíkur dómkirkju hefði orðið að skjóta á frest til næzta sumars sökum vantandi efnis og vinnuaflla, hafið þjer, herra landshöfðingi, í þóknanlegu brjefi frá 22. f. m. skýrt mjer frá, að þjer með tilliti til framkvæmdar á þessu verki, að sumri komanda hafið snúid yður til þeirra þriggja íslenzku smiða, er 21. nóvember 1876 sömdu áætlun um kostnaðinn við verkið, en að þjer hafi verið ófúsir á að takast verkið á hendur fyrir borgun þá, er þjer ætluðu á (18651 kr. 13 auru), en að þjer eptir að hafa boðið öllum íslenzkum smiðum starf þetta, hafið fengið tilboð frá Jakobi trjesmið Sveinssyni, að hann vildi taka smiðið að sjer fyrir samtals 21000 kr., og að hann hafi tilgreint þá ástæðu fyrir því að fara fram yfir áætlun þá, sem hann hafið undirskrifað ásamt öðrum, að hann við ítarlegri íhugun hefði komizt að raun um, að nauðsynlegt yrði að gjöra ýmsar breytingar á hinnu upphaflegu áætlun, og við það myndi kostnaðurinn aukast til muna. Sökum þessa og með því að þjer álitid hlutaðeiganda í öllu tilliti áreiðanlegan og fullveðja mann, hafið þjer farið þess á leit, að yður væri gefið vald til að gjöra samning við hann um að framkvæma þetta erfiði fyrir fyrgreinda upphæð 21000 kr., samkvæmt áætlun þeirri, er samin var 1876, en þó þannig, að eptir samkomulagi milli yðar og hans geti orðið breytingar, sem miða til þess að gjöra viðgjörðina traustari.

Út af þessu læt jeg ekki undanfalla þjónustusamlega að tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari aðgjörða, að jeg eptir málavöxtum ekki er því mótfallinn, að þjer semjið við Jakob trjesmið Sveinsson um að fullgera hið umrædda verk með kostum þeim, sem til eru teknir, en þó ber að taka það skýrt fram, að kostnaðurinn megi ekki með nokkru móti fara fram úr 21000 kr., sem er upphæð sú, er hann hefir áskilið sjer.

— *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um lán úr viðlagasjóði.* — Í tilefni af þóknanlegu brjefi yðar, herra landshöfðingi frá 25. f. m. lútandi að afgangi hins íslenzka landssjóðs um fjárhagstímabilið 1876 og 1877, læt jeg ekki undan falla þjónustusamlega að tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar, að af tjeðum afgangi mun verða haft á reiðum höndum allt að 30000 kr., til þess að lána fje þetta út eptir nánari tilögum yðar, herra landshöfðingi, í hvert skipti, er svo ber undir, hreppsþjelögum, stofnunum og einstökum mönnum á Íslandi, samkvæmt reglum þeim, er standa um lán úr viðlagasjóði.

— *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um toll af tóbaki í pappírsvindlum.* — Í þóknanlegu brjefi, dags. 27. maí þ. á. hafið þjer, herra landshöfð-

130 15. ágúst. Ingi beiðzt úrskurðar ráðgjafans um það, hvort samkvæmt lögum 11. febr. 1876 beri að tolla tóbak í pappírsvindlum (cigaretter), er flytjast til Íslands, svo sem vindla eða sem tóbak.

2. Með því ekki er ákveðið, að skatturinn skuli hvíla á húsleigjanda, getur varla verið umtalsmál, að aðrir en eigandi sjeu skyldir að greiða skattinn, hins vegar verður eigandi skyldur að hafa umboðsmann í lögsagnarumdæmi því, sem húsið liggur í, sje hann ekki sjálfur þar búsettur, og virðist heimilt að taka húsið lögtaki fyrir skattinum, ef eigandi hefir ekki fengið leigjanda umboð, nje tilkynnt hlutaðeiganda lögtaksfremjanda, að hann hafi þar á staðnum annan umboðsmann, er muni greiða skattinn.

3. Ekkert getur verið því til fyrirstöðu, að gjaldheimtumenn borgi húskattinn, eins og önnur þinggjöld með ávísun á áreiðanlegt verzlunarhús í Kaupmannahöfn.

— *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um laun prestsins á Vestmannaeyjum.* — Eptir að ráðgjafinn hafði meðtekið skýringar þær, sem þóknanlegt brjef yðar, herra landshöfðingi, frá 2. f. m. innihjelt, um útreikninginn á endurgjaldi því, er samkvæmt 4. gr. laga frá 14. desember f. á. um skattgjöld á Vestmannaeyjum, ber að greiða hinum núverandi presti á Vestmannaeyjum úr landssjóði fyrir þann

166
17. okt.

Hinn 31. desember 1878.

166 tekjumissi, sem fyrir hann kynni að leiða af öðrum ákvörðunum nefndra laga, hefir ráðgjafinn samkvæmt tillögum yðar ákveðið, að hið umrædda endurgjald skuli vera 1443 kr. 19 a. árlega.

Jafnframt því að tjá yður hið framanskráða til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar, vil jeg hjer með þjónustusamlega mælast til, að þjer, herra landshöfðingi, vilduð þóknanlega hlutast til þess, að nefnd upphæð sje greidd úr jarðabókarsjóði hinum núverandi sóknarpresti á Vestmannaeyjum með $\frac{1}{12}$ á mánuði hverjum frá 1. janúar 1879.

167 — *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um uppboðslaun.* — Í þóknanlegu brjefi frá 31. ágúst síðastl. hafið þjer, herra landshöfðingi, að gefnu tilefni af hinum setta sýslumanni í Gullbringu- og Kjósarsýslu og sýslumanninum í Húnavatns-sýslu, borið upp fyrir ráðgjafanum ýmsar spurningar lútandi að uppboðslögunum, og læt jeg ekki dragast þjónustusamlega að tjá yður í andsvara skyni til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar það, er nú segir.

Þar sem hinn setti sýslumaður í Gullbringu- og Kjósarsýslu hefir beiðzt þess, að honum yrði borgaðar úr landssjóði 5 kr., sem ferðakostnaður, er honum beri fyrir uppboðshald, hlýtur ráðgjafinn að vera herra landshöfðingjanum samdóma um það, að engin lagaheimild sje til fyrir því að leggja kostnað þenna á landssjóð. Ekki heldur er nein heimild fyrir því, er sýslumaðurinn í Húnavatnssýslu hefir farið fram á, að leggja það á hlutaðeigandi uppboðsbeiðanda að borga slíkan kostnað, og skal þess að öðru leyti getið, að hinn síðarnefndi embættismaður eins og allir aðrir valdsmenn, sem hafa fengið laun sín ákveðin eptir meðaltali tekna sinna fjárhagsárin 1871—75 virðist að hafa öðlzt fullt endurgjald fyrir tekjur þær, sem þeim hingað til hafa borið af uppboðum, þar sem þær hafa verið afdráttarlaust teknar til greina, þá er tekið var meðaltalið af nefndum tekjum.

Að því er þessu næst snertir spurninguna um rjett hreppstjóra til launa þeirra, er þeim eru veitt í 71. gr. aukatekjureglugjörðarinnar frá 10. september 1830 fyrir að halda lítilfjörleg uppboð í forföllum sýslumanns og eptir umboði hans, hlýtur ráðgjafinn að fallast á skoðun þá, sem þjer herra landshöfðingi, hafið látið í ljósi, að lögín frá 14. desember f. á. virðist ekki hafa ætlað að breyta þessu fyrirkomulagi. Þar sem þjer herra landshöfðingi í sambandi hjer við hafið látið þá ætlun yðar í ljósi, að það gæti verið nú þegar ástæða til að gjöra ákvörðun, þar sem tiltekin væru ákveðin takmörk fyrir því, hversu stór þau uppboð mættu vera, sem hreppstjórum hjer á eptir mætti fela á hendur að halda og taka sölulaun af, lætur ráðgjafinn ekki hjálíða að athuga, að slíkri breytingu á hinni nefndu grein í aukatekjureglugjörðinni — þó ekki sje haft tillit til þeirra örðugleika, sem því mundi vera samfara, að ákveða slík takmörk — gæti í engu falli orðið á komið nema með lögum; en til þess þó svo mikið sem auðið er að aptra því, að þessari ákvörðun verði ranglega beitt, vildi jeg þjónustusamlega mælast til þess, að þjer, herra landshöfðingi, leggið fyrir amtmennina að hafa eptirlit með því, að sýslumennirnir láti hreppstjóra því að eins halda uppboð, að þeir geti ekki sjálfir framkvæmt gjörðina og gætt sje hinna skilyrðanna í 71. gr. aukatekjureglugjörðarinnar. Auk þess má álíta það vel víðeigandi, að skipa sýslumönnum í hvert sinn, er þeir fela hreppstjórum á hendur uppboðshald, að geta um ástæðuna til þess, og láta rita þar að lútandi athugasemd í uppboðsgjörðarbókinni.

— *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu um tíundarlögin.* — Eptir að hafa meðtekið þóknanlegt álit yðar, herra amtmaður, í brjefi frá 25. þ. m. um fyrirspurn hreppstjórans í Hvítársíðuhreppi, Salómóns Sigurðssonar, hvort tíundarlögum frá 12. júlí þ. á. verði beitt á haustþingum þessa árs, vil jeg þjónustusamlega tjá yður til leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeiganda, að það er hvorttveggja, að áminnt lög ekki hafa náð gildi, fyr en 28. þ. m., eða eptir að hausthreppaþingin, er halda skal á tímabilinu frá 1.—20. þ. m., eru um garð gengin, enda ákveða lögin að telja skuli fram til tíundar á vorþingum, en á haustþingum ber að eins að lagfæra vorframtalið, að svo miklu leyti sem þörf er á. Af þessu leiðir beinlínis, að áminntum lögum verður ekki beitt með tilliti til framtalsins, fyr en á vorþingum 1879.

168
30. okt.

— *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um lán úr viðlagasjóði.* — Í brjefum frá 17. og 29. september þ. á. hafið þjer, herra landshöfðingi í tilefni af 3 bóнарbrjefum, sem komið hafa til yðar, lagt það til, að úr viðlagasjóði verði lánað með nánar tilteknum skilmálum 800 kr. Kálpholts prestakalli, til að fullgjöra nýja timburkirkju, allt að 1200 kr., Reykhólts prestakalli, til að framkvæma jarðabætur á túni prestssetursins og 3000 kr. hjeraðslækni í 14. læknishjeraði, Þorvarði Kjerulf.

169
4. nóv.

Fyrir því læt jeg ekki hjálíða til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar þjónustusamlega að tjá yður þetta: Í brjefi frá 25. júlí þ. á gerðuð þjer, herra landshöfðingi, þá bráðabirgðaráætlun, að hinn vaxtalausí afgangur viðlagasjóðsins við árslok 1877 myndi vera um 84000 kr.; en aptur á móti sjest það af reikningi þeim, sem hingað var sendur 20. ágúst næst á eptir, yfir tekjur og gjöld Íslands árið 1877, að nefnd upphæð hefir í raun rjettri að eins verið 74,901 kr. 64 aur. Af þessari upphæð er með hliðsjón af áminntri bráðabirgðaráætlun varið 39,039 kr. 48 aur. til að kaupa fyrir 42,800 kr. í konungl. skuldabrjefum í viðbót við innmitunarskírteini viðlagasjóðsins, og þar að auki hafa verið á árinu, eins og viðlögð uppteiknun sýnir, smámsaman leyfð lán úr viðlagasjóði, samtals 36,350 kr. Þó ganga megi að því vísu, að lán þessi verði ekki öll útborguð á yfirstandandi ári, verður þó að hafa peninga á reiðum höndum í því skyni, og með því það jafnvel er mjög vafasamt, hvort fje það, sem ætlað er, að verði umfram frá fjárhagsárunum 1878 og 79, eða hjer um bil 40,000 kr. muni nægja til þess að borga með þeim hin miklu gjöld, sem eru fyrir hendi næstkomandi ár, t. a. m. til að endurbygga dómkirkjuna og til að stofna gagnfræðaskóla á Möðruvöllum o. fl., álitur ráðgjafinn það ógjörning um sinn að veita ný lán úr viðlagasjóði.

Að því er snertir lán það, er Þorvarður hjeraðslæknir Kjerulf biður um, læt jeg ekki undanfalla að leiða athygli yðar að því, að það vantar skýrslu um, til hvers hann ætli að verja láninu og um ástæðurnar til þess, að óskað er eptir, að það verði veitt með öðrum endurborgunarkjörum en þeim, er venjulega eiga sjer stað.

— *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um próf í læknisfræði* — Í tilefni af bóнарbrjefi kandid. philos. Pjeturs Jónssonar, sem hingað var sent með þóknanlegu brjefi yðar herra landshöfðingi frá 15. f. m., og þar sem beiðandinn, með því honum samkvæmt brjefi ráðgjafans frá 13. apríl þ. á. hafði verið neitað um að verða tekinn aptur inn í læknaskólann í Reykjavík, beiðist þess, að sjer verði veitt leyfi til á sumri komanda, að ganga undir próf við nefndan læknaskóla, vil jeg til þóknanlegrar

170
6. nóv.

170 leiðbeiningar og frekari birtingar þjónustusamlega tjá yður, að hið umbeðna leyfi veitist, eptir því, sem ástatt er.

171 — *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um útbýtingu stjórnartíðindanna til hreppstjóra.* — Í tilefni af þóknanlegu brjefi yðar, herra landshöfðingi, frá 15. þ. m., vil jeg þjónustusamlega tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar, að það er samþykkt, að 1 expl. af B deild stjórnartíðindanna sje frá 1. janúar 1879 sent ókeypis hverjum hreppi á Íslandi, til afnota fyrir hlutaðeigandi hreppstjóra, þannig að hann sje skyldur til að geyma tíðindin og afhenda þau eptirmanni sínum í stöðunni, er til þess kemur.

172 — *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um endurskoðun reikninga.* — Í þóknanlegu brjefi frá 14. f. m. hafið þjer, herra landshöfðingi, skýrt frá því, að yður hafi ekki tekizt að fá Lárus yfirdómara Sveinbjörnsson til þess að takast á hendur endurskoðun reikninga þeirra, sem koma frá hinum íslenzku gjaldheimtumönnum, með sömu kostum, sem endurskoðunin nú er falin Árna landfógeta Thorsteinssyni, og að þjer þess vegna hafið álitid rjettast að nota tilboð Árna Thorsteinssonar, um að halda endurskoðuninni áfram um næstkomandi ár. Jafnframt því að skýra frá þessu, hafið þjer enn fremur lagt það til; að Árni landfógeti Thorsteinsson verði losaður við umgetið endurskoðunarstarf frá 31. desbr. 1879.

Fyrir þessar sakir vil jeg til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar þjónustusamlega tjá yður, að jeg hefi fallizt á tillögur yðar, herra landshöfðingi,

173 — *Brjef landshöfðingja til stiptyfirvaldanna um styrk handa barnaskóla* 13. nóvbr. — Með heiðruðu brjefi stiptyfirvaldanna frá 11. þ. m. meðtók jeg erindi, þar sem hreppsnefndin í Seltjarnarneshreppi ásamt stjórnöndum barnaskólans¹⁾ samastaðar fer þess á leit, að skóla þessum, sem á fullri eign skólahús, er hreppsnefndin með samþykki sýslunefndarinnar hefir keypt handa honum, verði lagður styrkur af fje því, er veitt hefir verið til slíkra stofnana með 13. gr. C. 6 fjárlaganna, og hefi jeg veitt tjeðum skóla styrk að upphæð 200 kr. fyrir skólaár það, er yfir stendur.

Þetta er tjáð stiptyfirvöldunum til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir beiðendunum, og bið jeg þeim afhenta hjálagða ávisun.

Erindisbrjef fyrir vitavörðinn á Reykjanesi.

174
14. nóvbr.

1. gr.

Við vitann á Reykjanesi er skipaður vitavörður með 800 kr. árslaunum og bera

1) Í skýrslu um þennan skóla segir hlutaðeigandi sóknarprestur, að hann hafi verið haldinn 3 vetur frá 1. október 1875 til 14. maí 1878, að í honum hafi verið kennt kverið, biblíusögur, landafræði, mannkynssaga, reikningur, danska og söngur, og að nú sjeu 26 börn í skólanum, þeim skipt í 2 deildir, og noti kennarinn eitt af hinum efuilegustu börnum í efri deildinni sjer til aðstoðar við kennsluna í hinni neðri.

honum þar að auki frjáls afnot af vitavörðarbústaðnum með lóð þeirri, er útmæld hefir **174** verið handa honum. Vitavörður er skyldur til að halda mann á eigin kostnað, er að-^{14. nóvbr.} stoði hann við gæzlu vitans. Ræður hann aðstoðarmann sinn sjálfur og vikur honum frá; en skyldur er hann að senda landshöfðingja skýrslu þar um.

2. gr.

Landshöfðinginn yfir Íslandi skipar vitavörðinn, er hefir ábyrgð á, að viti sá, er honum er trúað fyrir, sje nákvæmlega aðgættur, og að störf þau, er þar að lúta, sjeu af hendi leyst samkvæmt reglugjörð þeirri og þeim sjerstökum fyrirskipunum, er gjörðar kunna að verða af landshöfðingja eða eptirlitsmanni þeim, er hann kynni að skipa. Þessu til staðfestingar skrifar hann undir eiðspjall það, er lagt mun verða fyrir hann.

3. gr.

Launin skulu greidd vitaverði fyrirfram með $\frac{1}{12}$ á mánuði hverjum af hinni árlegu upphæð.

4. gr.

Vitavörðurinn hefir í sameiningu við aðstoðarmann sinn á hendi varðhaldið við vitann og niðurraðar vökustundunum eptir því sem hann sjálfur álitur hentugast; þó þannig að ekkert vökutímabil farifram úr 6 klukkustundum í einu og að varðskipti eigi sjer stað um miðnætti.

5. gr.

Vitavörður hefir á hendi brjefaskriptir þær, er viðkoma vitanum. A embættisbrjef þau, er hann tekur við, ritar hann áframhaldandi tölur, og getur þar eptir stuttlega á brjefaskrá innihalds þeirra og dagsetningar og dags þess, er hann tók við þeim, en öll embættisbrjef, er hann sendir frá sjer, ber honum að rita í brjefabók sem ásamt brjefum þeim, er hann tekur á móti, skal geymt í skjalasafni vitabyggingarinnar.

6. gr.

Engin peningaútgjöld snertandi viðhald vitahúsanna, áhöld vitans og það, sem að öðru leyti fylgir vitanum mega eiga sjer stað án leyfis landshöfðingja þar að lútandi. Að eins þegar kringumstæðurnar banna að fá slíkt samþykki, má vitavörður greiða slík gjöld eptir beztu vitund; en tafarlaust skal hann gefa landshöfðingja skýrslu um það.

7. gr.

Vitavörður semur á hverju ári peningareikning yfir tekjur og gjöld vitans og annan reikning eða skilagrein fyrir áhöldum hans og birgðum samkvæmt fyrirmyndum þeim, sem honum verða fengnar. Báðir reikningarnir skulu ná til 31. desbr. ár hvert og sendast landshöfðingja sem fyrst eptir þann dag. Ennfremur ber að senda 15. marz árs hvers skýrslu um birgðir vitans við útgöngu febrúarmánaðar. Sýni það sig, að eitt eða fleira af því, er nota þarf, muni ganga upp áður, en búast megi við nýjum birgðum ber að skýra landshöfðingja frá þessu í tæka tíð.

Allir peningar og birgðir skulu undir eins og þeim er veitt viðtaka ritaðar tekjumegin í viðkomandi reikning og skal peningaforðinn geymdur í kassa þeim, er fylgir vitanum.

8. gr.

Vitavörðurinn heldur dagbók, er löggilt skal af landshöfðingja og skal í hana rita fyrir hverja nótt um sig skýrslur þær, er heimtaðar eru í hinum einstöku dálkum

174 bókarinnar og ber að nota tölur þær, er skýringar eru um í bókinni. Í athugasemda-
14. nóvbr. dálkinum skal getið allra afbrigða við laga vitans, svo og ef skipbrot skyldi bera að höndum og fleira þess háttar. Ef eitthvað ber við, sem hefir mjög mikla þýðingu t. d., ef að slokknar á vitanum eða ljóskerin eða húsin skemmast mjög mikið, ber einnig að rita skýrslu þar um í dagbókinni, og skal jafnframt tafarlaust skýra landshöfðingja frá því.

9. gr.

Vitavörðurinn hefir ábyrgð á umsjóninni með vitanum, húsunum, er honum fylgja, brunnnum, vegum, girðingum o. fl.

Hann sjer um að öllu því, er vitanum tilheyrir, sje haldið í því ástandi, sem hann tók við því í, og að engin breyting sje gjörð á húsum eða herbergjum án þess að landshöfðingi eða eptirlitsmaður sá, er hann skipar, gefi þar til samþykki sitt.

Hann gætir þess, að öll áhöld vitans sjeu notuð á rjettan hátt, og að þau síðan sjeu látin á stað þann, er ætlaður er hverjum hlut út af fyrir sig, að sparsemi sje höfð á olíu, kveykjum og öðru efni, þó ber að hafa gát á, að ekkert sje sparað til að vitinn beri sem bezta birtu. Hann tiltekur daglega það, er með þarf við vitann, mælir olíuna, en verður þó að gæta þess, að hafa ekki óbyrgt ljós eða eld í nánd við olíukerin.

Ef einhverjum hlut er breytt, eða eitthvað útvegað, eða hætt er við að nota eitthvað, ber að gjöra nauðsynlega athugasemd um það í áhalda reikningnum.

10. gr.

Hálfri klukkustundu fyrir sólsetur, ber vitaverði og aðstoðarmanni hans að vera til staðar við vitann, til þess samkvæmt starfsreglugjörðinni að undirbúa allt, til þess að kveykja vitann.

Byrjað skal að kveykja svo snemma, að vitinn sje klukkustund eptir sólsetur með fullri birtu og á að halda henni við þangað til 45 mínútum fyrir sólaruppkomu.

11. gr.

Maður sá, sem vakir við vitann, skal halda stöðugan og gaumgæfinn vörð og má ekki yfirgefa vörðinn fyrr en annar tekur við af honum við varðskipti. Vitavörður hefir ábyrgð bæði á verði sínum og á verði aðstoðarmanns þess, er hann hefir ráðið.

12. gr.

45 mínútum fyrir sólaruppkomu skal lokað fyrir oliustrauinn að brennivjelinni. 30 mínútum fyrir sólaruppkomu skal algjörlega slökkt á vitanum.

Stundir þær, er sólin kemur upp og rennur, finnast eptir stundaklukkan, sem sett er eptirsólinni þar á staðnum og með tilliti til almanaks þess, er reiknað hefir verið eptir afstöðu Reykjavíkur.

13. gr.

Undir eins og kveykt er á vitanum, við varðskipti hvert og undir eins og slökkt er, ritar vitavörður í dagbók þá, sem getið er í 8. gr., og sem geymd skal í varðherberginu, allar skýringar þær, er getur um í nefndri grein.

14. gr.

Að minnsta kosti innan tveggja klukkustunda frá því slökkt er á vitanum, skal byrjað á dagvinnunni sem hjer segir:

- A. Spegjana svo og lampana með glerpípunum skal hreinsa og fægja. Lamparnir skulu fylltir með olfu, skarið tekið af kveykjunum eða nýjir látnir í, ryk sópað af hinum áhöldunum, og skal allt, sem heyrir vitanum til, undirbúið á sem fullkomnastan hátt undir kveykingu vitans um kvöldið. 174
14. nóvbr.
- B. Ljóserskrúðurnar, svo og áhöld þau, er brúkuð eru, skulu hreinsuð. Ljósersherbergið og hin herbergin, stiginn upp vitann, tröppur, gluggar, o. s. frv. skulu sömuleiðis hreinsaðir og þar að auki þvegnir hvern laugardag eða optar ef nauðsynlegt er.

15. gr.

Frá því að dagvinnunni eftir álitu vitavarðar er lokið á fullnægjandi hátt og þangað til ½ klukkustundu fyrir sólsetur (10. gr.) er það undir almennum kringumstæðum ekki nauðsynlegt, að fleiri en annar vitagæzlumaðurinn sjeu til staðar til að hafa umsjón með vitanum. Ef að vitavörðurinn yfirgefur vitabygginguna á þessu tímabili skal hann skýra aðstoðarmanni sínum frá því. Burtför um lengri tíma má ekki eiga sjer stað nema með skriflegu leyfi landshöfðingja; en ekki má búast við, að það verði veitt, nema sannað verði, að gæzlan á vitanum bíði ekkert tjón við það.

16. gr.

Ef skipbrot skyldi eiga sjer stað, er það skylda vitavarðar næst því að veita skipbrotsmönnum alla mögulega hjálp, að leita skýrslu um, hvort vitinn hafi sjest frá skipinu, og ef svo er, hve löngum tíma, áður en strandið bar að hendi.

Skýrslur þær, er hann fær þar um og það annað, er hann frjettir um orsakirnar til strandsins og hin nánari atvik við það ber að rita í vitabókina og tafarlaust tilkynna það landshöfðingja.

17. gr.

Vitavörður má leyfa mönnum er skýra frá nöfnum sínum og heimilum, og sem ekki er ástæða til að gruna um neina ósiðsemi, að skoða vitabygginguna. Skal þeim sýnd öll kurteisi og viðfeldni. Ekki má leyfa óviðkomandi mönnum að skoða vitann, meðan logar á honum, eða á þeim tíma dagsins, er varðmennirnir starfa að honum eða því, er honum fylgir, samkvæmt 14. gr. Í vitaturninum skal óviðkomandi mönnum ætíð fylgt af vitaverði, sem ber ábyrgð fyrir sjerhverri skemmd, er af þeirra völdum kynni að orsakast.

18. gr.

Verði vitavörðurinn brotlegur með tilliti til aðalábyrgðar þeirrar, er á honum hvílir (2. og 9. gr.) mun honum eftir ákvörðun landshöfðingja annaðhvort úrskurðuð peningasekt eða vikið frá vitapjónustunni eftir málavöxtum, eða mál mun verða höfðað á hendur honum. Þar að auki ber honum í hverju einstöku tilfelli að borga skaða þann, er kynni að hafa hlotizt af yfirsjón hans eða vanrækt á skyldum sínum.

Fyrir sjerhvert annað brot á ákvörðunum þeim eða sjerstökum fyrirskipunum, er gilda um vitabygginguna skal vitaverðinum hegt sömuleiðis eftir ákvörðun landshöfðingja, annað hvort með því að dregið verða af launum hans, eða að honum verði vikið frá um stundarsakir eða að öllu leyti.

Landshöfðinginn yfir Íslandi, Reykjavík 14. nóvbr. 1878.

Hilmar Finsen.

Jón Jónsson.

175
29. nóvbr.

Reglur

til leiðbeiningar við virðingargjörð á fasteignum, er ætlað er til að verði veðsettar fyrir lánum úr viðlagasjóði.

1.

Áður en virðingargjörðin fer fram, ber beiðanda að útvega og afhenda virðing-armönnum:

1. Vottorð hlutaðeigandi sýslumanns eða bæjarfógeta um eignarheimild eigandans og veðbönd þau, er á eigninni hvíla, og ber að svo miklu leyti, sem mögulegt er, að taka fram í þessu vottorði, hvað jörðin síðast hafi verið seld fyrir.

2. Skirteini um brunabótaandvirði húsa þeirra, er á eigninni eru byggð, sje nokkurt þeirra tryggt til brunabóta.

3. eptirrit eptir síðustu úttektargjörð á eigninni, ef til er.

2.

Skoðunar og virðingargjörðin miðar til þess að finna það andvirði eignarinnar, er selja má hana sanngjarnlega fyrir eptir gæðum hennar og algengu verðlagi (sbr. 8. gr. tilsk. 18. febrúar 1847 og 3. gr. tilsk. 27. maí 1848); en svo að sjeð verði, á hverju virðingarmennirnir byggja mat sitt, ber þeim

1. að kynna sjer og lýsa eigninni allri og hlunnindum, er henni fylgja og byrðum þeim, er á henni hvíla;

2. að reikna út tekjur þær, er ætla má, að fáist af eigninni og gjöld þau, er á henni hvíla.

3.

Lýsingin á eign þeirri, er virða ber, á að innihalda skýrslu um hvert það atvik, er getur verkað á andvirði eignarinnar. Ber því að skýra frá:

a, afstöðu eignarinnar. Um *jarðeign*, á að taka fram, í hvaða dal, vík, firði, hreppi, sýslu hún sje, hve langt sje til næsta kaups, og hvernig vegurinn þangað sje, hvort land jarðarinnar að öllu eða nokkru leyti liggir undir skemmdum af völdum náttúrunnar (skriðum, sandfoki, sjáfarágangi o. fl.).

Sje það *húseign*, sem á að meta, ber að skýra frá, hvernig hún liggur við kaupskap, handiðnum, sjáfarútveg o. s. frv., og ber að tilgreina það stræti eða svæði í viðkomandi verzlunarstað, er hún liggur við.

b, ásigkomulag eignarinnar. Í lýsingu á *jörð* ber fyrst að skýra frá dýrleika hennar bæði að fornu og nýju mati, þá skal geta um landamerki hennar. Enn fremur ber að lýsa húsum jarðarinnar, heygörðum- og tóptum, byggingarlagi sjerhvers húss, ástandi viða, þaks, og veggja, o. s. frv. Kálgörðum þeim, sem á jörðinni eru, skal lýsa, tölu þeirra og stærð, túngörðum, tröðum, vörslugörðum, kvíum, rjettum, brúm og öðrum mannvirkjum; svo ber og að geta um rækt þá, sem tún og engjar eru í, hvort færivíar sjeu hafðar, hvort bæjarfor sje byggð eða áburðurinn á annan hátt drýgður, hvort mótak sje í landinu og hvort það sje notað, að hve miklu leytitún sje sljett eða þýft, vatnsveitinga skurðir sjeu í eingjunum, hve margir hestar fáist í meðalári af töðu og hve margir af útheyi, og hve mikið fólks og hesta hald bóndinn þurfi að hafa til þess að ná þessum heyjum í meðalári. Loksins skal lýsa afrjett, úthögum, skógum og fjalldrapa eða hrísi, selalátrum, æðarvarpi og eggveri, þar sem slíkt á sjer stað, reka, sjáfarútvegi o. s. frv.

Kúgildi þau, er fylgja jörðinni, ber að telja, og ber þar að auki að skýra frá því,

hver fjenaður nú sje hafður á jörðinni auk innistöðukúgildanna, bæði nautgripir, hestar og sauðkindur, og hvort þetta sje meira eða minna, en virðingarmenn ætla, að jörðin geti borið eptir þeirri rækt, sem hún nú er í. 175
29. nóvbr.

Sje það hús eign, sem virða á, ber að tilgreina hin einstöku hús, er eigninni fylgja, og ástand þeirra. Hverju húsi á að lýsa sjer, tilgreina hve langt það sje og breitt, hvort það sje ein- eða tvíloftað, hvort kjallari sje undir því, hve nær það sje byggt, og úr hverju það sje byggt, hvernig þakið sje á því, hve mörg herbergin, stofurnar eða klefarnir sjeu í því, og hvernig þau sjeu útbúin, hve margar eldavjelar og ofnar fylgi því, og til hvers húsið sje haft, og ef það er íbúðarhús, hvort fleiri en ein fjölskylda búi í því, hvort húsið sje tryggt til brunabóta og fyrir hve miklu. Loksins verður að lýsa lóð þeirri, er fylgir húseigninni, kálgarði, túni, stakkstæði, porti eða hlaði, uppskipunarbrú og hverju öðru, er henni fylgir.

4.

Reikningur á tekjum þeim, er hafa má af jarðeign og gjöldum þeim, er fylgja búskapnum á henni, má falla burt, ef sá, sem beiðist gjörðarinnar, óskar að virðingarmennirnir að eins athugi, hvort andvirði hennar sje ekki að minnsta kosti 20falt afgangi það, er gelst af henni, sje hún leigð út, eða er virðingarmennirnir meta, að hún væri sanngjarnlega leigð fyrir, búi eigandi sjálfur á henni.

Ber þá virðingarmönnum að skýra frá landskuld þeirri og leigum, er goldnar eru af jörðinni, og peningaverði þeirra, og að athuguðu öllu ásigkomulagi jarðarinnar, eins og þeir hafa lýst því, að láta í ljósi álit sitt um, hvort leigumáli þessi sje sanngjarn eptir ágóða þeim, er hafa má af jörðinni, og eptir því, sem aðrar álíkar jarðir eru leigðar þar í sveit, en búi eigandi sjálfur á jörðinni, meta virðingarmenn leigumálann að öllu leyti. Greiði ekki leiguliðinn öll gjöld, er hvíla á jörðinni, ber að draga þau frá afganginu, áður en það er margfaldað með 20.

Nú vill beiðandinn ekki láta byggja virðinguna á afgangi því, er virðingarmenn meta sanngjarnt, og geta þá virðingarmennirnir ekki skorast undan að semja ítarlegan reikning yfir tekjur og gjöld jarðarinnar. Skal þá hafa hliðsjón af skýrslum þeim, er beiðandi, eða sá, sem býr á jörðinni, lætur virðingarmönnum í tje um tekjur þær, er hann hefir af jörðinni, og það, sem hann kostar til þess að ná því, er jörðin gefur af sjer og koma því í peninga; en ekki mega virðingarmenn ganga eingöngu eptir því, heldur ber þeim að athuga, hvernig tekjurnar og gjöldin yrði, ef jörðin væri notuð, eins og ráð má gjöra fyrir, að hver hygginn búmaður gæti notað hana.

Ber þeim þá að ætla á, hve margar skepnur bóndinn myndi geta haldið á jörðinni auk kúgildanna, og hve margra manna hann myndi þurfa með í viðbót við sjálfan sig, til þess að heya fyrir þeim skepnum, er jörðin framfleytir, og vinna jörðina upp að öllu leyti. Þá reiknast það, sem búið gefur af sjer árlega, svo sem

a, mjólk (af kúm og ám),

b, ull,

c, sauðir og aðrar kindur, er lóga má frá búinu,

d, tryppi og úngneyti,

e, hris, mór, viðarkol, ef kostur er á að selja slíkt frá jörðinni, henni að skaðlausu,

f, tekjur af æðarvarpi, eggveri, eða öðrum slíkum hlunnindum,

g, meðalhlutir eptir vermenn þá, er ætla má á, að gjörðir verði út frá jörðinni.

Frá hverri tekjugrein um sig telst það, sem ætlað er á, að gangi með til heimilisins, þ. e. til fæðis og klæðis bóndanum, fjölskyldu hans, og hjúum þeim, sem þarf til

Hinn 31. desember 1878.

175 að gegna búinu, og verður þar eptir að reikna út, hvað megi ætla, að fengist árlega í peningum, fyrir það, sem afgangs yrði af hverri af hinum nefndu tekjugreinum um sig, og ber þá í stað mjólkurinnar að telja smjer það, ost og skyr, er ætlað er, að selja megi frá jörðinni.

29. nóvbr

Þegar þannig eru fundnar allar tekjur þær, er hafa má af búinu, á að reikna út gjöld þau, er á því hvíla, þannig að metið sje:

a, Andvirði fjenadar þess, er ætla má, að ábúandinn hafi á jörðinni auk innstæðu-peningsins, og á að telja sem árlegt gjald, er hvílir á búinu, 6% vexti af fje þessu.

b, Hinn eiginlegi búkostnaður, og teljast þar með hæfileg verkalaun bóndans og konu hans, að svo miklu leyti þau álitast ekki úttekin í framfæri því á þeim sjálfum og ó-mögum þeirra, er jörðin veitir þeim, laun hjúa þeirra, er nauðsynleg eru á jörðinni og kaupamanna, enn fremur allt það er nauðsynlegt er að taka út í kaupstað eða kaupa annarstaðar að, til þess að halda við búinu á viðunanlegan hátt, þar á meðal yngja upp hús jarðarinnar, og loksins ber að bæta við tilkostnaðinn 10% af öllum kostnaðinum, til þess að mæta óvissum gjöldum.

c, Skatt til landssjóðs, tíund til prests, kirkju og fátækra, amts, sýslu og hrepps-gjald, og önnur gjöld að svo miklu leyti, sem þau hvíla á búinu, og þeim ekki er jafnað niður eptir efnum og ástandi.

Reikningurinn yfir tekjur og gjöld af húseign er gjörður á þann hátt, að ætlað er á, hver leiga geti sanngjarnlega fengizt af henni, með tilliti til atvinnu þeirrar, er sá eða þeir, er búa í húsunum, geti haft þar á staðnum og leigu þeirrar, er almennt er goldin af líkum húseignum. Ef eigandi notar ekki sjálfur húseignina, en leigir hana út að nokkru eða öllu leyti, ber að tilgreina leigu þá, er honum nú gelzt, og má þá ekki virða leiguna af eigninni meir en þessa leigu, er í rauninni gelzt af henni, þar á móti er sjálfsagt virðingarmönnunum innanhandar að virða leiguna minna, ef þeim virðist leiga sú, er eigandinn hefir af eigninni, ósanngjarnlega há.

Meðal gjalda skal fyrst meta hina árlegu viðgerð að húsinu og öðrum mannvirkjum á lóðinni og fyrningu þeirra, þar næst skal tilgreina brunabóttagjald húsanna, og loksins gjöld þau, er hvíla á þeim til almennings sjóða (húsaskatt, kirkjutíund, lóðar-toll o. s. frv.).

Þegar búíð er að virða tekjur og gjöld einhverrar eignar, ber að draga hin síð-arnefndu frá hinum fyrnefndu, og það, sem þá kemur út, er tekjuafgangurinn.

5.

Virðinguna á eigninni, eins og hún mundi ganga kaupum og solum, eiga virðing-armennirnir að framkvæma með hliðsjón af tekjuafganginum eða jarðaaufgjaldinu svo sam-vizkusamlega og rökilega, sem þeim framast er unt, og þannig að þeir geti staðfest virð-inguna með eidi, ef krafizt verður. Í sambandi hjer við verður að skýra frá, hve nær eignin hafi síðast gengið kaupum og solum, og hvað hún þá hafi verið seld fyrir. Sje virðingarverð það, sem matsmenn ákveða, meira en eignin seldist, ber að skýra frá á-stæðum virðingarmanna til þess (hvort jörðin hafi tekið bótum, síðan hún var seld o. s. frv.).

6.

Sýslumenn og bæjarfógetar skulu hafa nákvæmar gætur á því, að virðingarmenn þeir, er þeir kveðja til þess að virða fasteign, sjeu ekki skyldir eða tengdir þeim, er eignina á, eður þeim, er óskar að veðsetja eignina, eins og systkinabörn eða nán-

ara. Einnig ber þeim að gæta þess, að byggingarfróðir menn virði húseignir, og að virðingarmenn á jörðum sjeu góðir og greindir búmenn. Best virðist fara á því, að hreppstjórar eða úttektarmenn verði kvaddir til þess að virða jarðeignir, sjeu ekki tengdir eða skyldleiki því til fyrirstöðu. En sýslumaður er ekki bundinn við hreppstjóra eða úttektarmenn. Það er jafnvel ekkert því til fyrirstöðu, að hann skipi utansveitar- eða utan hjeraðsmenn til þess að framkvæma virðinguna, ef þeir fást til þess, og verða að álitast eins kunnugir búnaðarháttum í viðkomandi sveit eða hjeraði og innansveitar- eða hjeraðsmenn.

7.

Þegar virðingargjörðin er um garð gengin og rituð, skulu virðingarmennirnir bæta við hana yfirlýsingu um, að þeir sjeu fúsir á að staðfesta hana með eidi, ef krafizt verður. Ef hreppstjóri eða úttektarmaður tekur þátt í virðingunni, ber honum þar að auki að skírskota til eids þess, er hann hefir unnið sem hreppstjóri eða úttektarmaður. Þar eptir dagsetja þeir gjörðina, rita nöfn sín undir hana, og senda hana sýslumanni, er fer nákvæmlega yfir hana og ritar á hana athugasemdir sínar.

Landshöfðinginn yfir Íslandi, Reykjavík, 29. nóv. 1878.

Hilmar Finsen.

Jón Jónsson.

— *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu um innheimtingu vitagjalds.* — Jafnframt því að leiða þóknanlegt athygli yðar, herra amtmaður, að auglýsingu þeirri um, að vitinn á Reykjanesi komi í fullt gagn 1. desember, er prentuð er í stjórnartíðindunum B 1878 — 155, og að lög um vitagjald af skipum, dagsett 12. apríl 1878 nái gildi frá sama degi, vil jeg þjónustusamlega skora á yður að leggja fyrir hlutaðeigandi lögreglustjóra (bæjarfógeta og sýslumenn) að heimta inn gjald þetta frá nefndum degi með öðrum skipagjöldum, og að rita það í sjerstakan dálk, er gjöra skal í hinni löggiltu aukatekjubók á eptir þeim dálki, sem ritað er yfir: «Erfðafjárskattur», og skal síðan gjöra grein fyrir vitagjaldinu, samkvæmt fyrirmælum reglugjörðar 26. maí þ. á.

Þar að auki ber hlutaðeigandi reikningshöldurum í janúarmánuði ár hvert að senda amtmanni áleiðis til landshöfðingja skrá um öll skip þau, er gjöld hafa verið heimtuð af, og skal skrá þessi innihalda hinar nauðsynlegu skýringar um nöfn skipanna, hvar þau eigi heima, hve mikið þau beri, hve nær þau hafi komið á viðkomandi höfn, hve nær greitt gjaldið, og hve mikil upphæð þess hafi verið.

— *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu um skil fyrir aukatekjum.* — Með brjefi frá 10. október þ. á. hafið þjer, herra amtmaður, sent mjer brjef sýslumannsins í Árnessýslu, þar sem hann setur fram nokkrar spurningar, viðvíkjandi reglugjörð 25. maí þ. á. um innheimtingu og reikningsskil á aukatekjum o. fl. og látið þjer í ljósi um þær það álit,

1. að hagfelldast sje að reikna tímabil það, er getur um í 5. grein reglugjörðarinnar þannig, að hinn fyrsti ársfjórðungur, sem reikningsskil eiga að gjörast fyrir, teljist til 30. september, og síðan sje farið eptir almanaksárinu.

175

29. nóv.

176

29. nóv.

177

4. desbr.

177 2. að gjöld þau, er getur um í næst síðasta dálki fyrirmyndarinnar við reglugjörð-
4. desbr. ina, eigi ekki að greiðast í landssjóð, og

3. að þar sem gjaldheimtumenn eru skyldir að gjöra grein fyrir aukatekjum og gjöldum þeim, er til falla á hverjum ársfjórðungi með næsta pósti þar á eptir, geti þeir því að eins tekið gjöldin undir sjálfum sjer upp í laun sín, að launin sjeu komin í gjalddaga, og beri þeim þá að senda landfógeta í stað peninga kvittun fyrir laununum.

Fyrir því vil jeg tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeiganda, að jeg fellst á það, sem þjer þannig hafði tekið fram.

178 — *Brjef landshöfðingja til sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu um húsa-*
10. desbr. *skatt af torfbœjum.* — Út af fyrirspurn hreppstjórans í Akraneshreppi, er jeg með-
tók með brjefi yðar, herra sýslumaður frá 15. f. m. vil jeg tjá yður til þóknanlegrar
leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeiganda, að torfbœjir eru skattskyldir eigi síður en
önnur hús, samkvæmt lögum 14. desember f. á. og að virða skal með hverri húseign
geymsluhús þau, skemmur, hjalla og smiðjur, er henni fylgja. Ofnar, eldunarvjarlar, rúm í
svefnhúsum, smiðjubelgir, stéðjar og önnur slík áhöld verða þar á móti því að eins talin
með húseign, að þau sjeu múruð inn í húsið, eða fest við það á þann hátt, að það sje
ljóst, að ætlast hafi verið til, að þau fylgdu húsinu, meðan það væri notað.

179 — *Brjef landshöfðingja til stiptyfirvaldanna um viðgjörð við dómkirkjuna.*
16. desbr. — Eptir að jeg samkvæmt brjefi ráðgjafans frá 15. ágúst þ. á. (Stjórnartíð. B, 128) hefi
gjört samning við Jakob trjesmið Sveinsson um að hann takist á hendur viðgjörð við
Reykjavíkur dómkirkju árið 1879, þannig að verkið á að byrja svo snemma að vorinu,
sem tíð og veðurlag leyfa, og vera leitt til lykta, að minnsta kosti svo, að messað verði
í kirkjunni, fyrir veturnætur 1879, vil jeg hjer með þjónustusamlega mælast til þess, að
stiptyfirvöldin vildu þóknanlega gjöra nauðsynlega ráðstöfun til þess:

1. að útvegað sje hæfilegt húsnæði til guðsþjónustugjörðar, meðan á verkinu stendur og
dómkirkjan ekki verður notuð til þess, eptir því sem að ofan er ávikið, eða frá 1.
apríl til veturnótta 1879.
2. að stiptybókasafnið og forngripasafnið, sem og hvað helzt annað, sem kynni að vera
geymt á kirkjuloptinu, og sem gæti hindrað viðgjörðina, sje flutt burt þaðan fyrir
lok marzmánadar, og er það áskilið í samningnum, að þetta sje gjört, án þess yfir-
smiðurinn kosti nokkru þar til.

180 — *Brjef landshöfðingja til stiptyfirvaldanna um kirkjulegt tímarit.* — Eptir
20. desbr. að jeg með þóknanlegu brjefi frá 23. f. m. hefi meðtekið álit stiptyfirvaldanna um
beiðni dómkirkjuprests sira Hallgríms Sveinssonar, að sjer verði veittur 250 til 300 kr.
árlegur styrkur til að kosta kirkjulegt tímarit, sem þeir prófastur sira Þórarinn Böðvarsson
ætla sjer að gefa út eptir áskorun prestafundarins (synodus) og kalla: «Kirkjutíðindi fyrir
Ísland», og sem ætlast er til, að komi út 4 sinnum á ári, hjer um bil 3 arkir í hverju
hepti, hefi jeg af upphæð þeirri, sem í 15. gr. fjárlaganna fyrir 1878 og 1879 er ætluð
til eflingar visindalegra og verklegra fyrirtækja, veitt sem styrk í tjeðu tilefni 100 kr.
fyrir það tvöfalda hepti, sem til er ætlast, að komi út fyrir þetta ár. og 200 kr. fyrir árið

1879. Með því þar að auki, að hið áminnzta tvöfalda hepti fyrir árið 1878 á að innihalda nefndarálit brauðamats og kirkjumála nefndarinnar með tilheyrandi frumvörpum, er jeg fús á enn fremur að veita útgeföndunum 50 kr. styrk fyrir þetta hepti með því skilyrði, að jeg fái af því 70 expl. kauplaust. 180
20. desbr.

Þetta læt jeg eigi undanfalla þjónustusamlega að tjá stiptsyfirvöldunum til þókn-anlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeigöndum.

Reikningar

um árið 1878.

Styrktarsjóður handa þeim, er biða tjón af jarðeldi. 181

Tekjur.	Kr. a.	Kr. a.
Samkvæmt reikningi frá gjaldkera samskotanefndarinnar í Kaupmannahöfn á sjóðurinn:		
a. innritunarskírteini G fol. 626	16500	»
b. konunglegt skuldabréf L. 15496 að upphæð 500 rd.	1000	»
c. í peningum		99 35
Frá sýslunefndinni í Norður-Múlasýslu hefi jeg meðtekið með brjefum 2. okt. f. á. og 13. júlí þ. á.		2184 25
Vextir af skuldabréfum L. 5606 og N. 1282 áfallnir 11. júní og 11. desbr. þ. á.		48 »
Vextir af skuldabréfum L. 15496, C. 2622, F. 4290 áfallnir 11. þ. m.		44 »
		2375 60
Gjöld.	Kr. a.	Kr. a.
Keypt konungleg skuldabréf L. 5606, N. 1282, F. 4290 og C. 2622 samtals hljóðandi upp á	2400	» 2162 72
Póstburðargjald		12 30
Sparisjóðsbók Nr. 986		» 30
Eptirstöðvar: Í konunglegum skuldabréfum og innritunarskírteini	17500	»
Í sparisjóði	200 28	200 28
Eptirstöðvar alls	20100 28	
		2375 60

Landshöfðinginn yfir Íslandi, Reykjavík 31. desember 1878

Hilmar Finsen.

Jón Jónsson.

Ágrip

af reikningum nokkurra sjóða, sem eru undir stjórn biskups.

I.

Prestaekknasjóðurinn.

182

Tekjur.

1. Sjóður við árslok 1877	13439 kr. 91 a.
	Flyt 13439 kr. 31 a.

			Fluttar	13439 kr. 31 a.
2.	Árstillög og gjafir:			
	a. Prófasta og presta ¹	117 kr. 88 a.		
	b. Biskups	20 — » -	137 — 88 -	
3.	Innkomið fyrir bækur:			
	a. «Blómsturkørfur»	6 — » -		
	b. Frá biskupi fyrir «Nýtt smásögusafn»	200 — » -		
	c. Frá sama fyrir «Smásögur 1876» (enn fremur)	10 — » -	216 — » -	
4.	Goldin innstæða af gjafarbrjefi Jóns sál. Guðmundssonar og konu hans Hólmsfríðar Þorvaldsdóttur:			
	a. Í peningum	126 — 31 -		
	b. Í verzlunarhlutabryjefi	50 — » -	176 — 31 -	
5.	Vextir á árinu 1878:			
	a. Inn komnir:			
	α, af veðskuldabryjefum	380 kr. 30 a.		
	β, — ríkisskuldabryjefum	64 — » -		
	γ, — innstæðu í sparisjóði	28 — 85 -	473 — 15 -	
	b. Útistandandi:			
	α, af 2 veðskuldabryjefum	40 — » -		
	β, — gjafabryjefi Jóns Ingvaldssonar fyrir ár 1878	4 — » -	44 — » -	517 — 15 -
			Samtals	14487 — 25 -

Athugasgr. Innstæða og áður áfallnir vextir þessa gjafabryjefs felast í tekjulíð 1.

Gjöld:

1.	Úthlutað á synodus	300 kr. » a.
2.	Innstæðan af gjafabryjefi Jóns Guðmundssonar og konu hans var í fyrra árs reikningi með áföllnum vöxtum talin	216 kr.,
	en við uppgerð búans gat hún eigi orðið nema	176 — 31 e.,
	Mismunurinn 39 kr. 69 a. verður tap sjóðsins og færist til útgjalda	39 — 69 -
		Fluttar 339 kr. 69 a.

1) Sira Hallgrímur Sveinsson	12kr.		Fluttar 63kr.
— Gunnar Ólafsson	6 —	Sira Jón Thórarensen	12 —
— Jón Reykjalín	2 —	— Vigfús Sigurðsson	6 —
— Jón Þorsteinsson	6 —	— Guttormur Vigfússon	2 —
— Benidikt Kristjánsson á Grenjaðarst.	2 —	— Jón Bjarnarson	4 —
— Benidikt Kristjánsson á Múla	6 —	— Páll Ingimundarson	2 —
— Stefán Þorvaldsson (gjöf)	10 —	— Danfel Halldórsson	4 —
— Sigurður Gunnarsson á Hallormsstað	8 —	— Sæmundur Jónsson	4 —
— Þorsteinn Þórarinsson	2 —	— Stefán Stephensen	4 —
— Guttormur Guttormsson	2 —	— Valdimar Briem	2 —
— Jón Austmann	4 —	— Jón Högnason	2 —
— Hjörleifur Guttormsson	2 —	— Jóhann Briem	2 —
— Páll Jónsson	2 —	— Jón Jónsson	4 —
— Tómas Bjarnarson	2 —	— Eggert Sigfússon	2 —
— Arnljótur Ólafsson	1 —	— Magnús Jóseppson	2 — 88 a.
	Flyt 63 —		Samtals 117 — 88 a.

Fluttar 339 kr 69a. **182**

3. Sjóður við árslok 1878:

a. Ríkisskuldabryf	1600 kr. » a.	
b. Veðskuldabryf	11265 — » -	
c. Móti tekjulið 4. a—b færast til jafnaðar	176 — 31 -	
d. α, ógoldin innstæða af gjafabryfi Jóns Ingvalds-sonar	100 kr.	
β, ógoldnir vextir af þeim 100 kr. frá $1\frac{1}{6}$ 63 til $1\frac{1}{6}$ 78 (í 15 ár 4%)	60 —	
γ, ógoldnir vextir af öðrum 100 kr. frá $1\frac{1}{6}$ 63 til $1\frac{1}{6}$ 65 (í 2 ár 4%)	8 —	168 — » -
e. Móti tekjulið 5—b α færast til jafnaðar	40 — » -	
f. Í sparisiði Reykjavíkur	845 — 72 -	
g. Í verzlunarhlutabryfi	50 — » -	
h. Í peningum	2 — 53 -	14147 — 56 -
	Samtals	14487 — 25 -

II.

Guttormsgjöf.

183

Tekjur.

1. Sjóður við árslok 1877	1572 kr. 29 a.
2. Vextir á árinu 1878	61 — 45 -
	Samtals 1633 — 74 -

Gjöld:

Sjóður við árslok 1878:

1. Ríkisskuldabryf	836 kr. 27 a.
2. Veðskuldabryf	700 — » -
3. Peningar	97 — 47 -
	Samtals 1633 — 74 -

III.

Sjóður af árgjöldum brauða.

184

Tekjur.

1. Sjóður við árslok 1877	2069 kr. 24 a.
2. Vextir á árinu 1878	82 — 40 -
	Samtals 2151 — 64 -

Gjöld.

1. Úthlutað á synodus	82 kr. 40 -
2. Sjóður við árslok 1878:	
a. Ríkisskuldabryf	200 kr. » a.
b. Veðskuldabryf	1860 — » -
c. Peningar	9 — 24 -
	2069 — 24 -
	Samtals 2151 — 64 -

Sjóður fátækra ekkna í Norðurlandi, einkum í Hegranesþingi.
Tekjur.

1. Sjóður við árslok 1877	,	1603 kr. 70 a.
2. Vextir á árinu 1878	63 — 4-
		Samtals 1666 — 74-

Gjöld.

1. Úthlutað 2 ekkjum í Skagafirði	60 kr. » a.
2. Sjóður við árslok 1878:		
a. Ríkisskuldabryf	276 kr. » a.
b. Veðskuldabryf	1300 — » -
c. Peningar	30 — 74-1606 — 74-
		Samtals 1666 — 74-

Skrifstofu biskups, Reykjavík 31. desember 1878,

P. Pjetursson.

KONSÚLL SKIPAÐUR.

Með því að Niljóníus faktor Zimsen hefir verið skipaður konsúlaragent hins frakkneska þjóðveldis, hefir hans hátign konunginum þóknazt 5. október þ. á. að játa og samþykkja þetta embætti hans, þannig að hann njóti forgangsrettinda þeirra og undanþágna, er bera konsúlaragentum útlendra ríkja.

Stjórnartíðindin, báðar deildir, A og B má panta á ritstofu landshöfðingja og öllum póststöðvum á landinu. Borgun fyrir þau er 1 kr. 66 a. um ár það, sem er að líða, þá er þau eru keypt, og verður að greiða hana fyrirfram, um leið og þau eru pöntuð. Um undanfarin ár eru stjórnartíðindin eigi til öðruvísi en hept, og kosta 1 kr. 90 a. árgangurinn, nema sá um árið 1874; hann kostar ekki nema 95 a.aura.

Stjórnartíðindin eru send þeim, sem óskja þeirra með póstum. Sje eitthvað áfátt við sendinguna, ber annaðhvort viðtakanda sjálfum eða hlutaðeigandi póstmanni samkv. 23. gr. auglýsingar 3. maí 1872, með næsta pósti eptir, að sendingin kom, að skýra ritstofu landshöfðingja frá því, sem vantar. Embættismönnum og hreppsnefndaroddivitum er skylt að halda þeim stjórnartíðindum, er þeim eru send kauplaust, saman í góðri reglu, og munu þeir að öðrum kosti verða skyldaðir til að útvega tíðindin eptir á af nýju á eigin kostnað.

